

# Vestfirðir

Sumarið 2010



Ókeypis eintak





Listasafnið í Selárdal.

## Tjaldsvæði Ísafjarðarbæjar



info@vestfiridir.is



ÍSAFJARÐARBÆR

www.isafjordur.is

### Ísafjörður

- S: 864-8592
- Opið: 15. maí - 15. september

### Flateyri

- S: 450-8460
- Opið: 1. júní - 1. september

### Þingeyri

- S: 450-8470
- Opið: 1. júní - 15. september

### Dynjandi

- Gjaldfrjálst
- Opið: 1. júní - 1. september

Tjöldum í sumar

## Sögusýning um lífsverk Samúels

Í júní verður opnuð í kirkju Samúels Jónssonar að Brautarholti í Selárdal sögusýning um lífsverk „listamannsins með barnshjartað“ og verða þar mörg af hans listaverkum. Sívaxandi fjöldi ferðamanna hefur lagt leið sína í Selárdal undanfarin sumur og verður með sýningunni aukið við kynningu fyrir ferðamenn.

Félag um endurreisn listasafns Samúels stendur að sýningunni. Það hefur starfað frá 1998 og hefur myndhöggvarinn Gerhard König starfað undanfarin sumur að viðgerðum á listaverkum og byggingum Samúels á vegum félagsins. Hugmynd félagsins er að endurreisa hús Samúels í Brautarholti og að þar geti listamenn og áhugasamir gíst og haldið sýningar eða erindi í listaskálanum.



Úr kirkju Samúels í Selárdal.



Strákur og selur. Eitt af verkum Samúels í Selárdal.



Gistihúsið í Króknum.

## Nýtt gistihús á Patreksfirði

Gistihúsið í Króknum er gamalt norskt timburhús, eitt af elstu húsum Patreksfjarðar. Það lítur miklu betur út að innan en utan, enn sem komið er! Húsið stendur úti í Krók sem er við Strandgötu og þaðan er stutt í alla þjónustu.

Húsið er á tveimur hæðum með 6 herbergi og 14 rúm. Einnig eru í húsinu tvö baðherbergi, eldhús og stofa/borðstofa. Hægt er að panta svefnpokapláss eða uppabúin rúm. Einnig er hægt að leigja út allt húsið í einn dag eða til lengri tíma. Boðið er upp á morgunverð ef þess er óskað.

Upplýsingar í sínum 456 2111 og 899 6626 og á vefnum [www.krokurguesthouse.com](http://www.krokurguesthouse.com).



Canon

# Fangaðu heiminn með Canon

Hágæða Canon myndavélar fyrir allar aðstæður



Hvaða mynd sem er getur sýnt stað, manneskju eða viðburð. Frábær mynd segir sögu. Með Canon myndavélum eiga allir möguleika á að vera frábærir sögumenn. Taktu meira en myndir. Taktu sögur. Canon myndavélar fyrir allar aðstæður, hvort sem þú vilt taka fallegar landslags-, náttúruhlífis- og íþróttamyndir eða skemmtilegar fjölskyldumyndir. Einnig fyrir sundið, veiðina eða á skíðin.

**Kíktu á Canon EOS, IXUS og POWERSHOT myndavélar og finndu út hvaða vél hentar þér.**



#### Taktu Canon PowerShot D10 með í sundið, veiðina eða á skíðin

- Vatnsheld niður að 10m dýpi, högg-held (1.22m) og þolir allt að 10 stiga frost.
- 12.1 megapíxlar til að kroppa myndir og prenta út í plakat stærð.
- 3.0x aðdráttarlinsa með optical Image Stabilizer (hristivörn).
- 2.5" PureColor LCD II skjár. 2m varnargler verndar skjáinn fyrir sliti og fingraförum.



#### Notendavæn Ixus hönnun með Canon Ixus 95 IS

- 10.0 megapíxlar & þrjú litir í boði.
- 3.0x aðdráttarlinsa með optical Image Stabilizer (hristivörn).
- 2.5" PureColor LCD II.
- Face Detection tryggir frábærar andlitsmyndir.



#### Taktu ofur aðdráttarmyndir með Canon PowerShot SX200 IS

- 28mm gleiðlinsa með 12x optical aðdrætti.
- 12.1 megapíxlar til að kroppa myndir og prenta út í plakat stærð.
- 3.0" LCD skjár.
- Handvirkar stillingar auka tókumöguleika.



#### Segðu alla söguna með EOS 500D

- 15.1 megapíxla CMOS sensor.
- Full HD vídeóupptaka (1080p).
- ISO 3200 sem er útvíkanlegt upp í 12800 fyrir léleg birtuskilyrði.
- Fangar 3.4 ramma á sek. í samfelldri myndatöku.
- 3.0" 920.000 punkta LCD skjár með Live View Mode.
- Samhæfð við yfir 60 EF og EF-S linsur.

#### Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt

ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar / Reykjavík Sense Center, Kringlunni - Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - ELKO Lindum & Skeifunni - Beco, Langholti 84 - Myndval, Mjódd - Fotoval, Skipholti 50b / Akureyri Pedromyndir - A4 / Húsavík Bókaverslun Pórarins / Ísafjörður Bókahornid - Penninn / Sauðárkrúkur Tengill - Kaupfélag Skagfirðinga / Blönduós Kjalfell / Hvammstangi Ráðbarður / Grundarfjörður Hrannarúðin / Stykkishólmur Skipavík / Borgarnes Omnis / Akranes Omnis / Reykjanesbær Omnis / Selfoss TRS / Höfn í Hornafirði Martólvan / Neskaupstaður Tónspil / Egilsstaðir Myndsmiðjan / Vestmannaeyjar Foto - Tölvun / Netverslun Nýherja, www.netverslun.is



Dreifingaraðili **Canon** neytendavara

www.canon.nyherji.is





Breiðavík. Ljós: Sigurjón J. Sigurðsson.

# Breiðavík – kyrrðarstaður með fjölbreyttri þjónustu

Kirkjustaðurinn gamli Breiðavík er skammt frá Látrabjargi á syðsta útkjálka Vestfjarða, í hinum gamla Rauðasandshreppi, sem nú tilheyrir Vesturbýggð. Vestustu byggðirnar þar, sem snúa að opnu úthafinu, eru í þremur breiðum en stuttum vikum, Látravík (Hvallátrum), Breiðavík og Kollsvík, sem jafnan eru nefndar einu nafni Útvíkur.

Í Breiðavík reka hjónin Keran St. Ólason og Birna Mjöll Atladóttir ásamt börnum sínum myndarlegt bú, sem er blanda af ferðaþjónustu og sauðfjárbúskap. Síðasta áratuginn hafa þau aukið og bætt þjónustuna við ferðafólk jafnt og þétt. Núna er í Breiðavík annað stærsta gistihús/hótel á Vestfjörðum með 42 tveggja manna herbergjum, þar af

24 með baði. Boðið er upp á morgunverð, hádegisverð, miðdegiskaffi og kvöldverð, auk þess sem kaffi er alltaf frítt fyrir alla sem í Breiðavík koma. Þar er einnig rekinn vestasti bar í Evrópu.

Tjaldsvæði í Breiðavík er með aðstöðu eins og gerist best. Þar eru sturtur, eldhús fyrir þá sem vilja elda sjálfir, matsalur, þvottavél og þvottasnúrur. Fyrir húsbíla er rafmagn og stútur fyrir seyrulosun. Þráðlaust og hraðvirk internet er í Breiðavík. Hægt er að grilla í heimagerðum kolagrillum sem eru á svæðinu. Í Breiðavík verður opnuð verslun í sumar þar sem seldar verða helstu nauðsynjavörur, auk minjagripa og handverks.

Breiðavík telst mjög afskekkt í huga þeirra

sem þekkja einkum þéttbýlið. Þetta er staður fyrir þá sem vilja njóta náttúruferðar, kyrrðar og næðis frá ys borgarlífsins. Mikið er um að fólk komi og gisti í nokkra daga, annað hvort í tjöldum eða herbergjum. Flestir fara í lengri eða styttri gönguferðir og töluvert um að hópar séu trússaðir á milli staða. Þá er farið er með göngufólk að morgni og það sótt eftir langan göngudag að kveldi. Búendur í Breiðavík sjá um að trússa hópana og hafa m.a. til þess sautján manna rútu. Leiðsögn er í boði ef óskað er. Frá Breiðavík er örstutt út á Látrabjarg með allt sitt fuglalíf, útsýni og náttúruferð. Á vefnum [www.breidavik.is](http://www.breidavik.is) eru nánari upplýsingar um hina margvíslegu þjónustu ásamt verðskrá. Í sjálfri Breiðavíkinni er margt athyglisvert

að sjá. Vestast í vikinni, þar sem láglandið endar og mætir rötum Bjarnarúps, eru klettarnar með skútum og básum. Í brimi á vestan og norðan koma öldurnar æðandi af hafi og brotna með ógnarþunga og hávaða við klettana og þeyta löðrinu tugi metra í loft upp. Í vikinni inn í sandinn að vestanverðu var verstöð á fyrri tíð og enn má sjá leifar af naustum, þyrpingu verbúdatófta, steinbítsgarða og sandorpna hlaðna reiti sem minna á þá tíð. Róið var úr Breiðavíkurverri fram undir 1950.

Tilsýndar er fjögurra kílómetra löng sandströndin í Breiðavík eins og fallegasta baðströnd í sólarlöndum þó að hún sé norður undir heimskautsbaug. Þarna í sandinum má finna fallega steina.

## Nýtt gistiheimili á Suðureyri

Gistiheimilið 66 var opnað í apríl að Túngötu 2 á Suðureyri við Súgandafjörð. Suðureyri er lítið falllegt sjávarþorp sem vinalegt er heim að sækja. Þar er til að mynda að finna einu útisundlaug Ísafjarðarbæjar, margar fallegar gönguleiðir eru á þessum slóðum og ferðamenn hafa átt þess kost að skoða starfsemi frystihússins Íslandssögu.

Nýja gistiheimilið er nýstandsett og vel útbúið með gistirými fyrir þrjátíu og fimm manns. Öll herbergi eru með uppþúnum rúmum og boðið er upp á eins, tveggja og þriggja manna herbergi. Hægt er að opna á milli herbergja, sem hentar stærri fjölskyldum. Flest herbergjanna eru með vaski og hægt er að fá herbergi með klósetti, jafnframt því sem boðið er upp á góða sturtuástöðu.

Gestir snæða morgunverð í rúmgóðum og björtum borðsal með útsýni yfir fjörðinn en morgunverður er innifalinn. Hægt er að fá smábarnarúm ásamt sæng og kotta endurgjaldslaust fyrir yngstu gestina. Þráðlaust internet er á staðnum til handa gestum.

Gistiheimilið 66 er í hjarta bæjarins, stutt í sundlaugina, í göngutúr á höfnina, á veitingastað eða í heimsókn á bar heimamanna.

Ef þú vilt upplifa notalega sjávarþorpsstemningu, kynnast hinu ljúfa lífi úti á landsbyggðinni og njóta líðandi stundar á fallegum stað þar sem stutt er í óspillta náttúruna, þá er Suðureyri staðurinn til að heimsækja. Það er einungis 15 mínútna akstur til Ísafjarðar þar sem hægt er að sækja alla aðra þjónustu.




Guðmundur Trygvi Ásbergsson eigandi 66 við sturtuklefa.



# Vestfirðir

Annað Ísland



**Vestfirðir**

[www.westfjords.is](http://www.westfjords.is)

Upplýsingamiðstöð Vestfjarða á Ísafirði: Sími: 450 8060, Netfang: [info@westfjords.is](mailto:info@westfjords.is)

**FUGLASKOÐUN** – hrein náttúruafurð

**SJÓKAJAKFERÐIR** – róðu hugann

**BÁTSFERÐIR** – finndu hrynjandi hafsins

**BÍLALEIGUR** – fjallaskörð og fallett útsýni

**SAGAN** – stígðu aftur í tímann

**HJÓLALEIGUR** – fyrir æfinguna

**DAGSFERÐIR** – uppgvötvaðu einstaka náttúru

**SUNDLAUGAR** – eftir fullkominn dag

**GÓÐ TJALDSVÆÐI** – fyrir góðan svefn

**HÓTEL OG GISTIHEIMILI** – fyrir enn betri svefn



# Vestfirðir

## Sumarið 2010

Vestfirðir sumarið 2010 er upplýsingablað fyrir ferðafólk á leið um Vestfirði. Blaðið kemur nú út sextánda sumarið í röð og liggur að venju frammi án endurgjalds á viðkomustöðum ferðafólks og víðar um land allt.

Útgefandi: Gúttó ehf.,  
Sólgötu 9, 400 Ísafirði,  
sími 456 4560,  
netfang bb@bb.is,  
veffang www.bb.is

Ritstjórar og ábyrgðarmenn:  
Hlynur Þór Magnússon.  
Sigurjón J. Sigurðsson.  
Efnisvinnsla:  
Hlynur Þór Magnússon.  
Ljósmyndir:  
Ágúst G. Atlason,  
Halldór Sveinbjörnsson,  
Mats Wilbe Lund,  
Matt Willen,  
Sigurjón J. Sigurðsson  
og miklu fleiri.

Forsíðumynd:  
Una Salvör Gunnarsdóttir í  
fjörnni við Hvestu í Arnarfirði  
á fögru sumarkvöldi.  
Ljósmynd:  
Rúnar Óll Karlsson.

Umbrot og prentvinnsla:  
H-prent ehf.

Eftirprentun, hljóðritun,  
notkun ljósmynda og  
annars efnis er óheimil nema  
hælmildar sé gefið.

Nærri liggur að Vestfjarðakjálkinn sé eyja, langstærsta eyjan við Ísland, eins og glögg má sjá ef litið er á Íslandskort. Sumir sjá landið fyrir sér eins og dýr sem liggur fram á lappir sínar en Vestfirðir eru höfuðið. Landfræðileg mörk Vestfjarðakjálkans eru við Gilsfjörð að sunnan og Bitrufjörð að norðan en þar á milli er aðeins um 11 km landræma. Lögsagnarumdæmi Vestfjarða teygist þó allt suður á Holtavörðuheidi.

Sagnir herma, að eitt sinn hafi þrjú náttúrröll ætlað að skilja Vestfirði frá meginlandinu með því að grafa skurð þar á milli. Þeim entist hins vegar ekki nóttin og urðu að steindröngum þegar dagaði. Eyjarnar ótalmörgu á Breiðafirði og hólmar og sker við Húnaflóa eru til vitnis um jarðveginn sem tröllin rótuðu út í sjó.

Frá Vestfjörðum eru aðeins um 300 km yfir sundið til Grænlands. Í góðu skyggni má sjá þar á milli hæstu fjalla. Mörg dæmi eru um að hvítabirnir hafi borist með hafis til Vestfjarða.

Húnaflói liggur að Vestfjörðum að austan og Breiðafjörður að sunnan en á aðrar hliðar opið úthafið, Atlantshafið að vestan og Íshafið að norðan. Vestfirðir eru mjög vogskornir en firðirnir ólíkir að stærð og landslagi. Ísafjardardjúp og Jökulfirðir eru nánast flóar með mörgum innfjörðum.

Voldugustu standbjörg og mestu fuglabjörg Íslands eru á Vestfjörðum. Hornbjarg og Hælavíkurbjarg gnæfa mót Íshafinu en Látrabjarg á suðvesturodda Vestfjarða, þar sem Evrópa nær lengst í vestur, er eitt þéttsetnasta fuglabjarg veraldar. Hrikaleg fjöll eru við marga af fjörðum og dölum þessa landshluta en hið efra er Vestfjarðakjálkinn gróðursnaud og jökulskafin háslétta. Drangajökull á norðursvæði Vestfjarða er fimmti stærsti jökull landsins. Hann teygir sprungna skriðjökla sína niður í dali en hájökullinn er vinsæll til útivistar.

Jarðfræðilega eru Vestfirðir elsti hluti Íslands. Elsta berg í hraunlögum Vestfjarða mun vera um 16 milljón ára gamalt eða um þremur milljónum ára eldra en það sem elst hefur fundist á Austfjörðum. Sífelld eldvirkni og gjóskuhleðsla um miðbik landsins veldur því, að gömlu bergflekarnir á Vestfjörðum og Austfjörðum eru smátt og smátt að sporðreisast um leið og þeir færast í sundur. Þetta má sjá á því hvernig jarðlögunum hallar inn til landsins.

Oft hefur mjög langur tími liðið milli hraunflóðanna sem byggðu upp jarðlög Vestfjarða. Þá hefur jarðvegur orðið til og landið gróið upp og skógar vaxið í loftslagi sem svipar til þess sem er í Kaliforníu nú á tímum. Steingervinga úr voldugum skógum sem uxu í heittempruðu loftslagi Vestfjarða fyrir tíu til fjórtán milljónum ára má allvíða finna milli hraunlaganna á Vestfjörðum. Þar má nefna rauðviðarbol sem fannst í hlið Helgafells við utanverðan Dýrafjörð. Tré þetta er nærri metri í þvermál og lifði fyrir fjórtán milljónum ára en varð síðan undir nýju hraunlagi sem felldi það og kolaði að nokkru þegar það var um 200 ára gamalt. Af öðrum viðartegundum sem fundist hafa á Vestfjörðum frá þessum tímum má nefna vallnotu, beyki, hlyn, elri og vínvið.

Jarðhiti er allvíða á Vestfjörðum en einna mestur í Reykhólasveit og í Reykjanesi við Ísafjardardjúp. Núna er eldvirkni hins vegar engin á Vestfjörðum og hefur ekki verið síðustu tíu milljón árin en víða má sjá ævaforar eldstöðvar og verksummerki þeirra. Ein af hinum sérkennilegustu þeirra var nálægt



# Vestfirðir

Fólksfjöldi: 7.400  
Stærð: 9.500 km<sup>2</sup>



Flatey á Breiðafirði og má sjá merki um hana víða á eyjunum þar í kring.

Undirlendi er víðast ekki mikið á Vestfjörðum nema helst í nokkrum fjarðabotnum. Helstu undantekningar eru Reykhólasveit, Barðaströnd, Rauðisandur og sveitir í Strandasýslu. Reykhólasveit milli Króksfjarðar og Þorskaftafjarðar býr yfir einstaklega fjölbreyttri náttúrufergund og snýr móti suðri eins og Barðaströndin og Rauðisandur. Inni á milli fjalla má þó víða finna gróðurrika reiti, skóg og fjölbreytta flóru.

Litið er um stöðuvötn. Flestar ár eru stuttar og vatnslitlar en þó er þar víða allgóð veiði. Fossinn mikli í Arnarfirði, sem ýmist hefur verið nefndur Fjallfoss eða Dynjandi, er einn af fegurstu og tilkomumestu fossum landsins. Á Vestfjörðum eru einnig fegurstu fjörur landsins, svo sem á Rauðasandi, við Patreksfjörð og Öundurafjörð.

Fuglalíf er ríkulegt í óteljandi eyjum og hölmum við Vestfirði. Þar eru aðalheimkynni konungs íslenskra fugla, hafarnarins. Mestur hluti Breiðafjarðareyja tilheyrir Vestfjörðum en þeirra stærst er Flatey. Á Ísafjardardjúpi eru Æðey, Vigur og Borgarey. Húnaflóamegin er Grímsey á Steingrímsfirði helsta eyjan.

Sjórinn hefur frá öndverðu og fram á þennan dag verið matarkista Vestfirðinga. Stutt er á fengsæl fiskimið, selir eru í látrum og víða er æðarvarp. Eggjatekja og fuglaveiði, einkum í standbjörgunum miklu og í eyjum og hölmum, hafa alla tíð verið Vestfirðingum ómetanleg hlunnindi. Rekaviður hefur löngum verið til drjúgra nytja á Vestfjörðum.

Um aldirnar hafa náttúruhamfarir iðulega dunið yfir Íslendinga, stórfelldir harðindakaflar og bjargarleysi ásamt mannfelli af hungursneyð. En jafnvel á hinum erfiðustu tímum í sögu þjóðarinnar varð aldrei matarskortur á Vestfjörðum.

Vestfirðir eru tæplega einn tíundi hluti af flatarmáli Íslands. Hringvegurinn um Ísland, þjóðvegur nr. 1, liggur ekki um Vestfirði. Hins vegar eru Vestfirðir heimur út af fyrir sig með sérstökum hringvegi um kjálkann og frá honum eru margir útúrkrókar þar sem ferðafólk getur hvarvetna séð eitthvað nýtt. Óhætt er að segja að vestfirski hringvegurinn sé engu líkur.

Fyrir norðan Ísafjardardjúp eru síðan mikil

landsvæði sem eru löngu komin í auðn, sveitirnar gömlu í Jökulfjörðum, Grunnvík, Aðalvík og á Hornströndum. Þar hefur búfé ekki gengið áratugum saman, þar eru engir bílvegir og engin ökutæki á ferð. Hins vegar er gróðurinn ótrúlega fjölbreyttur og vöxtulegur eftir langa friðun og líklega er fuglalíf og annað dýralíf með svipuðum hætti og áður en land byggðist. Algengt er að ganga fram á spakar tófur sem lifa af landsins gæðum og hafa ekki lært að óttast manninn. Lengri og skemmri göngufærðir um hið geysivíðlenda Hornstrandafriðland, þar sem þögnin er aðeins rofin af rómi fuglanna og gaggi tófunnar, auk brimhljóðs undan björgunum miklu, verða hverjum manni ógleymanlegar.

Á sama hátt og Vestfirðir eru nánast eyja við Ísland hafa Vestfirðingar löngum skorið sig nokkuð frá þjóðinni í heild á ymsan hátt. Málfar þeirra þótti sérkennilegt og matarvenjur ekki síður, nafngiftir fólks mjög frábrugðnar því sem tíðkaðist í öðrum landshlutum og vestfirskir galdramenn áttu enga sína líka. Dugnaði og seiglu Vestfirðinga hefur jafnan verið við brugðið. Vestfirðir hafa alið af sér fleiri og öflugri frystumenn í íslenskum stjórnárum og frumkvöðla í atvinnulífi en aðrir landshlutar.


Margir Vestfirðingar hafa á liðnum árum og áratugum haldið brott og leitað sér frama þar sem fjölmenni er meira. Jafnframt eru sífellt fleiri sem sinna þjónustu við ferðafólk á Vestfjörðum, sem verður meiri, betri og fjölbreyttari með hverju árinu. Sú þjónusta er náttúruvæn eins og framast er kostur enda er óspillt náttúran og geysileg fjölbreytni hennar helsta aðráttarafi Vestfjarða. Engin stóriðja er á Vestfjörðum og mengun af atvinnurekstri minni en í nokkrum öðrum landshluta. Í flestum vestfirskum verksmiðjum eru framleidd matvæli úr sjávarafli og Þörungaverksmiðjan á Reykhólum er vistvænasta iðjuver í heimi, knúð af jarðhita til framleiðslu á mjóli úr ómengduðum gróðri sjávar.

Sá sem hefur ekki farið um Vestfirði og skoðað fjölbreytileika þessa landshluta hefur ekki kannað Ísland til neinnar hlítar. Þessu blaði er ætlað að vera ferðafólki til nokkurs fróðleiks og leiðbeiningar áður en lagt er í ferð til Vestfjarða og meðan á henni stendur.

Velkomin vestur!



Velkomin  
í Samkaup úrval



- Akureyri
- Blönduósi
- Bolungarvík
- Borgarnesi
- Dalvík
- Egilsstöðum
- Grundarfirði
- Hafnarfirði
- Húsavík
- Ísafirði
- Neskaupstað
- Ólafsfirði
- Selfossi
- Siglufirði
- Skagaströnd



Einstök þjónusta  
í góðum verslunum

Það Birt með fyrirvara um prentvillur.



...sjá nánar um verslanir Samkaupa úrvals á [samkaupurval.is](http://samkaupurval.is)





# Die Westfjorde

Einwohner: 7.400

Größe: 9.500 km<sup>2</sup>

Bei einem Blick auf die Landkarte erscheint es fast so, als seien die Westfjorde eine Insel – die größte Insel Islands. Andere sehen in der Form Islands ein Tier, das die Westfjorde wie seinen Kopf auf den Vorderrufen bettet. Geographisch gesehen erstrecken sich die Westfjorde im Süden vom Gilsfjörður bis zum Bitrufjörður auf der nördlichen Seite. Eine nur 11 km breite Landbrücke trennt diese Fjorde voneinander.

Eine Volkssage berichtet, daß einst einige Nachttrolle versuchten, die Westfjorde vom Rest des Landes abzutrennen. Sie machten sich an die Arbeit und begannen, einen tiefen Graben auszuheben. Doch die Arbeit gestaltete sich schwerer als erwartet und es begann zu tagen. Beim ersten Sonnenlicht erstarrten die Nachttrolle zu Stein und konnten ihr Werk nicht vollenden. Die zahlreichen Inseln in Breiðafjörður sowie die Schären und Inseln in Húnaflói erinnern noch heute an diesen nächtlichen Einsatz der Trolle, bei dem sie gewaltige Erdmassen ins Meer schleuderten.

Nur ungefähr 300 km trennen die Westfjorde von der Küste Grönlands. Bei klarem Wetter kann man von einem Aussichtsberg aus mit etwas Glück die höchsten Bergspitzen Grönlands erkennen. Es gibt zahlreiche Berichte von Eisbären, die mit dem Treibeis in die Westfjorde gelangten.

Die Westfjorde sind rundum vom Meer umgeben, im Osten von Húnaflói, im Süden von Breiðafjörður, im Westen vom Atlantik und im Norden vom Eismeer. Charakteristisch für die Region sind die zahlreichen, landschaftlich sehr unterschiedlichen, Fjorde.

In den Westfjorden befinden sich die imposantesten Klippen und die größten Vogelkolonien Islands. Die Klippen Hornbjarg und Hælavíkurbjarg sind nach Norden zum Eismeer hin ausgerichtet. Die Klippen von Látrabjarg befinden sich am südwestlichsten Zipfel der Westfjorde und bilden zugleich den westlichsten Punkt Europas. Sie beherbergen eine der größten Vogelkolonien der Welt.

Viele Fjorde sind von imposanten Bergen umrahmt. Die schroffen, felsigen und fast vegetationslosen Hochplateaus tragen Spuren der einstigen Vergletscherung. Der Gletscher Drangajökull im Norden der Region ist der fünftgrößte Gletscher Islands. Einige Gletscherzungen erstrecken sich bis ins Tal hinab. Das Gletschermassiv selbst ist als Ausflugsziel sehr beliebt.

Geologisch gesehen sind die Westfjorde der älteste Teil Islands. Die ältesten Gesteinsschichten werden auf ca. 16 Millionen Jahre geschätzt und sind ungefähr 3 Millionen Jahre älter als die ältesten Funde in den Ostfjorden. Anhaltende vulkanische Aktivitäten im Zentrum Islands haben dazu geführt, daß die alten Gesteinsschichten in den West- und Ostfjorden zunehmend zum Inneren des Landes neigen und beständig auseinanderdriften. Das läßt sich gut an der Lage und Ausrichtung der Gesteinsschichten erkennen.

Die Gesteinsschichten der Westfjorde entstanden durch Lavaströme, die in unregelmäßigen Abständen flossen. Oft verging so viel Zeit zwischen zwei Lavaströmen, daß sich Erdreich und üppige Vegetation gebildet hatte. Das Klima war vermutlich vergleichbar mit dem des heutigen Kalifornien. An vielen Stellen finden sich Versteinerungen der einst üppigen Waldvegetation, die im warm temperierten Klima der Westfjorde



vor zehn bis vierzehn Millionen Jahren gedieh. Besonders erwähnenswert ist der Fund eines ca. 200 Jahre alten Baumstamms von ungefähr 1 Meter Durchmesser in Dýrafjörður. Vor schätzungsweise vierzehn Millionen Jahren wurde er von einem Lavaström gefällt, unter den Lavamassen begraben und versteinerte größtenteils. Walnußbäume, Buchen, Ahorn und Weinreben gehören zu den Versteinerungen, die bisher gefunden wurden.

An vielen Stellen in den Westfjorden gibt es Erdwärme. Die größten Quellen befinden sich in der Gemeinde Reykhólar und auf der Landzunge Reykjanes im Fjord Ísafjarðardjúp. Vulkanische Aktivitäten gibt es jedoch seit 10 Millionen Jahren nicht mehr in der Region. Lediglich geologisch sehr alte Gesteinsformationen erinnern an den einstigen Vulkanismus. Ein bedeutendes Zentrum vulkanischer Aktivität lag nahe der Insel Flatey in Breiðafjörður, wie sich noch heute an den eigenartigen Gesteinsformationen auf den umliegenden Inseln erkennen läßt.

Bewirtschaftbares Unterland ist in den Westfjorden knapp, abgesehen von einigen Fjordenden. Ausnahmen bilden die Gemeinde Reykhólar, die Küstenlinie Barðaströnd, Rauðisandur und große Gebiete der Gemeinden von Strandir. Die landschaftliche Vielfalt entlang der südlichen Küstenlinie der Westfjorde ist einzigartig. Nach Süden hin ausgerichtet überraschen viele geschützte Täler durch außerordentlich üppige, artenreiche Vegetation und dicht bewachsene Waldstücke.

Es gibt nur wenige Seen. Die meisten Flüsse sind kurz und führen nur wenig Wasser. Dafür liegt einer der schönsten und spektakulärsten Wasserfälle Islands in den Westfjorden, in Arnarfjörður. Er wird entweder Fjallfoss oder Dynjandi genannt. Auch die schönsten Sandstrände befinden sich in den Westfjorden, wie z.B. Rauðisandur, die Strände bei Patreksfjörður und in Önundarfjörður.

Die gesamten Westfjorde sind ein Vogelparadies. Auf unzähligen Inseln und Schären finden viele Vogelarten reichlich Nahrung und Unterschlupf, so z.B. der König der isländischen Vögel, der Seeadler (*haliaeetus albicilla*). Die meisten Inseln in Breiðafjörður einschließlich der größte Insel, Flatey, sind

Teil der Westfjorde. In Ísafjarðardjúp liegen die Inseln Æðey, Vigur og Borgarey. Auf der Seite von Húnaflói befindet sich die Insel Grimsey. Sie alle beherbergen riesige Kolonien von Papageientauchern.

Durch die Jahrhunderte hindurch und bis zum heutigen Tag hat das Meer die Menschen in den Westfjorden ernährt. Die Fischgründe liegen nicht weit von der Küste entfernt. Zahlreiche Seehundekolonien und Brutkolonien der Eiderenten gehören zu den geschätzten natürlichen Ressourcen, die den Menschen das Überleben in der Region ermöglichten. Auf Inseln, Schären und in den Vogelklippen wurden Vogeleier gesammelt und Vögel gefangen, um den Speisezettel zu bereichern. Auch Treibholz wurde in den Westfjorden schon immer genutzt.

Im Laufe der Jahrhunderte wurden die Isländer immer wieder durch Naturkatastrophen geplagt, die viele Menschenleben forderten. Doch auch in den härtesten Zeiten in der Geschichte der Nation hat es den Menschen in den Westfjorden nie an Nahrung gefehlt.

Die Westfjorde machen knapp ein Zehntel der Gesamtfläche Islands aus. Die Hauptstraße Islands, die Ringstraße Nr. 1, führt nicht in die Westfjorden, die eine eigene Welt darstellen. Die Westfjorde haben dafür ihre eigene Ringstraße mit vielen interessanten Nebenstraßen, die den Reisenden immer neue, überraschende Eindrücke beschieren. Sie führt durch atemberaubende Landschaft, die einzigartig und nirgendwo sonst in Island so zu erleben ist.

Doch es gibt auch ein großes, völlig unbewohntes Gebiet, das sich nördlich von Ísafjarðardjúp erstreckt. Einst dicht besiedelt, liegen Jökulfirðir, Grunnavík, Aðalvík und Hornstrandir heute verlassen da. Schon seit einigen Jahrzehnten werden die ehemaligen Weideflächen nicht mehr genutzt und es gibt weder Straßen noch Verkehr. Ein Teil dieser Gegend steht unter Naturschutz und im Laufe der Jahre hat sich eine ungemein dichte, artenreiche Vegetationsschicht gebildet. Die Tierwelt in dieser Region dürfte heute so ähnlich aussehen wie zur Zeit der Besiedlung Islands. Längere oder kürzere Wanderungen im Hornstrandir-Naturschutzgebiet lassen niemanden unberührt und

bleiben unvergeßlich. Die Stille wird lediglich von Vogelgezwitz und dem heiseren Bellen des Polarfuchses gestört, untermalt vom Rauschen der Meeresbrandung am Fuße der mächtigen Klippen.

Genau wie die Region eine eigene Welt bildet, so sind auch die Bewohner der Westfjorde ein eigenes Völkchen, geprägt von der Umgebung in der sie leben. Sie unterscheiden sich in mancher Hinsicht vom Rest der Landesbevölkerung. Ihre Ausdrucksweise galt als ungewöhnlich und die Essensgewohnheiten nicht weniger, abenteuerliche Namensgebungen sind häufig und weichen oft sehr von der landesüblichen Norm ab und nirgends im Lande gab es mehr Zauberer als in den Westfjorden. Menschen aus der Region sind für ihren Fleiß und ihre Ausdauer bekannt. Kein anderer Landesteil hat mehr erfolgreiche und führende Politiker und innovative Geschäftsleute hervorgebracht als die Westfjorde.

In den vergangenen Jahren und Jahrzehnten hat die Region viele Bewohner verloren, die ihr Glück im Süden Islands oder im Ausland suchten. Unabhängig davon hat sich im gleichen Zeitraum die Zahl derer, die im Tourismus arbeiten vervielfacht. Das touristische Angebot wird von Jahr zu Jahr mehr, besser und abwechslungsreicher. Tourismus in der Region ist umweltfreundlich und folgt im wesentlichen den Richtlinien für nachhaltigen Tourismus. Das versteht sich von selbst, da die unberührte, vielseitige Natur das wichtigste Kapital der Region für den Tourismus darstellt. In den Westfjorden gibt es keine Industriebetriebe und die Verschmutzung der Umwelt durch Produktion und Verkehr ist geringer als im Rest des Landes. Die meisten Betriebe der Westfjorde produzieren Lebensmittel, vor allem Fischprodukte. In Reykhólar wird Tang getrocknet und gemahlen. Die Fabrik nutzt Erdwärme im Trocknungsprozess und erfüllt ökologische Qualitätskriterien.

Wer die Westfjorde noch nicht erkundet und sich noch nicht von ihrer Vielfalt hat zaubern lassen, kennt Island noch nicht richtig. In diesem Heft sind nützliche Informationen zusammengetragen, die zur Planung einer Reise und ebenso als Reiseführer durch die Region dienen sollen.

Herzlich willkommen in den Westfjorden!



# BOLUNGARVÍK

dagur í Bolungarvík líður hratt...



Óshólaviti



Löndun í Bolungarvíkurhöfn



Bolafjall



Smábátahöfnin



Náttúrugripasafnið



Dorgað í höfninni



Sjóminjasafnið Ósvör



Grill og fjör á tjaldsvæðinu

**Til minnis!**

- \* Náttúrugripasafnið er opið frá 9 til 12 og 13 til 17 virka daga, en frá kl. 13 til 17 um helgar
- \* Sjóminjasafnið Ósvör er opið alla daga frá 10 til 17
- \* Sundlaugin er opin frá 8 til 21 mánudaga til föstudaga og frá 10 til 18 laugardaga og sunnudaga
- \* Frábært tjaldsvæði við Ána á bakvið íþróttahúsið og sundlauginna með útigrilli, þvottaadstöðu ofl.
- \* Veitingastadir - verlanir - gisting - snyrting
- \* Gönguferðir í dalina - fjöruna - surtarbráðsnámuna
- \* Ökuferð á Bolafjall og í Skálavík



Bolungarvík séð frá Ósvör



Vatnsrenniþrautin í sundlauginni



Góð veiði úr Syðridalsvatni

[www.bolungarvik.is](http://www.bolungarvik.is) • [www.osvor.is](http://www.osvor.is) • [www.natturugripasafn.is](http://www.natturugripasafn.is)





# The Westfjords

Population: 7.400

Areal: 9.500 km<sup>2</sup>

When you look at a map of Iceland, you see at a glance that the Westfjords Peninsula is almost an island. The shape of the country resembles an animal stretching its legs, the Westfjords representing the head. The limits of the Westfjords peninsula are the Gilsfjörður bay from the south and the Bitrafjörður bay from the north, leaving only a strap of 11 kilometers. The jurisdiction of the Westfjords, however, reaches as far as the Holtavörðuhéiði moor towards the south.

Once upon a time it was believed that several night-trolls had planned to separate the Westfjords from the mainland by digging a canal. It was quite a complicated task which proved to take more than just one night and sadly the trolls ended up as giant rocks due to the sunrise taking them by surprise. The various islands and holms of the Breiðafjörður bay and the skerries in the Húnaflói bay now witness how effectively the trolls threw cliffs and great chunks of soil into the sea during that night.

From the Westfjords there is only a distance of 300 kilometers to Greenland and on a clear day it is even possible to see some mountain tops in our neighbouring country. Through the centuries there have been several incidents that polar bears have drifted to the Westfjords on ice.

The Húnaflói bay is embracing the Westfjords at the east, the Breiðafjörður bay from the south but other sides are facing open sea, the Atlantic Ocean at the west and the Antarctic Ocean at the north. The Westfjords have a very jagged coastline and the fjords differ greatly in size as well as geographically. The Ísafjörður fjord and Jökulfirðir, The Glacial Fjords, are in fact bays containing many smaller fjords.

The most magnificent sea cliffs of Iceland, where birds nest by millions, are situated in the Westfjords. The Hornbjarg cliff and the Hælavíkur cliff are facing the Antarctic Ocean. The Látrabjarg cliff on the southernmost tip of the Westfjords, where Europe stretches furthest towards the west, is one of the busiest bird cliffs in the whole world. Awesome mountains are embracing the fjords and valleys in this area but seen from above the Westfjords Peninsula is barren and actually a plateau scraped by glacier. The Drangajökull glacier in the northern part of the Westfjords is the 5th largest glacier in Iceland. It stretches its crevasses down towards the valleys but the top of the glacier is popular for those who love outdoor activities.

From a geological point of view the Westfjords are the oldest part of the country. The oldest rock face in the lava layers of the Westfjords is about 16 million years old, three million years older than the oldest lava found at the east coast. A continuous volcanic activity and layers of tephra around the center of Iceland support the theory of the plate tectonics as the Westfjords and the Eastfjords lava layers slope inwards at the same time as they are drifting apart.

Very long time has often passed between the lava floods which have built up the strata of the Westfjords. Each time soil has been created and woods have grown in a temperature of California today. Fossils from massive forests which grew in the warm temperature of the the Westfjords 10-14 millions of years ago can be found between the lava layers in the Westfjords. Well-known is a 14



million years old redwood log which was found in the Helgafell mountain at the Dýrafjörður fjord. The tree was hit by a new layer of lava which brought it down and partly turned it into coal when it was around the age of 200. Other types of woods which have been found in the Westfjords from this period are for example walnut, beech, maple, and vine.

In several places in the Westfjords there are geothermal springs, for example at a large extent at Reykhólasveit in the southeast as well as at Reykjanes in the Ísafjörðardjúp fjord. The last 10 million years there has been no volcanic activity in the Westfjords but at many places you can see magnificent traces of the vivid eruptions of the past. Some of the most spectacular are near the Flatey island in the Breiðafjörður bay and on the smaller islands around.

Lowland, not to mention arable land, is not at great extent in the Westfjords except in some of the fjords. The main exceptions are the Reykhólasveit area, the Barðaströnd coast, the Rauðisandur reef, and the countryside in the Strandasýsla area. The Reykhólasveit area between Króksfjörður fjord and Þorskafjörður fjord is representing incredibly varied natural beauty, facing south as well as the Barðaströnd coast and the Rauðisandur reef. Between the mountains there are also many green areas with trees and various flora.

In the Westfjords there are few lakes. Most rivers are short even though fly and worm fishing is possible and sometimes very fruitful. The magnificent waterfall in Arnarfjörður fjord called either Fjallfoss or Dynjandi is one of the most beautiful and spectacular waterfalls of Iceland. The beaches of the Westfjords are well known by their beauty, for example the beaches at the Rauðisandur reef, at the Patreksfjörður fjord, and the Önuðarfjörður fjord.

Birdlife is exceptionally lively in uncountable islands and holms all around the Westfjords. The king of the Icelandic birds, the white-tailed eagle (*Haliaeetus albicilla*), is primarily found in this area. The majority of the Breiðafjörður islands belong to the West-

fjords, the Flatey island being the biggest. In the Ísafjörður fjord there are the islands Vigur, Æðey and Borgarey. In Steingrímsfjörður fjord on the Húnaflói bay side there is one main island called Grímsey.

The sea has from the beginning of settlement of Iceland been a main source of food for the inhabitants of the Westfjords. The rich fishing grounds nearby, the breeding grounds of seals and the eiders providing their down have through the centuries been the treasures of the Westfjords. Egg picking and bird hunting, especially in the great cliffs by the seaside as well as in the islands and holms, have at all times been valuable resources. Driftwood has always been of great importance to the area.

Through the centuries thunderous natural disasters have hit the Icelanders regularly. Extreme hardships and no means of aid together with heavy human losses due to starvation have been the facts of life in Iceland. But even during the most difficult periods in the history of Iceland, there has never been any lack of food in the Westfjords.

The Westfjords Peninsula is almost one tenth of the whole area of Iceland. The ring road of Iceland, road number one, does not go through the Westfjords Peninsula, which is a world of its own. Around the Westfjords there is actually a particular ring road from which there are many smaller side roads leading you to places of surprises and interest. It is quite certain to assert that the Westfjords ring road is not only special. It is literally out of this world.

The vast area north of the Ísafjörður fjord, the old countryside of Jökulfirðir, Grunnavík, Aðalvík and Hornstrandir, has been uninhabited for a long time. Livestock has not been put out to pasture there for many decades, there are no roads and no vehicles on the move. On the other hand the vegetation is extremely varied and prosperous due to the long conservation and birdlife and the general fauna are probably similar to how it really was before the country became inhabited. It is quite common to come across foxes which have not learned to fear man. Longer or shorter hiking trips in the great

preservation area where silence is only disturbed by the voices of the birds or the cackle of the fox together with the sounds of the breakers from below the great cliffs are truly unforgettable.

Since the Westfjords Peninsula is almost an island, likewise the inhabitants have had the tendency to distinguish themselves from other Icelanders in various ways. The use of the language was different, the food was considered somewhat curious, and last but not least, sorcerers from the area were outstanding. Stronger and more hard working people have been difficult to find. The Westfjords with the relatively few inhabitants have also been the breeding place of more outstanding Icelandic politicians and leaders in different fields of society and business than other parts of the country.

A great number of the inhabitants of the Westfjords have during the past years and decades left the area in search for fame and fortune in more populated places. At the same time tourism has developed into a prosperous activity and more and more people are employed to service the visitors of the Westfjords. Each year the level of services and facilities become better and of greater variety. Tourism and related services are as ecological as possible due to the strong focus on the unspoiled nature which is the main attraction of the Westfjords. There is no large scale industry of any kind in the Westfjords, and, therefore, less pollution than in any other inhabited part of the country. The factories operated in the area are mostly producing food from raw material originated from the sea. The algae factory at Reykhólar is the most ecological factory in the world, run by geothermal energy to produce powder from the unpolluted vegetation of the sea.

People who have not visited the Westfjords and experienced the unique variety of the area have not really explored Iceland. The purpose with the edition of this magazine is to assist travellers in the Westfjords and give them some guidelines and information before and during their visit.

Welcome to the Westfjords!



# Ekki missa af fjörinu á Suðureyri í sumar



## Hótel

Fisherman hótel  
Suðureyri er  
þriggja stjörnu  
hótel sem staðsett  
er í miðju þorpinu.

## Veitingahús

Veitingarhúsið Talisman er  
partur af hótelinu. Þar er boðið  
upp á þriggja rétta matseðil  
byggðan á hágæðavörum sem  
framleiddar eru á Suðureyri.

## Söluskáli

Í söluskála Fisherman  
fá allir krakkar lánaðar  
veiðistangir og vesti til  
þess að veiða þann  
stóra af bryggjunni.




# Fisherman

Fishing village Suðureyri

Fisherman • Suðureyri • Sími 450 9000 • netfang fisherman@fisherman.is • veffang www.fisherman.is



– Kveðja frá  
forseta Íslands,  
Ólafi Ragnari  
Grímssyni



## Heillandi vestfirsk veröld

Vestfirðir voru lengi í hugum annarra landsmanna furðuveröld, heimkynni galdramanna, geðríkra sjósóknara, kvenskörungna sem stjórnðu búi meðan bændur voru í veri. Fjöll og firðir mynduðu tignarlega umgjörð, leiktjöld sem máttarvöld settu þessu mikla sjónarspili lífsbaráttunnar.

Löngum voru heimamenn iðnir við að segja hver öðrum sögur af sjálfum sér og kannski festi sá sagnaríki sjálfsþurftarþúskapur í sessi þá skoðun að Vestfirðir væru eiginlega bara fyrir Vestfirðinga – aðrir ættu

ekki að hætta sér á þessar kynngimögnuðu slóðir.

Nú er öldin blessunarlega önnur og Vestfirðingar taka öllum gestum fagnandi, opna þeim undraheima sem finna má í hverjum firði, sagnaslóðir og fróðleg söfn, gömul hús sem geyma mannlíf fyrri tíðar. Þeir bjóða líka í siglingar og veiðiferðir, að snæða eigin afla á sólbjörtu sumarkvöldi þegar miðnættið verður að eldrauðum degi, ríða á hestum um grösuga dali, halda á heiðar og firmindi, standa á fjallsbrún og sjá í góðu

skyggni jökla Grænlands rísa úr hafi.

Vestfirðir eru engum öðrum landshluta líkir. Sérstaða þeirra afgerandi, en samt eru þeir svo samgrónir öllu sem íslenskt er að í raun höfum við ekki kynnst ættjörðinni til hlítar fyrr en farið er um vestfirskar slóðir.

Þess vegna ættu allir að drífa sig þangað, ungir sem aldnir, fjölskyldan öll.

Við sem fengum Vestfirði í vöggugjöf og ólumst upp með úthafið á aðra hönd og fjöllin á hina óskum ykkur góðrar ferðar.



### LÖGREGLUSTJÓRINN Á VESTFJÖRÐUM

#### **Friðlandið á Hornströndum**

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi reglum um friðlandið á Hornströndum:

1. Hvers kyns meðferð skotvopna er öllum bönnuð mánuðina júní til september nema að fenginni sérstakri heimild lögreglustjóra. Utan þess tíma er veiði einungis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja.

2. Öll veiði, bæði fugla og fiska, svo og notkun á húsum, er bönnuð án leyfis landeiganda, sem í hlut á.

3. Öll umferð vélknúinna ökutækja, þ.á.m. torfærutækja, snjóleða, fjórhjóla, dráttarvéla og jeppabifreiða er bönnuð utan vega og merktra slóða.

4. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júní ár hvert, þarf að tilkynna Náttúruverndarráði um ferðalög í friðlandinu. Þetta ákvæði tekur þó ekki til ferða landeigenda.

5. Gangandi fólki er heimil för um svæðið. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum.

Hafið fyrirhyggju í klæðaburði og ferðabúnaði, þar sem allra veðra er von.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum  
Kristín Völundardóttir.

#### **Hornstrandir, Nature reserve**

Special attention is drawn to the following rules about the Nature reserve Hornstrandir:

1. All weapons are forbidden to everyone from June until September, unless holding a permission from the District Commissioner. At all other times, hunting/fishing is only permitted to the landowners.

2. Fishing, hunting and the use of private houses is subject to the landowners' permission.

3. All vehicles, such as cross-country, snow mobile, four-wheelers, tractors and jeeps are forbidden outside roads and marked paths.

4. From April 15<sup>th</sup> until June 15<sup>th</sup> every year, Iceland's Nature Conservation Council must be informed about travel in the Reserve. This does not apply to landowners.

5. Trekking is permitted in the area. Everyone is obliged to make sure to conserve the ecolog, geology and structure of the area.

Show foresight in clothing and travel gear, as the weather may change at any time.

District Commissioner of the Vestfjörð's Police  
Kristín Völundardóttir.





[www.fi.is](http://www.fi.is)

# Velkomin á **HORNSTRANDIR**

*Ferðir um eyðibýggðir Hornstranda  
eru stærsti hluti ferðaáætlunar  
Ferðafélags Íslands.*

**SKRÁÐU ÞIG INN – DRÍFÐU ÞIG ÚT!**





Bolli Valgarðsson segir frá effirminnilegu ferðalagi um sunnanverða Vestfirði

# Í sex daga útgerð frá Tálknafirði

Það er eitthvað við Vestfirði sem gerir þá svo gjörólíka öllum öðrum landsfjórðungum að manni finnst maður vera kominn til annars lands þegar þangað er komið. Þótt alls staðar sé fallett á Íslandi þá hafa Vestfirðir slíkt aðdráttarafl á sálina að enginn verður samur maður eftir viðkyrningu við fólk þar og fjöllin. Ólína Þorvarðardóttir lýsti áhrifunum vel í þessu sama blaði fyrir ári síðan þegar hún sagði í inngangi greinar sinnar um Hornstrandir að hvergi væri loftið hreinna, sjórinn blárrí, fjöllin fegurri eða fuglinn spakari. Ég held að þessi lýsing eigi víðar við á Vestfjörðum.

Enda þótt ég reki ættir vestur til Kroppsstaða í Skálavík og Gjörvudals í Ísafjarðardjúpi, til hjóna sem reistu hús og heimili við Steypugötu (Sólgötu) 7 á Ísafirði, þá kynntist ég aldrei Vestfjörðum fyrr en um aldamótin síðustu. Það var synd. Það voru Ísfirðingarnir og hjónin Halldór Jónsson bæklunarlæknir og María Guðnadóttir hjúkrunarfræðingur sem fóru fyrir vinnuþingum vestur í júlí 2000, en hópurinn samanstendur af sex hjónum, mörgum börnum og tveimur hundum.

Eftir þá ferð, þar sem farið var um alla Vestfirði, Norðurstrandir, Norður- og Suðurfirði, höfum við farið reglulega vestur síðan. Ferðirnar eru nærri tíu í það heila, ýmist farnar til að eyða þar hluta af sumarfríinu, til að kynna einstökum svæðum í vetrarham, t.d. Reykjarfirði á Ströndum og Súðavík í Álftafirði um páska, eða til að njóta útsýnisins af Drangajökli á öðrum tímum vetrar.

## Til Tálknafjarðar

Í seinni tíð höfum við einskorðað okkur við ákveðin svæði um allt land og dvalið lengur á hverjum stað. Á Vestfjörðum hafa Hornstrandir t.d. verið gengnar og sigldar í tveimur mismunandi áföngum. Einnig höfum við gert allt í bland, hjólað, gengið, dorgað og legið í leti í Finnbogastaðaskóla í Trékyllisvík og í síðustu ferð okkar vestur, sumarið 2008, komum við okkur fyrir á gistiheimilinu Bjarmalandi á Tálknafirði, þaðan sem við „gerðum út“ í viku í júlímánuði. Um þá ferð ætla ég að fjalla nánar hér á eftir.

Ferðin hófst í Stykkishólmi að morgni laugardags, þar sem beðið var eftir að Baldur legði af stað til Brjánslækjar með viðkomu í Flatey. Í Flatey dvöldum við daglangt og drukkum kaffi með heimafólki en bílarnir héldu áfram og var skipað á land á Brjánslæk. Úr þeirri ferð minnst ég sérstaklega gamla frystihússins við höfnina. Ég skoðaði það eins og hægt var miðað við aðstæður og hafði á orði hvers vegna það væri ekki gert upp. Það var því sérstaklega ánægjulegt að lesa frétt um það rúmu ári síðar að eigendum hefðu tekið ákvörðun um gera húsið upp í stað þess að rífa það eins og áformað hafði verið. Ég hlakka til að koma aftur til Flateyjar þegar því verki verður lokið.

Við höldum för okkar áfram með seinni ferð Baldurs til Brjánslækjar, þaðan sem haldið var á vit forfeðranna, nánar tiltekið á slóðir Gísla Súrssonar og fjölskyldu, sem hingað kom út um árið 950. Meginsvið sögu hans eru m.a. Dýrafjörður og Arnarfjörður.

## Í Selárdal

Við vorum með alls konar dót með okkur, ein tíu reiðhjól og tvö mótörhjól. Að kvöldi komudags voru þessir fákarnir viðraðir, hjólað út Tálknafjörðinn og endað í Pollinum, heitum pottum sem staðsettir eru rétt fyrir utan



Á Norðurströndum er mjög gaman að hjóla, þar eru bæði léttar og krefjandi leiðir.



**Bolli Valgarðsson.**

bæinn. Þar er opið allan sólarhringinn og ekki amalegt að láta líða úr sér og njóta útsýnisins.

Fyrsta morguninn á Tálknafirði byrjuðu sumir á því að þrifa og bóna fákana. Aðrir lágu inni, drukkum kaffi og lásu blöðin. En síðan var haldið af stað í könnunarleiðangur. Ákveðið var að snarast yfir Hálfán til Bildudals og halda áfram út Arnarfjörð til Hvestu, þar sem sumir vilja reisa mikla oliuhreinsistöð, og síðan áfram til Hringisdals og Selárdals, sem eru meðal afskekktustu sveita landsins. Þar skoðuðum við Uppsali, bæ Gísla, sem byrjað er að gera upp og forða frá hrúni. Ýmsum finnst hvítmálaðir og breiðir verksmiðjuframleiddir gluggarammarnir stílbrot á húsinu en það má laga síðar, t.d. með því að mála þá dökka eða setja aðra einfaldari og fyrirferðarminni ramma í glugg-

ana. Gísli bóndi nýtti sér ekki nútímapægindi á búskapartíð sinni á borð við rafmagn, vinnuvélar eða bíla og varð enda frægur fyrir vikið í kjölfar heimsóknar Ómars Ragnarssonar þangað um árið. Síðan hafa um fimm þúsund ferðamenn komið við í Selárdal árlega. Frá Uppsölum fórum við að Brautarholt, sem er þarna steinsnar frá, og skoðuðum kirkju og útilistaverk Samúels Jónssonar. Undanfarin ár hafa staðið yfir umfangsmiklar endurbætur á listaverkum og húsakosti Samúels og er hrein upplifun að koma þar við og virða fyrir sér afkastur þess starfs sem þýski myndhöggvarinn Gerhard König hefur séð um að mestu.

## Í Hvestu

Það er góð hvíld í heimsókn í Selárdal. Þar eru merki um gamla tíma hvert sem litið er, eyðibýli og óslegin tún og þegar litið er út á fjörðinn hvarflar hugarinn óneitanlega til þeirrar hugmyndar að reisa oliuhreinsunastöð á gulum söndum Hvestu. Er það skynsamlegt? Jafnframt verður manni einnig hugsað til þess sem heimamenn sögðu við mig, menn í sjávarútvegi, sem buðu mér í kaffi til á verkunarstað einn morgun meðan samferðarmenn mínir sváfu flestir. Þeir spurðu mig, 101-manninn eins og við á höfuðborgarsvæðinu erum gjarnan kölluð: „Viljið að Vestfirðir séu safn sem þið getið notið, eigum við að vera einhver dýragarður fyrir ykkur? Ef það er það sem þið viljið, þá eigið að segja það hreint út svo að við, sem ekki föllumst á þá niðurstöðu, getum komið okkur í burtu. Við þurfum aukin tækifæri eins og aðrir landsfjórðungar.“ Maður gat ekki sagt mikið eftir svona ræðu enda um góð og gild sjónarmið að ræða. Skoðun mín breyttist þó ekki varðandi oliuhreinsunastöðina enda Vestfirðir svo sérstæðir á heims-

mælikvarða að fleiri tækifæri hljóta að verða þeim til bjargar en oliuhreinsunastöð.

Á öðrum degi heimsóttum við Rauðasand. Við ókum frá Tálknafirði um Mikladal til Patreksfjarðar og síðan yfir Skersfjall og um Bjarnkölludal sem er skemmtileg leið, hlykkjótt og brött og ekki fyrir suma. En útsýnið af háheiðinni, þar sem fjörur Rauðasands blasa við, er ógleymanlegt. Ekki er verra að þegar niður er komið, liggur beinast við að fara á kaffihús staðarins sem þau eiga hjónin Kjartan Gunnarsson og Sigríður Snævarr. Sveitin við Rauðasand er fámenn en falleg. Þar á maður ekki von á eðalkaffihúsi í „miðri auðinni“. En tilvist þess, eins smekklega og það er úr garði gert, er virðingarvert framtak og vel til þess fallið að stuðla að fleiri heimsóknum í sveitina.

## Horft til Sjöundár

Eftir kaffi- og kakósötur með vöflum, kökum og pönnukökum fórum við á Rauðasandinn sjálfan. „Kallarnir“ prófuðu skellinöðrunar sínar meðan við hin gengum um í fjörinni og horfðum í áttina til Sjöundár, þar sem morðin frægu voru framin 1802. Sjöundá fór í eyði 1921. Ég frétti ekki fyrr en síðar að frá Melanesi, bæ Ástþórs Skúla-sonar bónda, er ekki nema um hálf tíma gangur að bæjarstæði Sjöundár. Erna Indriðadóttir, upplýsingafulltrúi Fjarðaáls, gekk nýlega um svæðið og hefur sagt að full ástæða væri til að vitja Sjöundár, virða fyrir sér húsa-tóftirnar og njóta útsýnisins frá bæjarstæðinu. Nokkru sunnar er Skor, hin forna verstöð Rauðsendinga, kunnust úr Íslandssögunni fyrir það að þaðan lagði skáldið Eggert Ólafsson í sína hinstu för, 1768.

## Elsta stálskipið



Frá Rauðasandi ókum við til baka og nú inn í Skápadal við Patreksfjörð, þar sem 180 lesta báturinn Garðar BA 64 liggur á þurru landi og hægt er að skoða í þaula með því að skriða inn um gat á síðunni. Garðar var smíðaður í Osló árið 1912 og er því nærri hundrað ára gamall. Hann er elsta stálskipið sem enn er til á Íslandi og var tekinn á land í Skápadal þegar útgerð hans lauk árið 1981. Sumir segja að varasamt sé að fara um borð í Garðar. Sjálfsagt er að skoða skipið en fara þarf að öllu með gát.

Á þriðja degi héldum við út Patreksfjörð, ókum um Hafnarmúla til Hnjóts, þar sem minjasafn Egils Ólafssonar er. Safnið geymir ýmsa gamla muni frá Vestfjörðum sem tengjast atvinnusögu fyrri hluta 20. aldar, ekki síst sjósókn og eru þar m.a. varðveittir nokkrir bátar. Þar er einnig vísir að flugminjasafni og ágætt kaffihús. Við héldum síðan áfram til Hænuvíkur og út í Kollsvík. Í Hænuvík væri gaman að staldra við í 1-2 daga. Þar er ágæt ferðabjónusta sem þeir myndu njóta sem vilja upplifa stemninguna frá því í gamla daga með því að gista í gömlum en uppgerðum húsum við ströndina í umhverfi óspilltrar náttúru.

### Sauðlauksdalur

Á leið til baka var komið við í Sauðlauksdal. Þar ræktaði Björn Halldórsson, prestur, kartöflur fyrstur Íslendinga um 1760. Á staðnum er kirkja frá 1863 og gamli bærinn, tvílyft, ferkantað, steinsteyppt hús er enn furðulega unglegt að sjá. Ánægjulegt er að nú er verið að gera húsið upp eins og reyndar marga gamla og fræga sögustaði á Vestfjörðum. Í Sauðlauksdalsvatni er bæði sjógengin og staðbundin bleikja og þar má einnig hitta á vænan urriða, allt að 16 pundum.

Á fjórða degi lögðum við á ný á Hálfán en þegar komið er norður af honum blasir Bildudalur við. Þar höfðu vetursetu um 450 manns fyrir ekki svo mörgum árum síðan. Veturinn 2007/2008 voru þeir einungis rúmlega 100 og er Bildudalur þó að öðrum ólöstuðum eitt fallegasta sjávarplássíð á Suðurfjörðum. En nú er Bildudalur að rísa upp aftur, m.a. fyrir tilstuðlan starfsemi Kalkþörungaverksmiðjunnar og öflugrar ferðabjónustu Jóns Þórðarsonar, útgerðarmanns. En við förum ekki inn á Bildudal að þessu sinni heldur ókum til hægri þegar komið var



### Á sólarströnd við Hvestu.

af heiðinni, ókum framhjá Otradal, bæ Eyjólfgráa, og um innfirði Arnarfjarðar, Fossfjörð, Reykjarfjörð, þar sem er ágæt sundlaug þó að aðstaðan sé fábrotin, og Trostansfjörð og þaðan loks uppá Dynjandisheiði. Þegar komið var niður af heiðinni áðum við í fall-egri fjörinni í Dynjandisvogi til að borða nesti. Í Dynjandisá er einn fallegasti foss landsins, Dynjandi, öðru nafni Fjallfoss.

### Úturdúr

Þeir, sem ferðast á vel búnnum jeppum, fara margir af Dynjandisheiði yfir á fjallveg (N65 42 587 – W23 12 270), sem liggur uppá gamla Dynjandisheiðarveginn. Þaðan má aka annað hvort til suðausturs inná Þing-

mannaleið til Vatnsfjarðar eða Vattarfjarðar, eða í hina áttina niður til Borgarfjarðar, innsta fjarðar Arnarfjarðar.

### Tíminn stendur kyrr

Að áningu lokinni í Dynjandisvogi héldum við ferðinni áfram. Förinni var heitið út Arnarfjörð um svokallaða Kjaransbraut, sem liggur út fjörðinn frá Stapadal til Lokinhamra og fyrir nesið inn í Dýrafjörð, þaðan sem ekið er áfram til Þingeyrar. Þetta er afar skemmtileg og falleg leið sem enginn ætti að sleppa, sem ferðast um Suðurfirðina.

Skömmu eftir að ekið er framhjá Hrafnseyri í Arnarfirði tekur við mjór og grasigróinn jeppaslóði, sem liggur út með Arnarfirðinum

norðanverðum. Hér taka sannarlega við náttúruperlur fyrir augað: Eyðibýli með reisu- legum bæjarhúsum sem stara út á haf og grasigrónar fjallshlíðar, allt þar til komið er að Skútubjörgum, þar sem mjór vegurinn liggur niður í steinóttu fjöruna undir slútandi bjarginu. Handan handan fjarðarins blasa Ketildalur við augum, Hvestudalur, Hring- dalur, Bakkadalur, Austmannsdalur, Fífustaðadalur og Selárdalur ásamt Ytri- og Innri- hvílt.

### Bakþankar

Ég skal reyndar viðurkenna að á leiðinni til Skútubjarga fékk ég örllitla bakþanka. Á leiðinni kemur maður nefnilega að gatna- mótum og þar er skilti sem vísar á leið til Dýrafjarðar um Kvennaskarð og Þórugil. Þá kemur maður niður handan fjalls við Kirkju- ból undir Þríhnúkum og er þaðan skammt til Þingeyrar. Ég hálfse eftir því að hafa ekki kvatt ferðafélagana í bili og farið þessa leið, enda förum við hina leiðina að mestu sumarið 2000. Þá förum við frá Þingeyri en komumst ekki alla leið í Skútubjörg, þar sem gatan í hlíðinni hafði hrunið að mestu á kafla skömmu áður en þangað var komið. Þá var Elís á Grænlandi og enginn nógu vogaður að sarga nýja götu í bergið.

### Eftirminnilegasti fjallvegur landsins?

Við héldum samsé áfram með ferðafélög- unum til Skútubjarga og áfram til Hrafn- bjarga og Lokinhamra. Þar fæddist Guð- mundur Hagalín skáld. Á leið þangað liggur mjór vegurinn ofar í fjallshlíðinni, hlykkjast upp og niður og þykir mörgum leiðin nokkuð skuggaleg. Það er þó ekkert miðað við það sem tekur við Dýrafjarðarmegin. Mörgum er sá kafla leiðarinnar eftirminnilegastur af öllum fjallvegum landsins vegna stórbrotins landslags, útsýnis og skuggalegs vegstæðis. Leiðin í heild er líka tilvalin gönguleið, hvort sem farið er út með firðinum eða um Kvennaskarðið. Enda hafa Vestfirðingar komið á fót árlegu hlaupi í ætt við Lauga- vegshlaupið fyrir sunnan og njóta þau sívax- andi vinsælda.



Horft heim til Sjöundár frá Rauðasandi.



## Á slóðum Gísla

Frá Lokinhömrum ókum við framhjá Svalvogum og fyrir Hafnarnesið inn í Dýrafjörðinn. Á Þingeyri beið okkar kennarinn og leiðsögumaðurinn Þórir Örn Guðmundsson. Hann fór með okkur um tún og slakka við Haukadalsbæinn og sagði okkur sögu Gísla Súrssonar meðan hann bjó í dalnum. Gísli flutti frá Noregi um 950 ásamt fjölskyldu. Þorbjörn súr, faðir hans, keypti land í Haukadal og bjó Gísli þar ásamt Auði, konu sinni, eftir foreldra sína. Þaðan hrökklaðist hann að lokum eftir víg þeirra Vesteins og Þorgríms, mága sinna, og gerði sér fylgsni í Geirþjófsfirði. Mæli ég hiklaust með leiðsögn Þóris um Haukadalin.

Á fimmta degi héldum við áfram rakleitt til Bildudals. Eftir fróðlega heimsókn í plötu, sögu- og minjasafn Jóns Kr. Ólafssonar, söngvara við Tjarnarbraut, héldum við niður að höfn þar sem okkar beið kóngurinn á Bildudal, Jón Þórðarson, útgerðarmaður og ferðafrömuður, um borð í báti sínum, Höfrungi BA 60. Förlinn var á ný heitið á slóðir Gísla og nú í Geirþjófsfjörð, þar sem hann háði lokaorrustuna og féll. Ferðin var allt í senn, skemmtileg og áhugasamur enda Jón góður sagnamaður, fróður og áhugasamur um verkefni sín. Ferðamenn verða ekki sviknir af ferð með Jóni hjá Eaglefjord á Bildudal. Ég notaði reyndar tækifærið á leið í Geirþjófsfjörð og tók við hann viðtal um möguleika á frjálstri hafbeit þorsks í Arnarfirði. Ég kom ekki að tómunum kofanum þar hjá Jóni enda var viðtalið birt í tímariti síðar sama ár. Í Geirþjófsfirði leiddi Jón okkur um helstu göturnar og sýndi okkur eitt af fylgsnum Gísla. Við gengum uppá Kleifar þar sem lokabardaginn hófst og síðan á Einhamar, þar sem Gísli varðist vasklega en féll



**Á Einhamri, þar sem Gísli féll að lokum. Í baksýn er Geirþjófsfjörður og fjöldi gróðursettra grenitrjáa, sem stinga nokkuð í stúf. En það það er auðvelt að vera vitur á og víst er að þau gera engum mein.**

að lokum fyrir mönnum Eyjólfss gráa. Á leið til baka úr Geirþjófsfirði renndum við fyrir þorsk og fengum nokkra sem við gerðum að og elduðum síðar um kvöldið.

Á sjötta degi var komið að leiðarlokum. Það hefur alltaf verið regla hjá okkur að fyrsti dagurinn og sá síðasti eru frjálssir dagar og þá gera menn nákvæmlega það sem þeim

sýnist. Þess vegna tvístrast hópurinn yfirleitt strax á hlaðinu síðasta daginn. Hver heldur sína leið – og þannig var það hjá okkur.

– Bolli Valgarðsson er ráðgjafi hjá KOM.



Undir Skútabjörgum á leið til Lokinhamra.






FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ [flugfelag.is](http://flugfelag.is)

# Alltaf ódýrara á netinu



Aðeins nokkur skref á netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara.  
Þú bókar flugið á [flugfelag.is](http://flugfelag.is) þar sem  
þú finnur ódýrustu fargjöldin og að  
auki frábær tilboð.

**Smelltu þér á [flugfelag.is](http://flugfelag.is),  
taktu flugið og njóttu dagins.**



Guðjón Arnar Kristjánsson fyrrv. alþingismaður segir frá,  
meðal annars silungsveiði í Hornvík á nærbrókinni einni saman

# Hælavíkurbjarg, Hornvík og Hornbjarg



Guðjón A. Kristjánsson.

Ég hef lengi haft þá sýn á þróun ferðamála, að ströndin með sitt dýralíf í björgum og fjörum verði nýr vaxtarauki í ferðaþjónustu. Sá sem kemur undir fuglabjörg að vori og sér þær þúsundir fugla sem þar sitja, fljúga eða synda og gefur sér tíma til að horfa og njóta, gleymir aldrei þeirri ótrúlegu sýn. Fegurðin við björgin á þjartri vörnótt og sól er engu lík og í raun alveg sérstakur heimur sem ferðamenn upplifa ekki annars staðar.

Hælavíkurbjarg og Hornbjarg ásamt Hornvíkinni eru í raun töfrastaður sem verður vart lýst með orðum. Menn verða hreinlega að fara og sjá þessa dýrð sem Guð gaf okkur Íslendingum. Eins og svo víða á landinu okkar fær fegurðin ekki notið sín nema við góð veðurskilyrði og undir björgunum helst í sléttum sjó.

Ef ég ætti að velja stað til að sýna erlendu fólki hvað Ísland er stórbrotið, þá væri ferð minni enn og aftur sett á stefnumót til hinna norðlægu bjarga og í grónar vikur milli þeirra. Maður fyllist eiginlega lotningu gagnvart sköpunarverkinu þegar til þverhniptra bjarganna er litið. Þeir sem kunna söguna geta síðan bætt um betur og sagt frá lífi og lífsbaráttu þeirra sem þar bjuggu og hversu verðmæt björgin voru fyrir fólkið sem matarkista, sem var einnig stór þáttur í því að þarna var mannlíf og að búseta gat haldið velli í vikum Hornstranda. Að björgunum sóttu menn til fanga um langan veg og höfðu sínar reglur um nýtingu löngu áður en nútíma náttúruvernd kom til.

Náttúruverndin í dag er stundum skadleg lífinu í björgunum og hefur í raun útrýmt fuglalífi á sumum svæðum og fækkað tegundum. Því miður telja sumir að menntunin ein segi allan sannleika og á því megi byggja framtíð alla. Svo er ekki og reynsla kynslóðanna oft miklu verðmætari og betur fallin að verndun og nýtingu en nútíma nýtingarviðhorf.



Hornbjarg. Ljós. © Mats Wibe Lund.

Mörg furðuleg og sérstök náttúrusmíðin er við björgin með sín fornu nöfn og sérstöðu. Bera nöfn eins og Fjallir og Stapar, ranar, hillur og skörð, nef og syllur. Ég ráðlegg fólki að fara í vorferð undir björgin, sú ferð er í góðu veðri mikils virði. Það er einnig margt að sjá á siglingaleiðinni að björgunum, hvort sem lagt er upp í ferðina frá Norðurfirði á Ströndum eða frá Ísafjarðardjúpi. Þær siglingaleiðir eru samt sem áður mjög ólíkar þar sem frá Norðurfirði er í góðu veðri siglt innan skerja þar sem margt er að sjá. Vesturleiðin frá Ísafirði eða Bolungarvík er sigling fyrir annes og jafnvel inn á vikur en að öðru leyti greið leið með fá sker að varast.

Ferðamenn sem ekki hafa áður komið í svo óspillta náttúrparadís geta upplifað svæðið á óvæntan hátt. Ég kom einu sinni við í

Hornvík á heimleið úr Reykjarfirði ásamt sonum mínum. Þeir fóru í gönguferð inn í undirlendi Hornvíkur enda ekki komið þar áður, þá ungar menn. Ég lagði silunganet í sjó vestan til í Hornvíkinni. Það var sól og hlýtt og engan mann að sjá svo ég var bara á nærbrókinni og óð út með netið. Lagðist svo í volgan sandinn og beið eftir silungum sem sóttu í marflóna. Fljótlega kom í netið og ég óð út í, náði í tvo og lagði af stað í land með aflann.

Þegar ég kem í fjöruna verð ég þess var að tvær konur standa á grasbalanum og horfa vandlega á kallinn. Ég lét sem ekkert væri, kinkaði kalli og lagðist í sandinn. Aftur kom silungur í netið og ég óð út og í land aftur. Þá sé ég hvar konurnar eru mættar með teppi, léttklæddar, með sólgleraugu og

bók og leggjast í sandinn skammt frá í sólbað. Aftur fór ég út í sjó að ná í silung og þær horfðu áhugasamar á. Hitinn var greinilega ekki nægur og þær vöfðu um sig teppinu fljótlega og fóru. En skömmu síðar kom hópur af ferðamönnum, konur og karlar, á grasbalann ofan við fjöruna með myndavélar til upptöku, töldu ef til vill að þetta væri sérstakt sýningaratriði fyrir þá. Þá tók ég ákvörðun um að nú væri nóg komið og óð út í og tók upp netið.

Hvort þetta atriði er til á myndbandi í Frakklandi skal ósagt látið en þetta var greinilega áhugaverð markaðssetning á náttúrulegri hegðun Íslendinga. Spurning hvort einhver sæmilega vel vaxinn karlmaður eins og ég var þá leggur þessa iðju fyrir sig í Friðlandinu.



# Vestfirðir

- þinn áfangastaður með okkur -

Vigur - Hesteyri - Hornvík, Hornstrandir - Nature Reserve  
Gönguferðir - Walking - Hiking, Kayakferðir - Kayak Tours  
Refaskoðun - Arctic Fox, Siglingar - Boat Tours



Vesturferðir 

Ferðaskrifstofa / Traveling Agency  
Sími/Tel: 456 5111, info@vesturferdir.is, www.vesturferdir.is

## HÓTEL NÚPUR DÝRAFIRÐI



Kökuhlaðborð eftirfarandi sunnudaga frá kl 15:00-17:00, 13. júní, 11. júlí og 15. ágúst.

**Gisting 5.300 kr. pr mann í tveggja manna herbergi, uppbúið.**

Frír aðgangur að eldhúsum fyrir alla hótलगesti.

Frítt fyrir börn yngri en 12 ára, stór 3-5 manna fjölskylduherbergi í boði.

**Veitingasalur opinn öll kvöld í sumar frá 19:00-21:00**

Matur úr héraði, Guðmundur Helgason matreiðslumeistari sér um matseldina.

Hótel Núpur sími 456 8235 - info@hotelnupur - www.hotelnupur.is







Núpur í Dýrafirði. Ljós: Sigurjón J. Sigurðsson.

# „Matarmínjagripir“ á Hótel Núpi

Hótel Núpur er í norðanverðum Dýrafirði í húsnæði gamla héraðsskólans. Þetta sumar er þriðja árið í rekstri hjá bræðrunum Guðmundi og Sigurði Helgasonum. Hótelíð er nýjasti aðilinn á Vestfjörðum að Ferðapjónustu bænda. Það er rekið á ársgrundvelli en

þó er aðeins um að ræða daglega opnun frá 1. júní til 31. ágúst. Á öðrum tímum árs er hótelíð opnað fyrir hópa eða sérstaka viðburði. Má þar meðal annars nefna að á adventunni er boðið upp á jólahlaðborð og þá hafa maí og september verið vinsælir hjá

kórum sem koma vestur. Einnig hefur verið mikið af ráðstefnum ýmiskonar. Þá hefur hótelíð hafið útrás og sér það um þorablótið bæði á Þingeyri í Dýrafirði og í Seattle í Bandaríkunum ár hvert. Jafnframt er Hótel Núpur vinsæll staður til að halda ættarmót. Í sumar er þannig von á vel á annað þúsund manns á sex ættarmótum.

Hótel Núpur er aðili að „Beint frá býli“ og Local Food Vestfjarða – „Veisla að vestan“. Á veitingastað hótelsins er lögð áhersla á staðbundið hráefni og leggja þeir bræður mikinn metnað í að geta boðið upp á slíkt. Allur fiskur kemur frá trillukörlum í Dýrafirði eða Önundarfirði og allt lambakjöt kemur frá Fremri-Hjarðardal í Dýrafirði. Hótelíð hefur einnig verið í samstarfi við elsta skrudgarð landsins, Skrud í Dýrafirði, og verið að nýta í matseldinni þær afurðir sem falla til þar. Í sumar verða seldir matarmínjagripir „beint frá býli“ á hótelinu, meðal annars rabarbarasulta, bláberjasulta, hunda-

súrupestó, hundasúrumajónes, þurrkaðar kryddjurtir og fleira.

Þá hafa þeir bræður í samstarfi við bændur í firðinum fengið styrk frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands til að standsetja kjötvinnslu hótelsins svo að bændur geti hafið heima-vinnslu afurða (Beint frá býli) og er ætlunin að vinnsla þar hefjist í haust. Allt miðar þetta að því að skapa vinnu í heimabyggð og auka framlegð hjá bændum með því að þeir selji sínar afurðir sjálfir „beint frá býli“.

Hótelíð er í góðu samstarfi við afþreyingar-fyrirtæki í nágrenninu og þannig er hægt að fara í hesta-, kajak- og sjóstangveiðiferðir. Í nágrenni hótelsins má finna mikið af fall-egum merktum gönguleiðum og þar er einnig fjölbreytt fuglalíf. Síðastliðin tvö ár hefur verið unnið að því að standsetja sundlaug og íþróttasal hótelsins sem eru í elsta húsinu á Núpi. Stefnt er að því að láta renna í sundlauginu í vor, en ekki hefur verið synt í henni síðan sundlaugin á Þingeyri var opnuð.

**Siglingar í Skáleyjar, Hvallátur og Flatey**  
[www.eyjasigling.is](http://www.eyjasigling.is)  
[eyjasigling@eyjasigling.is](mailto:eyjasigling@eyjasigling.is)  
 Sími: 849-6748 • Sími um borð 854-1922

## Litlibær í Skötufirði

Athygli margra vegfarenda á leið um Djúpið beinist að Litlabæ í Skötufirði, skammt ofan við Þjóðveginn rétt innan við Hvítanes, en þar eru óvenjumiklar grjóthleðslur, jafnvel frá fyrri öldum. Elstu öruggu heimildir um Litlabæ eru frá árinu 1894 þegar tvær vínafjölskyldur settust þar að en margt bendir til að mannvistarleifar þar séu miklu eldri. Nokkuð eftir aldamótin 1900 er víst að milli 20 og 30 manns bjuggu þar en eftir 1917 bjó aðeins ein fjölskylda í Litlabæ og var búið þar til ársins 1969 þegar býlið fór í eyði.

Litlibær er á ýmsan hátt mjög áhugaverður staður. Túnið er afmarkað af þykku steinhleðnum garði og mælist það um þrjár hektarar. Einstaklega vel hefur verið vandað til

allra steinhleðslna. Ábúendur á Litlabæ höfðu lífibrauð sitt af sjávarmýtum ekki síður en landbúnaði og þaðan var stundað útræði.

Meðal tófta á Litlabæ er hringlaga fjárborg sem stendur við veginn. Hún er talin vera mun eldri en aðrar hleðslur við Litlabæ og áður fyrr var talað um að hún væri byrgi síðan Papar voru hér. Árið 1999 komst Litlibær í vörslu Þjóðminjasafnsins og ráðist var í miklar endurbætur á íbúðarhúsinu, innan dyra jafnt sem utan.

Í sumar er opið á Litlabæ frá miðjum maí og út ágúst. Þar verður hægt að kaupa kaffi og heimagerð meðlæti að hætti húsfreyjunnar á Hvítanesi. Einnig er til sölu margs konar handverk úr héraði.



# Nýtt Gistiheimili á Suðureyri



17 herbergi með uppúnum rúmum  
- morgunverður innifalinn

- Göngufæri í einu útisundlaug Ísafjarðarbæjar
- Aðstaða fyrir barnafólk
- Þráðlaust internet
- Hentar vel jafnt fyrir einstaklinga, fjölskyldur eða hópa

Nánari upplýsingar á:  
[www.66guesthouse.is](http://www.66guesthouse.is) • [gisting@66guesthouse.is](mailto:gisting@66guesthouse.is) • Sími 456 5566



## A romantic trip to the last Century



Café



Icelandic Pancakes



Adventure



Læknishúsið á Hesteyri

The Old Doctors House (1901)  
in the nature reserve Hornstrandir


[www.hesteyri.net](http://www.hesteyri.net)

phone: 8469381

boats from Bolungarvik and Isafjörður



Summerparty 31. júlí 2010



Hiking



Sleepingbag Accomodation



Original



Nature



# Skrímflasetrið á Bíldudal



Félag áhugamanna um stofnun skrímlaseturs á Bíldudal var stofnað árið 2007, að mestu af brottfluttum Arnfirðingum í Reykjavík sem höfðu áhuga á að leggja gömlu heimabyggðinni lið í viðleitni til að auka framboð á atvinnu og til að laða að ferðamenn. Setrið skyldi gera þeim hjóðararfi skil sem felst í sögnum af skrímslum víðs vegar um landið, ekki síst úr Arnarfirði.

Félagið festi kaup á gömlu iðnaðarhúsnæði, þar sem Bíldudals grænar baunir voru áður framleiddar. Það var í mjög slæmu ástandi og ljóst að það þyrfti kraftaverk til þess að koma því í stand. Leitað var til brottflutta Arnfirðinga og heimamanna um aðstoð og var Grettistaki lyft. Hátt í hundrað sjálfboðaliðar hafa tekið þátt í verkefninu og

skilað yfir 3.000 vinnustundum. Þessi ótrúlega þátttaka og mikli samtakamáttur var meðal annars kveikjan að því að Gíslí Einarsson sjónvarpsmaður tók verkefnið fyrir í þáttum sínum *Út og suður*.

## Hvers vegna skrímlasetur á Bíldudal?

Flestir félagsmenn ólust upp við frásagnir af fjörulöllum og öðrum kynjaskepnum í Arnarfirði. Þeir töldu að þær gætu verið kjörin afþreying fyrir ferðamenn sem hefðu áhuga á að kynna sér menningu og sögu svæðisins og jafnvel fengið þá til að staldra lengur við.

Við undirbúning var leitað til Þorvaldar

Friðrikssonar „skrímslafræðings Íslands“ sem hefur safnað skrímslasögum um tuttugu ára skeið. Í förum hans má finna hátt í fjögur þúsund frásagnir frá öllum landshlutum. Samkvæmt rannsóknum hans sker Arnarfjörður sig úr hvað varðar fjölda sagna og tegunda og má því segja að staðsetning fyrir skrímlasetur sé hvergi betri en á Bíldudal.

## Metnaðarfullt verkefni

Lagt var af stað með það að leiðarljósi að verkefnið yrði svo vandað að ferðamenn kæmu sérstaklega til þess að skoða það. Til að svo mætti verða voru Árni Páll Jóhannsson leikmyndahönnuður og Margmiðlunar-fyrirtækið Gagarín, sem eru meðal fremstu

sérfræðinga landsins í hönnun og smíði safna, fengnir til liðs við verkefnið sem byggt yrði á sögum Þorvaldar.

Uppbygging húsnæðisins hófst strax og samhliða var unnið við hönnun sýningarinnar. Fjármögnun gekk vel allt fram að hruni bankanna en með elju og útsjónarsemi tókst að opna fyrsta hluta Skrímlasetursins í lok júní 2009, um mánuði síðar en áætlað var í upphafi.

## Sýningin

Sýningunni er ætlað að hafa í senn skemmtana- og fræðslugildi og sögunum eru gerð góð skil á spennandi og nýstárlegan hátt. Á margmiðlunarborði, sem er ný íslensk hönnun, er hægt að ferðast um allan Arnarfjörð á landakorti og skoða myndskreyttar skrímslasögur sem birtast þegar farið er um söguslóðir. Borðið á engan sinn líka á landinu og var það tilnefnt til markaðsverðlauna ÍMARK 2010. Á skjám eru viðtöl við sjónarvotta og fræðsla um skrímsli og skrímslutrú Íslendinga.

Í setrinu er haldið utan um þær skrímslasögur sem til eru úr Arnarfirði og skráðar nýjar sögur sem berast. Þessar sögur eru hluti af menningararfi okkar sem við eigum að varðveita. Skemmtileg umgjörð sýningarinnar hefur vakið hrifningu gesta og komið skemmtilega á óvart.

## Framtíðarsýn

Þótt athyglisverðum áfanga sé náð er uppbyggingu Skrímlasetursins hvergi nærri lokið og frekari framþróun og útvíkkun safnsins eru í stöðugri gerjun. Margar skemmtilegar hugmyndir eru á teiknaborðinu og verður gaman að fylgjast með hverju fram vindur á komandi árum.

## Félagslegi þátturinn

Uppbygging setursins og samvinna brottfluttra og heimamanna hafa skapað ótrúlega samheldni og aukið áhuga löngu brottfluttra Arnfirðinga á því að endurnýja kynnin við heimahagana. Samstarfið við uppbygginguna á setrinu hefur aukið bjarsýni manna, sem orðið hefur til þess að margar nýjar hugmyndir um atvinnuskapandi verkefni hafa orðið til.

Skrímflasetrið er opið frá 1. júní til 15. september. Aðgangseyrir er 800 krónur en frítt fyrir 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum. Í rúmgóðu anddyri setursins eru seldar léttar veitingar. Heimasiða setursins er skrimli.is.

## Gisting í íbúðum!

Fullbúnar íbúðir með aðgengi að interneti, þvottavél og þurkara. Kolagrill á svölum. Svefnpokapláss eða uppábúin rúm eftir pöntunum!



## Mánafell

Stigahlíð 2-4 Bolungarvík • Sími 863 3879 - 892 1616 • Heimasiða: [www.orkudisa.com](http://www.orkudisa.com)  
Netfang: [arndis@vestfirdir.is](mailto:arndis@vestfirdir.is)





Veitingastaður

Skemmtistaður

Kaffihús



Sími: 456 6660



Njótum landsins með fjölskyldunni  
í sumar og **komum heil heim.**



Jón Reynir Sigurvinsson, jarðfræðingur og skólameistari Menntaskólans á Ísafirði

# Vitnisburður um myndun Dýrafjarðar við upphaf ísaldar

Elstu menjar um jökla á Vestfjörðum er að finna í jökullónaseti á Skagafjalli við norðanverðan Dýrafjörð og á Saudanesi við norðanverðan Öndarfjörð. Auðvelt er að ganga á þessi fjöll og sérstaklega er auðvelt að ganga á Skagafjall. Auðveldasta leiðin er frá Sandsheiði upp á Heiðar og þaðan út á Óþola, sem er í 705 m hæð yfir sjávarmáli. Frá Óþola blasir Dýrafjörðurinn við, útskorinn í hraunlagastafla, sem hlóðst upp fyrir 11-16 milljón árum.

Á Skagafjalli er mikill sethjalli sem hvílir mislægt ofan á berggrunninum. Yfirborð hjallans nær hæst um 680 m við Óþola. Þaðan er hægt að rekja setlöginn nær óslitið um 7 km leið meðfram suðvesturbrún fjallsins. Rétt fyrir innan Fjallaskaga slitnar sethjallinn í sundur á 800 m kafla. Þar þekur hnullungadreif yfirborð berggrunnins. Sethjallinn kemur svo aftur í ljós í fjallsbrúninni fyrir ofan Fjallaskaga og er óslitin fram á Þúfu, sem er 600 m breiður og 500 m há fjallsrani er skilur að Nesdal og Dýrafjörð. Jökullónasetið hefur sest til í jökullóni sem myndast hefur í kverkinni milli Skagafjalls og skriðjökla sem grófu út Dýrafjörðinn við upphaf ísaldar fyrir 2,3-3 milljónum ára.

Mikill munur er á framburði jökuláa að



Greinarhöfundur í kjörlendi jarðfræðingsins.

sumar- og vetrarlagi. Jökulvatnaset sem sest til úr grugginu er því reglulega lagskipt. Lög hvers árs, sumar- og vetrarlag, eru nefnd hvörf og setið í heild hvarfleir. Á Skagafjalli er setbakkinn þykkastur við Skörð rétt innan við Fjallaskaga en þar nær yfirborð hans lengst inn á fjallið eða um 400 m. Annars staðar myndar sethjallinn 150-200 m breitt belti meðfram fjallsbrúninni. Við Skörð skiptast á jökulbergslög og hvarfleirslög. Jökulbergslögin eru fimm og eru þrjú neðstu 2-3,5 m þykk en tvö efstu eru allt að 10 m. Þykkt jökulbergslaganna er óregluleg og einkennast lögin af hnullungum sem sitja í hörðnuðu seti sem er blanda af ýmsum kornastærðum. Yfirborð allra jökulbergslaganna myndar skörp skil við hvarfleir sem á þeim hvílir.

Hvarfleirslagasyrþumar eru 4-19 m þykkar en samanlögð þykkt þeirra er 46 m. Lögin eru lík að allri gerð. Mest áberandi eru lagþynnur úr silti og leir sem skiptast á reglubundinn hátt. Siltlögin eru dökk- og ljósgrá



Arnarnes séð ofan af Óþola.

og víða má sjá örþunn ljósbrún leirlög innan þeirra. Þykkt siltlaganna er mjög breytileg eða frá nokkrum mm upp í 1 m. Siltlögin hafa myndast um sumar þegar enginn lagnaðarís var á lóninu. Í lok leysingartímabilsins jókst hlutfallslegt magn leiragna sem settust til botns og myndun leirlagsins hófst. Siltlagið gengur yfir í neðri hluta leirlagsins án glögggra marka en skörp skil eru á milli neðri og efri hlutans, sem gæti stafað af snöggri kólnun og myndun lagnaðaríss í lok leysingartímabilsins. Örþunn leirlög, margfalt þynnri en nærliggjandi leirlög, hafa sennilega myndast í kuldaköstum á yfirstandandi leysingartímabili og þegar lónið var ísillagt. Leirlögin skiptast í tvo hluta. Neðri hlutinn er ljósbrúnn og grófarir en sá efri sem er dökkbrúnn. Neðri hlutinn settist til vegna eðjustrauma í lok leysingartímabilsins og vatnsrennsli í lónið fór ört minnkandi. Efri hlutinn endar í hárskarpri línu sem markar upphaf næsta leysingartímabils (sumars). Út frá fjölda hvarfa í lónasetinu á Skagafjalli má álykta að samanlagður líftími lónsins hafi verið allt að 1200 ár. Neðarlega í næstneðstu hvarfleirssyrþunni er basískt öskulag, um 8 cm þykkt, ólívugrænt og þynnótt neðst en svart og ólagskipt í efstu 5 cm. Útnesið milli Öndarfjarðar og Dýrafjarðar hét áður Hjallanes og er því við hæfi að nefna þetta gjóskulag Hjallanesöskulagið. Ekki er vitað úr hvaða eldstöð þetta öskulag er en líklegasti upprunastaður þess eru megineldstöðvar á Vesturlandi sem voru virkar fyrir rúmum 3 milljónum ára.

Mislægt ofan á efstu hvarfleirssyrþunni í Skörðum er 2 m þykk gosaska, mjög ljós og finkorna. Þetta gjóskulag finnst einnig við Óþola þar sem lagið er um 10 m þykkt og hefur því hlotið nafnið Óþolagjóskulagið. Ofarlega í Óþolagjóskulaginu eru greinilegir sandskaflar með skálögum, sem bendir til þess að hún hafi borist með vindi á þurran lónabotninn. Ofan á gjóskulaginu er möl og sandur sem borist hefur yfir lónabotninn í miklu leysingavatnsflóði (jökulhlaupi). Líklegt er að þetta öskulag sé ummerki eftir sprengigöngi í megineldstöð sem hefur þá verið undir jökli. Niðurstöður efnagreininga

á glerkornum og aldursgreininga benda til þess að Óþolagjóskan sé komin frá megineldstöð sem kennd er við Húsafell fyrir 2,3 milljónum ára. Gosmökkurinn eða öllu heldur brennisteinsdíoxíðið hefur leitt til minnkandi inngelsunar frá sólu, sem hefur svo leitt til minnkandi leysingavatnsmyndunar í nokkur ár þar sem siltlög næstu lagapara eru sem örþunn bönd. Gera má ráð fyrir að gjóskan hafi verið a.m.k. 10 cm þykk jafnfallin í umhverfi lónsins.

Með fundi jökullónasetins var hægt að sýna fram á það í fyrsta sinn, að jökullaus svæði á Íslandi hafi verið til staðar á jökulskaiðum ísaldar, en þau hafa verið um 30 slík og varað hvert um sig í um hundrað þúsund ár.

Grasfræðirannsóknir benda til þess, að útbreiðslumiðjur plantna, sem hjörðu af jökulskaið ísaldarinnar, séu á Vestfjörðum, Austfjörðum og þó einkum um miðbik Norðurlands þar sem jökullausa svæða er einmitt helst að vænta af veðurfars- og jarðfræðilegum ástæðum. Erfitt er að finna aðra skýringu á útbreiðslu tegundanna á miðsvæðunum aðra en þá, að þarna séu leifar einangraðra gróðursvæða.

Á jökullausum svæðum á jökulskaiði mun loftslag hafa verið með mun meiri meginlandsblæ en nú vegna suðlægar legu ísaskila. Lífsskilyrði á jökulskerjunum á Skagafjalli og Saudanesi munu ekki hafa verið lakari en nú er á NA-Grænlandi norðan 80° (Pearyland) en það er jökulvana vegna úrkomueklu. Á þessu kaldranlega heimshorni dafna nú um 100 tegundir æðri plantna. Loftslag mun þá sennilega hafa verið hlýrra á jökulskerjum héraendis og aðstæðum svipað meira til þess sem er nú í Esjufjöllum, en þau eru jökulsker í Breiðamerkurjökli. Rætur þeirra eru í 800 m hæð en hæstu tindar 1500 m. Þar lifa nú um 100 tegundir háplantna góðu lífi.

Þær tegundir sem telja má einkennandi fyrir Vestfirði, en eru óþekktar eða sárastaldgæfar annars staðar á landinu eru þessar: Skógelfting finnst á einum stað við Ísafjarðardjúp og á öðrum við Ingólfsfjörð. Þessi tegund finnst svo austur við Gerpi. Hliðarburkni finnst á tveimur stöðum í Jökulfjörð-

um en hvergi héraendis utan Vestfjarða. Ýmsir aðrir burknar eru miklu algengari á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum og eins er um lyngjafna. Stinnastef finnst á þrem stöðum í Strandasýslu, en annars hvergi nema á Austfjörðum, og svipuðu máli gegnir um hagastör. Melasólin fylgir nákvæmlega öllum þeim svæðum vestanlands og norðan, sem hugsanlegt er að hafi verið íslaus á síðasta jökulskaiði. Melasól er talin ein þeirra planta í Skandinavíu sem traustust vissa er um að hafi lifað af síðasta jökulskaiði.

Tilvalið er að ganga fram á Þúfu, en svo nefnist fremsti hluti Skagafjalls, og ganga svo með fjallsbrúninni suðvestan við Nesdal. Í Nesdal er vatn sem myndast hefur þegar berghlaup hefur fallið þvert yfir dalinn. Þjóðsagan segir að þá hafi nokkrir bæir ásamt kirkju orðið undir skriðunni. Líklegra er að þessi mikla skriða hafi fallið fyrir nokkur þúsundum ára enda sést í þykkan jarðveg undir frambrún berghlaupsins.

Í Nesdal eru einnig mikil hrúgöld sem líkjast berghlaupum. Þessi hrúgöld hafa verið talin mynduð við það að spildur hafi hlaupið fram úr hliðunum og þá skömmu eftir að jökla leysti. Hugmyndin er sú að jöklarnir hafi rofið hliðarnar svo brattar að þær hafi orðið óstöðugar og því hrunið fram. Önnur skýring hefur nýlega komið fram að þetta séu fornir grjóttjökla eða þelaurðir. Þegar grjótt hrynur úr fjallshliðum fram á skálarjökla getur það hulið þá alveg. Á þennan hátt getur safnast saman þykkt lag af grjóti ofan á jökul sem skriður fram. Jökullinn ber fram grjótið ofan á sér án þess að það nái að neinu marki, og finna efni, svo sem silt og sandur, skolast ekki í burtu. Þegar jökullinn bráðnar undan verður grjótsvuntan eftir sem urð eða bingur í bæli hans.

Það sem jökullinn ýtir fram undir sér er aftur á móti dæmigerður jökulruðningur. Ef hrúgöldin eru grjóttjökla að uppruna hafa þeir verið virkir mjög snemma á nútíma, hafa líklega tekið við er stóru daljöklarnir hörðuðu. Erfitt getur verið að greina á milli hvaða þáttur hefur verið ráðandi við myndun einstakra hrúgalda og í sumum tilfellum gætu báðar skýringarnar átt við.



## Upplifðu óbyggðirnar handan við hornið



NORTH EXPLORERS



North Explorers » Hæstakaupstað, Ísafirði » Sími 456 3322 » [www.northexplorers.is](http://www.northexplorers.is) » [info@northexplorers.is](mailto:info@northexplorers.is)



## TÁLKNAFJÖRÐUR

Góð þjónusta í fallegum bæ

- Eitt besta tjaldsvæði landsins
- 25m. útilaug með rennibraut og heitum pottum
- Fjöldmargar gönguleiðir í stórkostlegri náttúru
- Náttúrulaug í fjallasal með fögru útsýni



[www.talknafjordur.is](http://www.talknafjordur.is)

## Kíktu vestur!

Tálknafjörður er skjólgóður, lygn og gróðursæll miðja vega á milli Arnarfjarðar og Patreksfjarðar, einungis 401 km frá Reykjavík. Fjölbreytt mannlíf er á Tálknafirði, gott félagslíf, íþróttamannvirki eins og þau gerast best og ekki má gleyma Pollinum. Í kaupúninu búa um 300 manns og fer fjölgandi.

## Kennarastöður

Við skólann eru laus störf leikskóla-, grunnskóla- og tónlistarkennara skólaárið 2010-2011.

Meðal kennslugreina í grunnskóladeild eru hönnun og smíði, íþróttir – líkams- og heilsurækt, listgreinar (myndmennt, tónmennt, leikræn tjáning og dans) og upplýsinga- og tæknimennt ásamt umsjónarkennslu á miðstigi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennararéttindi
- Reynsla af kennslu á viðkomandi kennsluviði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Ef þig langar að starfa í metnaðarfullum skóla við góðar aðstæður og með góðan starfsanda þá er Tálknafjarðarskóli skólinn fyrir þig.



Upplýsingar um störfin veitir skólastjóri, Trausti Þór Sverrisson, í síma 456 2537 ([trausti@talknafjordur.is](mailto:trausti@talknafjordur.is)).





## Setja fókusinn á Vestfirði

Bandaríkjamaðurinn Matt Willen og Ísfróingurinn Ágúst G. Atlason hafa undanfarið misseri unnið að ljósmyndaverkefni sem þeir kalla „Focus Westfjords“. Báðir eru þeir sjálfmenntaðir áhugaljósmyndarar. Matt er er prófessor við Elizabethtown-háskólann í Pennsylvaníu og var á ferðalagi á Ísafirði fyrir tveimur árum. Eftir göngu-túr um bæinn var hann staddur niðri við höfnina og þar hitti hann Ágúst sem var í hjólréiðatúr. Þeir fóru að ræða saman og komust fljótlega að því að þeir væru báðir ljósmyndarar og segja einstakan kunningskap hafa kviknað milli þeirra um leið. Ágúst bauð Matt til sín í mat og var boðið upp á ýsu en Matt er mjög hrifinn af íslenskum mat.

Fljótlega kom upp hugmyndin að áður-nefndu verkefni og Matt var aftur mættur til Vestfjarða í mars í fyrra til að vinna að því með Ágústi. Markmiðið er að ljósmynda Vestfirðinga og staðhætti á Vestfjarðakjálkanum og skrásetja í myndum hvernig fólkíð lifir og starfar í umhverfi sínu og svo framvegis. Matt hefur komið til Vestfjarða í þessum tilgangi á mismunandi árstímum því hann hefur mikinn áhuga á þeirri ólíku dagsbirtu sem Íslendingar búa við.



Ágúst og Matt stefna á að vinna fleiri verkefni saman í framtíðinni. Þeim þætti kjörið að gera verkefni á heimaslóðum Matts þar sem hlutverkin snúast við. Þá yrði Ágúst í hlutverki gestsins en Matt heimamaðurinn, en það er einn kjarni

þessa verkefnis sem þeir vinna að á Íslandi. Ágúst sér hlutina með augum heimamanns en Matt með augum aðkomumannsins og þannig skapast fjölbreyttari sýn á Vestfirði. Einnig er stefnt á verkefni seinna meir þar sem báðir væru utanaðkomandi og Matt

nefnir Tahiti sem dæmi!

Vefsíða Focus Westfjords:

<http://focuswestfjords.com>

Vefsíða Matt: <http://mattwillen.com>

Vefsíða Ágústar: <http://gusti.is>







**HÓTEL**  
*Ísafjörður*

Take a breath in Ísafjörður...  
Excellent facilities and comfort  
Warm and friendly service  
Sandy beaches, birdcliffs  
and mountains

Andaðu léttar á Ísafirði...  
Ferskt vestfirskt fjallaloft  
Fjörlegur miðbær  
Fagleg þjónusta  
Fagurt útsýni

Hótel Ísafjörður, Silfurtorgi 2, 400 Ísafjörður, sími 456-4111  
info@hotelisafjordur.is www.hotelisafjordur.is



Greinarhöfundur hitar expresso-kaffi út á miðju Ísafjarðardjúpi.

### Spessi ljósmyndari

# Hornbjarg – Bol- ungarvík á kajak

Ég byrjaði að fara á kajak fyrir 15 árum. Það var Sigi Björns sem kynnti kajakinn fyrir okkur Péttri Hvammsvíkurbönda. Fyrsti kajakinn sem ég fékk mér var norskur trefjaplastbátur og fyrsta ferðin sem ég fór var að sigla úr Flatey og inn í Vatnsfjörð. Þá voru haldin kajakmót á hvítasunnu í Flókalundi undir stjórn Sigurjóns sem rak þá staðinn.

Þarna kynntist ég Ultima Thule drengjunum sem reka ferðaþjónustu. Seinna um sumarið hélt Ultima Thule kajaknámskeið og hafði fengið ástralskan kajakmann til að kenna. Kennarinn heitir Chris og kenndi hann okkur undirstöðuatriðin í kajakróðri.

Eftir námskeiðið var ákveðið að stökkva beint í djúpu laugina og fara í ferð á Hornstrandir. Ég bauð Chris að koma með og hringdi í Halldór Sveinbjarnar og bauð honum einnig með í ferðina. Dóri bauð vini sínum með sem ég man ekki hvað heitir og þannig fórum við fjórir í þessa ferð. Þá var ég búinn að losa mig við norska bátinn og búinn að panta mér miklu betri bát.

Gallinn á gjöf Njarðar var að ég keypti

hann gegnum netið og hann var eitthvað dularfullur á litinn. En ég tók sénsinn og keypti hann. Þegar báturinn kom til landsins var mikill spenningur að sjá hann og taka utan af honum umbúðirnar. Þá kemur í ljós þessi litríki kajak sem var ljósflublár á búkinn og með dökkfjólublátt sanserað dekk. Þetta var alveg rosalegt, maður fékk ofbirtu í augun. Þessi bátur var skírður á staðnum Diskópramminn. Hann er ennþá til og í eigu Péturs Hvammsvíkurbönda. Diskópramminn er þekktasti kajak landsins og endar á kajaksafninu þegar það verður sett upp einhvern tímann.

Í þá daga voru menn fyrir vestan ekki orðnir eins reyndir og í dag. Ísfirðingarnir voru á algjörum prömmum, 70 cm breiðum, einhvers konar tuppervare-bátum. Þarna var Dóri tekinn í kennslustund, sem er mjög sjaldgæft hvað kajaksportið varðar.

Það var ákveðið að fara fyrir Horn og sigla til baka til Ísafjarðar. Til að gera langa sögu stutta, þá var þetta þvilík upplifun að seint gleymist.

**Ferjan Baldur**  
Njóttu friðsældarinnar í Flatey

**Tímatafla**

Frá 10. júní - 22. ágúst 2010	Daglega kl:
Stykkishólmi	09:00 og 15:45
Flatey (til Brjánsl.)	10:30 og 17:15
Brjánslæk	12:15 og 19:00
Flatey (til Stykkish.)	13:15 og 20:00

Sjá vetraráætlun á [www.saeferdir.is](http://www.saeferdir.is)  
Ath. Hægt er að stoppa í Flatey án aukakostnaðar og senda bílinn áfram.  
Frítt fyrir börn 15 ára og yngri

Nýttu tímann vel

Brjánslækur  
Flatey  
Stykkishólmi

**Sæferðir**

**Bókunarsími 433 2254**

Sæferðir - Smiðjustíg 3 - Stykkishólmi  
saeferdir@saeferdir.is - www.saeferdir.is



Tjaldbúðir í Hornvík.





Róið úr Hornvík.

Við sigldum fyrir Hornbjarg kringum miðnætti og horfðum á sólina setjast. Ástralinn varð svo fyrir miklum áhrifum að hann tár-aðist. Við Vestfirðingarnir héldum kúlinu og ég fékk mér vindil.

Á þriðja degi vorum við staddir út af Aðalvíkinni og vorum að spá í hvað við ættum að gera næst. Dóri var eitthvað stressaður, þurfti að drífa sig í land til að fara að prenta BB og húkkaði sér far með einhverjum bát til Ísafjarðar. En við Chris rerum inn í Aðalvík og gistum þar nóttina.

Daginn eftir rerum við út Aðalvíkina og þegar við komum að Ritnum var alveg hífandi austanrok út Jökulfirðina. Við komum okkur upp á sker við Ritinn og biðum þar þangað til vindinn lægði. Um kvöldið rerum við síðan yfir Djúp og stefndum á Bolungarvík. Það var ennþá nokkur vindur á leiðinni.

Eftir þessa upplifun var ekki aftur snúið. Kajakdellan tók alveg yfir. Hvað mig varðar, þá finnst mér bara gaman að fara í svona leiðangra. Hef aldrei nennt að róa eitthvað bara til að róa eða æfa mig. Svona ferðir gera kajaksportið svo skemmtilegt fyrir mér. Keppnir, sigla kringum landið og því um líkt er ekki my cup of tea.

Fyrstu árin fór ég í nokkrar ferðir á ári. Svo hefur dregið úr áhuganum núna síðustu árin og ég fer svona eina ferð á ári og þá á Strandir. Núna tvö síðustu ár hef ég verið að fara á Strandir með finnskum vini mínum og að sjálfsgöðu hefur Dóri farið með okkur.

Síðastliðið sumar fórum við félagarnir Mika, Dóri og Örn Torfa sömu leið og fyrsta alvöru ferðin mín var: Hornbjarg – Bolungarvík.

– Sigurbör Hallbjörnsson (Spessi).



## Hótel og veitingastaður í Vatnsfirði

**Tjaldsvæði - Verslun  
Bensínstöð á staðnum**

Hótel,  
**FLOKALUNDUR**



Sími 456 2011 - Fax 456 2053

Netfang: flokalundur@flokalandur.is

Heimasíða: www.flokalandur.is





Aurora í Hornvík við sólsetur. Myndirnar tók Rúnar Óli Karlsson.

## Fjölbreyttar ferðir hjá Borea Adventures

Ferðaþjónustufyrirtækið Borea Adventures á Ísafirði hefur undanfarin ár gert út seglskútuna Aurora til ferða við Vestfirði og um Norðurhöf allt til Grænlands og Jan Mayen. Forsvarsmenn eru Rúnar Óli Karlsson og Sigurður Jónsson skipstjóri. Fleira hangir þó á spýtunni hjá Borea.

Nýlega er hafin markaðssetning á dagsferðum frá Ísafirði sem eru alveg ótengdar skútunni og í fyrstu verða það nokkrar tegundir af kajak- og gönguferðum. Þeir sumarstarfsmenn hafa verið ráðnir til að sinna þessu í samstarfi við ferðaskrifstofuna Vesturferðir á Ísafirði. Eins er fyrirtækið með í sölu kajakferðir um Jökulfirði og Horn-

strandir, sem eru ótengdar skútunni. Þá er gíst í tjöldum. Þetta er góður kostur fyrir kajakfólk sem vill ögra sjálfu sér aðeins meira og er einnig ódýrari kostur.

Í byrjun þessa árs gerðist Borea Adventures aðili að samtökunum One Percent for the Planet, fyrst fyrirtækja á Íslandi. Samtökin voru stofnuð í Bandaríkjunum fyrir tæpum áratug og eru samstarfsvettvangur fyrirtækja sem lofa að láta minnst eitt prósent af ársveltu sinni renna til raunverulegra umhverfisverkefna. Frá því að samtökin voru stofnuð hafa 42 milljónir bandaríkjadala runnið til umhverfismála. Núna eru yfir þrjú þúsund fyrirtæki og samtök í þessum félagsskap.



Hressar stelpur ánægðar með daginn.



Kvöldmatur í síðdegissólinni í Rangala í Lónafirði í Jökulfjörðum eftir góðan skíðadag.

Borea Adventures hefur valið að styrkja Melrakkasetrið í Súðavík og komið er á virkt samstarf. Í sumar verður í fyrsta skipti boðið upp á sérstaka refaskoðunar- og rannsóknarferð um Jökulfirði og Hornstrandir þar sem leiðsögumaður verður Ester Rut

Unnsteinsdóttir, refasérfræðingur á Melrakkasetrinu. Íslenski refurinn er vannýtt auðlind í íslenskrri ferðaþjónustu og hefur mikið aðdráttarafl, sérstaklega hjá erlendum náttúruunnendum þar sem mjög erfitt er að nálgast refinn í löndunum í kringum okkur.





MEÐ BORGUN  
TEKUR ÞÚ VIÐ  
ÖLLUM KORTUM

Borgun auðveldar viðskipti og hefur sérhæft sig í öruggri greiðslumiðlun í 30 ár

**BORGUN**

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | [www.borgun.is](http://www.borgun.is)

**SIGUR VINNST HÉR**

**Fyrsti sigurinn er sigur hugans - ég vil og ég get**  
 Síðan skref fyrir skref, hver áfangi er mikill sigur. Þannig vinnum við - byggjum upp fólk eins og þig með endurhæfingu á Reykjalundi - fyrir lífsins smáu og stóru sigra.

Hugurinn er sigurafi - taktu ákvörðun tryggðu þér sigurmiða í síma **552 2150** eða á [sibs.is](http://sibs.is)

**40** um milljónir í hverjum mánuði 2010

HAPPDRÆTTI  **SIBS**  
 ... fyrir lífið sjálf.

  32.531 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð óbreytt 1.000 kr.

H-N markaðsáskjal / SÍA



# Skrímslasetrið

## BÍLDUDAL

Skrímslasetrið  
á Bildudal er opið  
frá 1. júní til  
10. september.  
Opið alla daga  
vikunnar  
frá kl. 11:00-18:00.  
Kaffisala og  
léttar veitingar.



**Skrímslasetrið**  
The Icelandic Sea Monster Museum

Strandgata 7 • 465 Bildudalur • Sími: 456 6666  
E-mail: skrimсли@skrimсли.is • www.skrimсли.is



# Melrakkasetur Ísl í Eyrardal í Súða

Í sumar opnar Melrakkasetur Íslands í gamla Eyrardalsbænum í Súðavík. Melrakkasetrið er fjölbreytt verkefni þar sem meðal annars er að finna sýningu um íslenska melrakkann (refinn) þar sem með tímanum verður safnað allri mögulegri þekkingu sem honum viðkemur í fortíð og nútíð. A boðstólnum er fræðandi efni í máli og myndum um melrakka í náttúrunni, hérlendis sem erlendis, sögu refaræktar og refaveiða. Á sýningunni eru veggspjöld og lifandi myndefni, fyrirlestrar, safn merkra muna, handverk, uppsett dýr, vopn og margt fleira.

Saga refaveiðimanna er í sérstöku herbergi þar sem hægt er að setjast niður og fletta alþúmum og hlusta á viðtöl, skoða myndir, bréf, kvæði, sögur og fleiri skráðar heimildir. Melrakkasetrið á mikið undir góðu samstarfi við refaveiðimenn og afkomendur aldinna skyttna og gerir sitt besta til að fara vel með það efni sem berst að láni eða til varðveislu.

## Frumbyggjarnir vinsælar fyrirsætur

Melrakkar voru einu landspendýrin á Íslandi þegar fyrstu mennirnir námu hér land. Hér dagaði tófuna uppi við lok ísaldar fyrir um 10 þúsund árum og er hún því eina alíslenska landspendýrið. Melrakkar finnast um allt Ísland en þéttleikinn er mismunandi eftir svæðum, mest er af þeim á Vestfjörðum. Refurinn hefur verið uppspretta margra sagna og má segja að ekkert villt dýr hafi sett eins mikinn svip á mannlíf í gegnum tíðina. Margir hafa alist upp við þá hefð að villtir yrðlingar hafi verið teknir af greni og aldir á heimili þeirra fram á vetur. Þá var refaskinnið með því verðmætasta sem náttúran gaf. Nú á tímum eru refir eftirsóttar ljósmyndafyrirsætur og heilla ferðamenn sem fara um Friðland Hornstranda.

Melrakkasetrið lítur á refinn sem einkennisdýr Vestfjarða og hefur einsett sér að gera honum sem best skil í tíma og rúmi. Sagan drýpur af hverju strái og dýrin búa í miklu návígi við manninn enn þann dag í dag.

## Leiga fyrir hvalveiðistöð



Yrðlingur gægist úr gjótu. Ljós. Matt Willen.

Eyrardalsbærinn sem hýsir Melrakkasetrið er norskt tilsníðið timburhús (katalog), byggt í lok níjtjándu aldar. Sagt er að húsið sé greiðsla fyrir leigu á landi undir norska hvalveiðistöð á Langeyri en Eyrardalur var stór jörð á sínum tíma. Húsið var yfirgefið í upphafi áttunda áratugarins og var komið í niðurnislu árið 2005 þegar sveitafélagið Súðavíkurhreppur ákvað, í kjölfar íbúðapings, að hefja uppbyggingu þess. Árið 2007 var Melrakkasetur Íslands ehf. stofnað og var Eyrardalsbærinn valinn sem framtíðaraðsetur þess.

Húsið er hið glæsilegasta, stendur hátt á fallegum stað milli Kofra og Sauratinda, með útsýni yfir Álftafjörðinn. Sýning Melrakkasetursins er sett fram í „bakarínu“ sem er viðbygging við Eyrardalsbæinn, en veiðimannaherbergið er innsta herbergi gamla hússins. Sjón er sögu ríkari en sýningin er enn í þróun og mun vaxa og dafna með tímanum.

## Ölkrús á Rebbakaffi

Í Kofrastofu og stásstofu gamla Eyrardalsbæjarins er notalegt kaffihús og minjagripasala. Þaðan er opið út á pall og hægt að sitja úti með kaffibollann sinn eða ölglas í skjóli Kofra og með útsýni yfir Álftafjörðinn. Einnig verður boðið upp á dýrindis te og heimalagaða ávaxtadrykki. Þess má geta að gamla húsið er endurbbyggt í upprunalegri mynd og klætt að innan með yfir hundrað ára gömlum panel og tilheyrandi millistokki.

Á Rebbakaffi er sýning á merku safni frímerkja og póstkorta sem tengjast melrakknum, frá ýmsum löndum heims og ólíkum tímum. Opið er fyrir internetaðgang og því ættu menn að geta fylgst með heimsfréttunum, skoðað tölvupóst, bloggað eða farið á fésbókina.

## Refajóga og náttúrubió

Á loftinu í Eyrardal er opið rými og hátt til lofts en þar verður boðið upp á ýmislegt skemmtilegt í sumar. Kómedíuleikhúsið setur þar á svið leikritið „Melrakki“ sem fjallar um refinn og baráttu hans við óblíð

Byggðasafn  
Vestfjarða  
Westfjords Heritage Museum  
Ísafjörður - Tel.: 456 3299 - byggðasafn@isafjordur.is

**TURNHÚS  
ÍSAFJÖRÐUR**

**15. maí - 15. sept.: kl. 9 - 18**

**Aðgangseyrir:  
Fullorðnir: kr. 550  
Eldri borgarar: kr. 450  
Ókeypis fyrir grunnskólaaldur**

**May 15 - Sept. 15: 9 - 18**

**Admission fee:  
Adults kr. 550  
Seniors: kr. 450**

nedsti.is



# ur Íslands úðavík



Það er eins og melrakkinn brosi við myndasmiðnum. Ljósmei. Matt Willen.

náttúruöfl og helsta óvin sinn, manninn. Einnig verður upplifunar-myndsýning, náttúru-lífs-bíó og aðstaða fyrir litlar ráðstefnur og vinnufundi. Á loftinu verður líka boðið upp á refajóga einu sinni í viku í sumar.

Leikritið verður sýnt tvisvar í viku í júlí en annars um helgar. Allar upptökur á Melrakkasetrinu verða auglýstar sérstaklega.

## Fræðasetur á háskólastigi

Melrakkasetrið er þátttakandi í rannsókn-um sem tengjast íslensku tófunni, í samstarfi við Háskóla Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða. Meðal verkefna eru krufningar á dýrum sem veidd eru í fjórðunginum, vöktun refastofnsins í Hornvík og rannsókn á áhrif-um ferðamanna á refi. Frekari rannsókn-averkefni á ýmsum sviðum, svo sem líffræði, fornleifafræði og sagnfræði eru ýmist hafin eða í bígerð.

Melrakkasetrið tekur þátt í samnorrænu verkefni sem gengur út á þróun sjálfbærrar dýralífsferðamennsku, The Wild North. Þátt-tökulöndin eru, auk Íslands, Noregur, Fær-eyjar og Grænland, en íslenskir aðilar eru Selasetur Íslands, Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Húsavík (hvalir) og Náttúrustofa Norðurlands vestra (fuglar). Vestfjarðaklasi Hins Villta Norðurs sam-standur af Melrakkasetrinu, Náttúrustofu Vestfjarða, Rannsókn- og fræðasetri Háskóla Íslands í Bolungarvík, Vesturferðum og Borea Adventures.

Verkefni eru fjölmörg en meðal annars er námskeið í boði hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, upplýsingaskilti á Hornströndum, bæklingur, rannsóknir á ferðamönnum og dýralífi ásamt dýralífsferðum þar sem refir eru sýndir í mögnuðu umhverfi í friðlandi Hornstranda.

## Í frábæru umhverfi

Á útisvæðinu í Eyrardal stendur til að

hlaða eftirlíkingar af grjótgildrum og skot-byrgjum ásamt alvöru tófugreni. Gerður var samningur við Náttúrustofu Vestfjarða um samstarf við að setja upp sýningarsvæði fyrir grasagarð á lóðinni. Þar verður safnað saman vestfirskum plöntum til fróðleiks og yndisauka. Sem dæmi um einkennisplöntur Vestfjarða eru tófugras og skollaber og eiga slíkar plöntur hvergi betur heima en einmitt á Melrakkasetrinu. Hægt er að fara í göngu-ferðir á refaslóðir meðfram ánni og upp í Sauradal en einnig er vinsælt að ganga á Kofra og Sauratinda og tilvalið að byrja og enda ferðina í Eyrardal. Á Melrakkasetrinu eru til sölu göngukort og hægt að fá upplýs-ingar um aðila sem taka að sér leiðsögn í ferðir um svæðið.

Í Álfafirði er mikið fuglalíf og gaman að

fylgjast með krium og lómum á Langeyri, skörfunum og fýlnum við Arnarneshamar og hinum eldhressu bæjarhröfnum. Á sjónum er mikið af æðarfugli og stundum fylgja þeim æðarkóngar, þar má einnig sjá straum-undur, toppendur, hávellur og teistur. Grá-hegrar hafa haldið sig í Álfafirðinum síðast-liðið ár og ekkert fararsnið á þeim. Á sjónum í botni Álfafjarðar sjást endur, álfir og gæsir og út um allan fjórðinn má sjá og heyra ýmsa vaðfugla, svo sem stelka, sendl-inga, tjalda, lóur, spóa, sandlóur og hrossa-gauka og alltaf er hægt að eiga von á fálka eða erni á sveimi. Ágæt silungsveiði er í ánni sem rennur úr Seljalandsdal í botni Álfafjarðar en þar gildir Veiðikortið til af-nota. Selir synda nálægt ströndinni og kíkja forvitnir á ferðamenn og stundum sést jafnvel

í hrefnur nálægt landi, sérstaklega síðsumars og á haustin.

Raggagarður er fjölskyldugarður í „gömlu byggðinni“ í Súðavík. Mitt á milli Melrakka-seturs og Raggagarðs er afbragðs tjaldstæði með öllum nútímabúnaði fyrir húsbíla og tjaldvagna, sturtum, salernisaðstöðu og þvottavél. Það ætti því ekki að væsa um þá sem ákveða að dvelja í Súðavík í sumar og enginn þarf að láta sér leiðast.

Melrakkasetrið opnar 12. júní og verður sýningin opin daglega kl. 10-18 en kaffihúsið er opið kl. 10-22 út ágúst. Í vetur er sýningin opin alla virka daga kl. 12-17 en kaffihúsið er opið við sérstök tilefni og eftir samkomu-lagi.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíð-unni [www.melrakki.is](http://www.melrakki.is).



Eyrardalsbærinn sem hýsir Melrakkasetur. Ljósmei. Ágúst G. Atlason.





Kyrrðarstund við Kaldalón líkt og hjá Sigvalda Kaldalóns forðum. Ljós. Sigurjón J. Sigurðsson.

# Kaldalón undir Drangajökli

Kaldalón við norðanvert Ísafjarðardjúp er eitt fegursta og best geymda leyndarmál Vestfjarðakjálkans. Þangað hefur aldrei verið mikill straumur ferðafólks enda er staðurinn afskekktur þó að þangað liggi bílvegur. Við Lónið, sem raunar er um fimm kílómetra langur fjörður, og í dalverpinu inn af því,

eru jökulgarðar með ýmsum bergtegundum – verksummerki Drangajökuls þegar hann náði lengra fram. Áin Mórilla liðast um leirur Kaldalóns eins og snákur en dimmir hamrar eru í kring. Eftir stutta göngu fram dalverpið er komið að sporði Drangajökuls.

Bærinn Ármúli er rétt innan við Kaldalón.

Þar bjó á sínum tíma héraðslæknirinn og tónskáldið Sigvaldi Kaldalóns. Ættarnafnið tók hann sér vegna þess hve hrifinn hann var af fegurð náttúrunnar á þessum stað. Hann naut þess að ganga þar um og leggjast fyrir og njóta kyrrðarinnar. Í Kaldalóni hefur verið reistur minnisvarði um tónskáldið ástsæla.

Norðan Kaldalóns byrjar Snæfjallaströndin, sem nú er komin í eyði nema yfir sumar tímamann. Til skamms tíma var búskapur í Bæjum og Unaðsdal og nokkru fyrir Tyrðilmýri í eyði. Þeir sem leggja leið sína í Kaldalón koma yfirleitt líka í Snjáfjallasetur í Dalbæ, rétt utan við Lónið, en þar er opið á sumrin.



## Reykhólahreppur – unaður augans

Reykhólahreppur nær yfir svæðið frá Gilsfirði og allt vestur undir Flókalund við norðanverðan Breiðafjörð. Auk þess mestan hluta Breiðafjarðareyja, þar sem Flatey er höfuðbólið.

Einstök náttúrufergurð í mildu og mjúklátu landslagi og gönguleiðir við allra hæfi. Fjölbreyttasta fuglalíf á landinu (og þótt miklu víðar væri leitað). Gisting af öllu tagi í boði – hótelin í Bjarkalundi og Flatey, gistiheimili, bændagisting, tjaldsvæði.

Í þorpinu á Reykhólum (aðeins 228 km frá Reykjavík og bundið slitlag alla leið) er verslun og heilsugæsla. Frábær 25 m útisundlaug (Grettislaug) og við hana tjaldsvæði og góð aðstaða fyrir húsbíla. Þaðan liggur göngustígur niður að fuglaskoðunarskýlinu við Langavatn.

Á Hlunnindasýningunni á Reykhólum eru kynntar hinar fjölbreyttu náttúrunytjar við Breiðafjörð á fyrri tíð. Þar er einnig verið að koma upp einstæðu safni af breiðfirskum bátum.

Sigling út í Breiðafjarðareyjar með Eyjasiglingu á Reykhólum. Forntraktorar á Grund. Fornbílar á Seljanesi.

**Sjáumst!**

Bjarkalundur við Berufjarðarvatn

Vaðalfjöll  
– einstök náttúrusmið

### Upplýsingamiðstöð ferðafólks

Mariutröð, Reykhólum

434 7830 / 892 2240


hlunsi@reykholar.is

Reykhólavefurinn: [reykholar.is](http://reykholar.is)



Í 11 ár hafa ánægðustu viðskiptavinirnir í bankakerfinu á Íslandi verið hjá Sparisjóðnum.

## Hvar ert þú?



DYNAMIO REYKJAVÍK

### HÉR FINNUR ÞÚ ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVININA Í BANKAKERFINU Á ÍSLANDI!

Samkvæmt Íslensku ánægjuvöginni eru ánægðustu viðskiptavinirnir í bankakerfinu hjá Sparisjóðnum. Við þökkum viðskiptavinum okkar afar ánægjuleg viðskipti í gegnum tíðina. Starfsfólk Sparisjóðsins hefur ávallt lagt sig fram um að veita persónulega þjónustu og býður alla landsmenn velkomna í viðskipti.

 **SPARISJÓÐURINN**  
– fyrir þig og þína



Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, segir frá vísitasíum á Vestfjörðum fyrr og nú

# Há fjöll og helgir staðir

Í fyrra og árið þar á undan fór ég um Vestfirði á vísitasíu, en svo nefnist sá þáttur í starfslýsingu biskupsins sem snýr að því að vitja kirkna, safnaða og presta. Orðið er úr latínu og merkir heimsókn, vitjun. Þetta er án efa ánægjulegasti þáttur míns embættis, og sem skilur eftir dýrmætar minningar. Nú var röðin komin að Vestfjörðum. Það var mér mikið tilhlökkunarefni, ekki síst vegna þess að ég naut þess tvisvar að fá að fylgja föður mínum er hann fór um þennan magnaða landshluta fyrir fjórum áratugum. Fyrra sinnið var ég tólf ára snáði, og fékk að vera með á vísitasíu um Barðastrandarprófastsdæmi. Þetta var árið 1960, ferð sem varð mér ógleymanleg. Síðara skiptið var árið 1966 er faðir minn vísitaraði Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi og þá var ég bílstjóri hans á ekki síður minnisstæðri ferð.

Í fyrri ferðinni laukst upp ný veröld fyrir mér. Ég heillaðist af fegurð náttúrunnar, þeirri makalaus fjölbreytni sem hún hafði upp á að bjóða, og borgarbarnið þekkti ekki fyrr, alinn upp á Skólavörðuholtinu í Reykjavík og hafandi verið í sveit í marflötum Flóanum. Þetta var einstæð undraveröld. Svo voru það sögurnar. Þeir voru miklir sagnamenn, faðir minn og prófasturinn, séra Jón Ísfeld, sem var með í för. Nærfellt á hverjum stað voru líka fyrir sagnameistarar og ljóða, fóru með ljóð, og sögur voru sagðar sem vörpuðu ljóma yfir sérhvern stað og landið lifnaði með sérstökum hætti og innsýn inn í sál fólks sem lifði nánd sögu, sagna og ljóða.

Það var ólýsanlegt ævintýri að sigla með Jóni Danielssyni, bónda í Hvallátrum, á vélbáti hans, Draupni, sem hann mun hafa smíðað sjálfur af mikilli list og hagleik. Að gista í Hvallátrum þar sem allt bar vitni um rótgróna hefð og menningu eyjabænda, það er ógleymanlegt, eins að sigla þaðan til messu



Að lokinni guðspjónustu á Patreksfirði. Ásamt biskupi eru á myndinni kirkjukórinn, organistinn Elzbieta Anna Kowalczyk og kórstjórinn Maria Jolanta Kowalczyk. Yst til vinstri eru sóknarpresturinn sr. Leifur Ragnar Jónsson og prófasturinn í Vestfjarðarprófastsdæmi, sr. Agnes M. Sigurðardóttir í Bolungarvík.

í Flatey og ganga síðan um þá heillandi paradís. Að koma á Rauðasand, að hinu forna höfuðbóli Saurbæ, horfa út í Skor og heyra sagt frá feigðarför Eggerts Ólafssonar, það af munnri fólks sem ræddi þá atburði var það eins og það hefði gerst í gær, svo lifandi var það allt í minningunni. Að koma á

Látrabjarg og líta þau firm, leggjast á brúnina og fylgjast með fuglinum, horfa ofan í svellandi brimið í urðinni undir þverhnípinu, seiðandi, svimandi ægidjúp. Að koma í Breiðavík og sitja til borðs með drengjunum sem höfðu verið sendir á þennan heimsenda úr sollinum í Reykjavík. Ég þekkti einn

þeirra í sjón, hrekkjusvín var hann kallaður í hverfinu mínu. Það var spennandi og jafnframt ógnvekjandi, og hvað vissi maður svosem um það sem þeir höfðu lifað þessir strákar, já og reynt á þessum svo magnaða stað þar sem fjörusandurinn, sem virtist óendanlegur, var slegin gullnum roða í kvöldsolinni.

Svona lá leiðin milli sögustaða, úr einni ævintýraveröldinni í aðra. Þá var byggð í dölum og fjörðum og vikum, sem nú eru í eyði, eða því sem næst, fjölbreytt mannlíf, félagslíf í blóma, eða það fannst manni þá. Forn frægðarsetur, Selárdalur og Sauðlauksdalur, sem enn var prestssetur. Og Hagi á Barðaströnd, þar sem héraðshöfðingjar sátu og allt var með reisu og myndarbrag sem maður ímyndaði sér að hefði verið um aldir. Í Skálmarnesmúla var ég viðstaddur vígslu kirkjunnar. Það var mikil upplifun. Bátsferð frá Brjánslæk á spegilsléttum firðinum, fólk sem dreif að hvaðanæva af sjó og á landi. Þetta var hjartur og fagur dýrðardagur. Og svona voru þessir sumardagar, og því er þessi landshluti æ síðan tengdur við sólarbirtu, hátíðarstemningu og gleði. Svona gæti ég haldið áfram að rifja upp þetta undursamlega ævintýri, fyrstu kynnin af Vestfjörðum.

Eins og fyrr er getið þá fór ég öðru sinni með föður mínum og nú um Vestur-Ísafjarðarsýslu. Þetta var árið 1966. Leiðin lá milli fjarðanna og yfir heiðarnar, til að vitja helgistaðanna og helgidómanna, þar sem hver fjörður og hérað er með sínum svip, hver öðrum svipmeiri og fegurri. Frá þeirri ferð er mér einkar minnisstæð heimsókn í Keldudal og messa í hinni fornu Hraunskirkju. Hún var æði hrörleg orðin þá, þar sem hún kúrdi umkringd mikilúðlegum fjöllum. Svo fór fólkið að streyma að til messu, ungir og gamlir, í jeppum og á traktorum,

**Ferðafólk!  
Verið velkomin  
til Súðavíkur**



Sjáumst í Súðavík!  
[www.sudavik.is](http://www.sudavik.is)





Fyrir utan kirkjuna í Skálmarnesmúla í Múlasveit í Austur-Barðastrandarsýslu eftir messu þar á liðnu sumri. Við hlið biskups er sóknarpresturinn í Reykhóla-prestakalli, sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir. Alltaf er messað einu sinni á ári í Skálmarnesmúla, á laugardegi í júnimánuði.

sitjandi á heygrindum um langan veg, klukkur hringdu til tíða og sálmasöngur og heilagt orð fyllti húsið litla hátíð og helgi.

Svo var ég svo kominn vestur öðru sinni og í sömu erindagjörðum og faðir minn forðum. Visítasía er eftirlit með því að allt sé í góðri reglu og hirðu, að skrá eignir og muni kirknanna, hitta prestana og sóknarnefndirnar og söfnuðina, uppörva og styðja. En öðrum þræði var þessi ferð mín nú eins konar pílagrímsferð, endurfundur við staði og stundir sem ég hafði átt á helgum stað í huga mér. Langt er um liðið, og svo margt með öðrum svip. Vegirnir alla vega betri, víðast hvar, þó miklu sé ólokið í þeim efnun! En fjöllin og firðirnir enn á sama stað, landið með sama svip. Helgidómarnir og kirkju-garðarnir víðast hvar í góðri umhirðu eins og þeim þjóðargersemum sáemir. Og fólkið gott nú sem fyrr, og sem leggur fram krafta sína í þágu hins góða lífs, samfélags og menningar á grundvelli góðra og traustra lífsgilda.

Og nú bættust við nýir staðir og ný ævintýri. Nú lá leiðin norður í eyðibýggðirnar í Aðalvík og Grunnavík, að Hesteyri og í Unaðsdal. Það eru allt svo magnaðir staðir í mikilfenglegu umhverfi. Eyðistaðir sem svo margir eiga sterkar taugar til og vitja til að sækja sér næringu og kraft. Það var ótrúlega áhrifaríkt að ganga heim að Stað í Aðalvík í dýrindisblíðu og hitta fyrir fólkið sem þar var stadd til að lagfæra kirkjuna. Að sitja að borði í gamla prestssetrinu og borða dýrindis kjötsúpu með þessu skemmtilega fólki, og eiga síðan guðsþjónustu með því í kirkju-garðinum forna, innan um forna bautasteina. Og maður fylltist auðmýkt og þakklæti, þakklæti fyrir þá ræktarsemi við helgan stað



Í hraðbát á leið út í Flatey. Biskupinn ræðir við Jóhannes G. Gíslason í Skáleyjum á Breiðafirði, formann sóknarnefndar Flateyjarsóknar.

og sögu sem þarna gaf að líta, áttahagatryggð og kærleika.

Hið sama má hvarvetna sjá. Oft er haft á orði að kirkjan sé bara fortíðarþrá og sögu-rómantik. Það má svo sem vel vera eitthvað til í því. En því má samt ekki gleyma að kirkjan er vörslumaður helgistaðanna sem varðveita minningu lands og þjóðar. Kirkju-garðarnir minna á þau sem á undan eru gengin og eru áminning um virðingu okkar við þau. Það er gott að verða vitni að reisu og virðingu og metnaði sem víða heldur utan um helgistaðina og þeirri iðkun sem þeim tengist og minnir á hið stóra og djúprættu samhengi sem við stöndum í sem þjóð. Kirkjunni er falið að gæta þessara þjóðargersema. Það er samfélagsábyrgð og skyldu-kvöð, sem kirkjan vill sinna með reisu. Og ber jafnframt að sjá til þess að kirkjurnar verði ekki minjasöfn, heldur bænahús. Það er víða svo gott fólk að störfum á vettvangi kirkjunnar, gott fólk sem leggur sig fram um „að gera eitthvað fallett fyrir Guð“, eins og Móðir Teresa orðaði svo fallega. Við eigum að varðveita minningarnar. Það er aldrei mikilvægara en nú á tímum einnota hluta og minnisleysis.

Reynsla mín af Vestfjörðum takmarkast að mestu leyti við sól og blíðu. Ég þekki lítið til vestfirsku vetrarhamsins, nema þá úr fjarlægð. Ég veit vel að nánd hengiflugsins, lífsháskans og ógnarfls náttúrunnar mótar mannlíf og samfélag. En ekki aðeins það, heldur líka minningin og sagan af því hvernig sigur fæst í fangbrögðum við ofureflið, og hvað það er sem lýsir gegnum sortann og leiðir gegnum torleiði öll. Um það vitna helgistaðirnir milli fjallanna háu. Ég þakka góðum Guði fyrir þá og þau öll sem þá annast og unna.

**Skór við öll tækifæri!**

**Sumarfatnaður  
Útivistarvörur  
Veidivörur  
Gasvörur**

Relíshjól  
TREK  
Fatnaður!  
ZO-ON  
66  
HÖRUR  
Regatta  
Back to the JANUS  
casall  
Didriksons  
HH

Tamaris  
VAGABOND  
ECCO  
crocs  
PUMA  
adidas  
NIKE  
VIKING


Hafnarbúðin  
Sími 456 3245  
Opí: Mánudaga-föstudaga 9-18  
& laugardaga 10-14

## Ný bók að vestan!

Bók þessi sýnir svart á hvítu hluta hinnar miklu fjölbreytni sem er að finna í náttúruauðlindum og menningu Vestfjarða. Fjöldi ljósmynda er í bókinni.

### Efnisyfirlit:

Svartfugl og svartfugllegg  
Hveitikökur – ómissandi með kjötinu  
Steinbitur – feitur og fallegur  
Mataræði og aðbúnaður sjómanna fyrr á tímum  
Sjóræningjar á Vestfjörðum  
Náttúra og saga á sunnanverðum Vestfjörðum - hefðbundin sýn  
Málþing á Patreksfirði voríð 2008  
Hlunnindi Breiðafjarðar og nýting þeirra  
Hvalkjöt - steik sem bragð er að!  
Selur - hollt og gott bjargráð  
Sögustaðir og sérstakir viðburðir í Vestur-Barðastrandarsýslu  
Séra Björn í Sauðlauksdal og kartöflurnar  
Iðnskólahald á Patreksfirði í 40 ár  
Skrímli í sjó og vötnum  
Tónlistin eflir sálina  
Einstakt fuglalíf - fuglar í Barðastrandarsýslum  
Sjómanna dagurinn á Patreksfirði  
Sagan endalauða



Fæst í bókaverslunum og víðar um land allt.

Einkasala í Vesturbyggð:  
Björgunarsveitin Blakkur.

Góða ferð.




**Vestfirská forlagið**

Upp með Vestfirði!  
Pantanir: 456-8181 - jons@snerpa.is



# Hótel Reykjanes við Djúp



Fyrir líkama og sál

Sundlaug - Heitur pottur	Upplýsingar og pantanir
Veitingar - Matur úr héraði	í síma: 456-4844
Siglingar - Kajak - Köfun	Heimasíða: www.rnes.is
Gönguleiðir - Selir - Fuglaskoðun	Netfang: rnes@rnes.is



Komið af Kollafjarðarheiði niður í Gufudalssveit. Ljós. Mats Wibe Lund.

## Einar Örn Thorlacius lögfræðingur skrifar Á ferð um Austur-Barðastrandarsýslu

Það er sennilega dálítið til í því sem sagt hefur verið, að Breiðafjörður sé gleymda svæðið á Íslandi. En hér er um stórkostlegt svæði að ræða og Vestfirðingar eru svo heppnir að Breiðafjörðurinn liggur að því landsvæði sem nú er oftast nefnt Vestfirðir. Sé litið á landakort sést að vogskorin norðurströnd Breiðafjarðar er jafnframt suðurströnd Vestfjarðakjálkans.

Segja má að tvö sveitarfélög skipti norðurströnd Breiðafjarðar á milli sín. Austurlutinn tilheyrir Reykhólahreppi og er gamla Austur-Barðastrandarsýslan. Vesturlutinn tilheyrir sveitarfélaginu Vesturbyggð og þar er um að ræða stóran hluta af Vestur-Barðastrandarsýslu.



Einar Örn Thorlacius, fyrrv. sveitarstjóri Reykhólahrepps.

### Hvar er Barðaströnd?

Nokkuð mikil tilhneiging hefur verið í fjölmiðlum að gefa norðurströnd Breiðafjarðar eitt nafn og það nafn hefur verið *Barðaströnd*. Sannleikurinn er bara sá, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, að þessi gífurlega langa og vogskorna strönd hefur ekkert eitt nafn.

Meira að segja samgönguráðherrar hafa talað um vegabætur á Barðaströnd og hafa þá verið að tala um vegabætur í Austursýslunni. Ruglingurinn stafar sennilega af því að bæði Austur- og Vestursýslan eru kenndar við frekar stutta strandræmu í Vestursýslunni sem heitir einmitt Barðaströnd. Sú strönd nær frá Vatnsfirði að Siglunesi.

### Þrettán firðir og snúa allir í suður

En við skulum beina sjónum okkar að Austursýslunni. Ég nefndi áðan að norðurströnd Breiðafjarðar væri vogskorin. Sé litið á Austursýsluna sérstaklega, þá verður að segja það eins og er, að sennilega geta fáir hlutar Íslands talist eins sundurskornir af fjörðum og þessi sýsla. Í Reykhólahreppi einum munu vera um þrettán firðir og má segja að skaparinn hafi sleppt fram af sér beislinu þarna. Þeir eru flestir stuttir (Þorska-fjörður reyndar þeirra lengstur) og allir snúa þeir í suður, sem er harla fátítt um firði á Íslandi.

Hvernig eiga menn að fara að því að tala um norðurströnd Breiðafjarðar, fyrst hún hefur ekkert eitt nafn? Svarið er auðvitað að finna hjá heimamönnum. Þegar samgöngu-

ráðherrann var að tala um vegabæturnar „á Barðaströndinni“ (á meðan hin eiginlega Barðaströnd var í rúmlega tveggja klukkutíma akstursfjarlægð til vesturs) þá átti hann í rauninni við vegabætur í Gufudalssveit sem má segja að sé miðhlutinn af Austursýslunni. Sé farið frá austri til vesturs tala menn nú á dögum um Reykhólasveit austast (frá Gilsfirði að Þorskafríði), síðan um Gufudalssveit (frá Þorskafríði í Kollafjörð) og vestast um Múlasveit (frá Kollafirði að Kjálkafirði).

Hvers vegna ættu nú ferðalangar að leggja leið sína um Austur-Barðastrandarsýslu? Margir taka Baldur yfir Breiðafjörð og taka þá land í Vestur-Barðastrandarsýslu. Aka síðan vestur og norður í gegnum Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslur til höfuðstaðar Vestfjarða, Ísafjarðarkaupstaðar. Þaðan liggur leiðin inn Ísafjarðardjúpið og yfir Steingrímsfjarðarheiði yfir í Strandarsýslu og svo suður Strandir og þannig út af kjálkanum. Eða þá í stað þess að aka suður Strandir að þeir fara nýja Arnkötluðalsveginn og aka þá um bláausturendann á Austur-Barðastrandarsýslu og eru komnir í Dalarsýslu fyrr en varir og þar með út af Vestfjarðakjálkanum. Þetta er glæsilegur hringur og veitir góða innsýn í Vestfjarðakjálkann. En – hann skilur Austur-Barðastrandarsýslu út undan og það er synd.

### Austursýslan er stórkostleg

Sannleikurinn er sá að Austursýslan er

## Ný bók að vestan!



Þessi bók fer vel í vasa og er allveg upplagt að glugga í hana á ferð um Vestfirði.

Vestfirsk myndni af bestu sort!

„Ólafur Ragnar Grímsson, ég er að kalla“

Það var á sokkabandsárum Ólafs Ragnars Grímssonar, núverandi forseta Íslands, á Þingeyri. Amma hans, Sigríður Egilsdóttir, þurfti þá stundum að kalla á strákinn í háttinn á kvöldin. Opnaði hún þá gjarnan gluggann á svefnherbergi þeirra hjóna og kallaði með hléum:

„Óli.“  
Ekkert svar.  
„Ólafur.“  
Ekkert svar.  
„Ólafur Ragnar.“  
Ekkert svar.  
„Ólafur Ragnar Grímsson. Ég er að kalla.“  
Og þá gegndi stráksi loks og þorði ekki annað en hlaupa heim í einum spretti!  
(Sögn nokkurra æskufélaga Ólafs)

Vestfirsk forlagið  
Upp með Vestfirðil!  
Pantanir: 456-8181 - jons@snerpa.is

Þú ert á hringnum!  
Fæst í bókaverslunum og víðar um land allt.  
Góða ferð.





Skálanes í Austur-Barðastrandarsýslu. Ljós. Mats Wibe Lund.

stórkostlegt svæði og hefur ýmislegt fram að færa. Til dæmis er í björtu veðri fallett útsýni yfir á Snæfellsnes og Snæfellsjökul þegar þjóðvegurinn er þræddur sem liggur eftir endilangri sýslunni. Og er þá horft á jökulinn úr norðri að sjálfsgöðu, sem er nýlunda fyrir íbúa höfuðborgarsvæðis. Þótt íbúarnir séu ekki margir er rekinn öflugur búskapur á mörgum bæjum og litla þorpið Reykhólar býður upp á góða sundlaug og verslun, og elsta sveitahótel á Íslandi er miðsvæðis, þ.e. Hótel Bjarkalundur.

Og úr því sundlaugar voru nefndar má nefna að í Djúpadal sem er nokkuð fyrir vestan Reykhóla er önnur sundlaug, innilaug, sem er opin allt árið eins og sundlaugin á Reykhólum.

Þjóðvegurinn sem hlykkjast í gegnum alla sýsluna frá austri til vesturs liggur yfir nokkra hálsa. Austast er Hjallaháls, síðan Ódrjúgsháls og svo Klettsháls. Íbúar þessarar sveitar geta orðið þreyttir á þessum hálsunum, þeir geta orðið tafsamir á vetrum vegna ófærðar og enda þótt þeir séu lágir kostar það alltaf dálítið erfiði að aka nokkur hundruð metra upp í móti til þess eins að fara niður aftur.

Öðru máli gegnir um ferðamenn. Að koma t.d. akandi niður af Hjallahálsi og horfa yfir Þorskaftafjörð og Reykhólasveitina er eins og að vera í flugvél. Ef það verða í framtíðinni grafin göng í gegnum alla þessa hálsa vor-kenni ég þeim ferðamönnum sem göngin verða að fara. Hvað svo sem segja má gott um jarðgöng, þá eru þau í raun ekkert annað en ljótar og dimmar holur og á fallegum sumardegum er sá kostur afskaplega lítið spennandi.

Vestasta sveitin, Múlasveitin, hefur þá sérstöðu að hafa verið algerlega í eyði í meira en hálf á öld. Það þykir spennandi að ferðast á Hornstrandir en sannleikurinn er sá að það er óþarfi að fara þangað þegar samsvarendi heillandi eyðisvæði liggur meðfram þjóðveginum eins og raunin er um Múlasveitina.

### Helsta arnasvæði landsins

Allt þetta svæði er náttúrulega einstakt. Ég hef ekið í gegnum Gufudalssveitina og á undan bifreið minni skokkaði mórauður refur. Ég hef séð fimm haferni á flugi samtímis yfir Reykhólum, enda er það sá þéttbýlisstaður á Íslandi þar sem mestar líkur eru á að sjá erni. Að horfa síðan út á Breiðafjörðinn með allar sínar eyjar er einstakt og mæli ég sérstaklega með útsýninu frá Skálanesi sem er skammt fyrir vestan Gufufjörð.

Á vesturströnd Þorskaftarðar er Teigsskóg að finna, sem er orðinn nokkuð frægur vegna þess að til stendur að leggja af veginn um Hjallaháls og leggja hann í staðinn í gegnum skóginn. Ef af þeirri framkvæmd verður á næstu árum fara að verða síðustu forvöð að ganga þessa leið, sem er skemmtileg gönguferð fyrir fjölskylduna á góðum degi.

Enn fremur er stíkuð gönguleið yfir Gufudalsháls á milli Kollafjarðar og Gufufjarðar og er hægt að mæla með þeirri leið.



Það allra besta við Austursýsluna fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins er sú staðreynd að þetta er sá hluti Vestfjarða sem næstur er höfuðborgarsvæðinu. Þegar hringvegurinn er ekinn og komið að bænum Dalsmynni í Norðurárdal í Borgarfirði er hægt að beygja inn veg nr. 60, Vestfjarðaveg, sem liggur um Brattabrekku (já, í fornsögunum er talað um Brattabrekku en ekki Bröttubrekku) til Vestfjarða. Það gera sér ekki allir grein fyrir því að frá þessum punkti á hringveginum eru einungis 83 km að Gilsfjarðarbrú þar sem ævintýrið byrjar og Vestfirðirnir taka við. Landslagið milli Gilsfjarðar og Þorskaftarðar er ævintýralegt eftir hina frekar sviplitlu Dali. Bundið slitlag að sjálfsgöðu alla leið og talsvert mikið vestar. Sums staðar eru vegirnir í Gufudalssveitinni og Múlasveitinni dálítið forneskjulegir, en þá þarf bara aðeins að slá af hraðanum og njóta tilverunnar og þessarar fögru sveitar.

ÆVINTÝRI  
Í  
ARNARFIRÐI  
  
KOMIÐ MEÐ

**FISKUR Á KRÓK  
FISKUR Á DISK**

**ÍBÚDAGISTING - SÖGUFERÐIR - VEIDIFERÐIR -  
GRILLFERÐIR**

HAFIÐ  
SAMBAND,  
GERUM  
GÓÐAN  
DAG BETRI

+354-894-1684 - jon@bildudalur.is - www.bildudalur.is





Bæði stórir og smáir finna sitthvað forvitnilegt að skoða á Náttúrugripasafninu.

# Náttúrugripasafn Bolungarvíkur

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur að Vita-  
stíg 3 í Bolungarvík er stærsta náttúrugripa-  
safnið á Vestfjörðum með yfir 300 fermetra  
sýningarsal. Safnið er tileinkað Steini Emils-  
syni jarðfræðingi, sem var lengi skólastjóri  
í Bolungarvík. Steinasafn hans er uppistaðan  
í steinasýningu safnsins og þar er gott yfirlit  
yfir íslenskar stein- og bergtegundir auk  
margra erlendra steinda. Einnig má þar sjá  
surtarbrand og fleiri steingerðar plöntuleifar.  
Í einum skáp er hvítbjörn umkringdur

selum, refum, minkum og músum. Fuglasýn-  
ingin er ein hin stærsta sinnar tegundar á  
landinu með yfir 160 tegundir fugla auk  
fjölda afbrigða og aldursstiga. Þar eru flestar  
tegundir íslenskra varpugla og margir flæk-  
ingar að auki. Einnig eru í safninu egg stórs  
hluta íslenskra varpugla. Safn skelja og  
kuðunga er þar líka að finna auk fleiri sjáv-  
ardýra.

Við sýninguna bætast alltaf við gripir á  
hverju ári. Á stærsta vegg safnsins eru settar  
upp ýmsar sýningar, tengdar náttúru Vest-  
fjarða, sem standa yfir í lengri eða skemmri  
tíma. Núna er þar veggspjaldasýning um  
Hornstrandafriðlandið.

Náttúrustofa Vestfjarða sér um daglegan  
rekstur Náttúrugripasafns Bolungarvíkur.  
Starfsfólk hennar annast einnig leiðsögn og  
fræðslu fyrir safngesti og skólastofnanir.

Frá 5. júní til 14. ágúst er safnið opið kl.  
8-12 og 13-17 á virkum dögum en kl. 13-17  
um helgar. Á öðrum tímum ársins er safnið  
opið á skrifstofutíma og eftir samkomulagi  
um helgar. Frekari upplýsingar má finna á  
heimasíðu safnsins – [www.natturugripasafn.is](http://www.natturugripasafn.is).



Eggin eru margvísleg  
eins og fuglar himinsins.



## Fossinn Dynjandi

Dynjandi í Arnarfirði, sem sumir vilja  
frekar kalla Fjallfoss í Dynjandi, er mestur  
fossa á Vestfjörðum og einhver fegursti og  
stílhreinasti foss landsins. Hann breiðist líkt  
og hvít svunta eða jafnvel brúðarslör um  
hundrað metra niður bungumyndað berg með  
klettastöllum. Dynjandi ber nafn með rentu,  
því að drunurnar frá honum heyrast langar  
leiðir. Skammt frá þjóðveginum rétt fyrir  
neðan Dynjanda hefur verið komið upp án-  
ingarstað og tjaldsvæði fyrir ferðamenn.

Dynjandisá fellur þarna fram af fjallsbrún-  
inni niður nærri hundrað metra hátt bungu-  
myndað berg með smástöllum. Neðan við  
meginfossinn eru nokkrir smærri fossar. Einn  
þeirra er Göngumannafoss, en hægt er að  
ganga á bak við hann. Þessi magnaði fossa-  
stigi hefur orðið til vegna lagskiptingar bergs-  
ins í hraunlög og lausari millilög, þar sem hraun-  
lögin eru fossberarnir. Fossarnir í Dynjandisá  
og umhverfi þeirra eru friðlýst náttúruvætti.



## Átthagamyndir

Glæsilegar myndir frá þínum heimahögum úr Íslandsmyndasafni Mats Wibe Lund  
Tilvalin gjöf til fjölskyldu og vina

Myndir í mörgum stærðum, allt frá 20x25 sm í gjafamöppu  
til stórra innrammaðra mynda.

Sjáðu myndirnar á vefsíðunni [www.mats.is](http://www.mats.is) og leitaðu að  
staðarnafni í nefnifalli með stjörnu á eftir.

Þú getur einnig sent tölvupóst á netfangið [mats@mats.is](mailto:mats@mats.is),  
með ósk um að sjá myndir af heimahögum og sumar-  
bústaðalöndum, eða fallegar landslagsmyndir, og þú færð  
sýnishorn á netinu.

**Mats**

[mats@mats.is](mailto:mats@mats.is) • Sími 892 1012

Átthagamyndir í nærri hálfá öld



# Ósvör – róíð aftur í aldir

Undir Óshyrnu við Bolungarvík austanverða er verbúðin Ósvör. Þaðan hefur verið róíð til fiskjar frá upphafi byggðar á Íslandi og allt fram á fyrstu ártuttugustu aldarinnar, þegar vélbátaöldin gekk í garð.

Sjóminjasafnið í Ósvör er endurgerð verstöð, svipuð þeim sem algengar voru við Djúp um miðja nítjándu öld. Þar er verbúð sem hýsti áhafnir tveggja sexæringa, fiskhjállur, þurrkreitur fyrir saltfisk, salthús, gangspil, trönur og annað það sem þurfti til útgerðar.

Sexæringurinn Ölver, sem stendur á hlunnum á fjörukambinum, var smíðaður árið 1941 og er dæmigerður fyrir fiskibáta sem notaðir voru við Djúp fyrir á öldum. Hann er langur og léttbyggður tvímöstrungur og í góðum byr undir fullum seglum voru slíkir bátar hraðfiskibátar þess tíma.

Í safninu í Ósvör er hægt að kynna sér aðbúnað þann sem sjómenn fyrri tíma bjuggu við, skoða veiðarfæri og helstu tæki og tól sem þurftu að vera í hverri verstöð.

Enginn ferðalangur sem leið á um norðanverða Vestfirði ætti að láta hjá líða að koma þar við og eiga tal við safnvörðinn, sem á góðum degi bregður sér í skinnklæði svipuð þeim sem íslenskir sjómenn klæddust fyrir á öldum.

Frá 5. júní til 14. ágúst er safnið opið alla daga kl. 10 til 17. Utan þess tíma er opið samkvæmt samkomulagi.

Náttúrustofa Vestfjarða sér um daglegan rekstur Sjóminjasafnsins. Frekari upplýsingar má fá á heimasíðu Ósvarar – <http://osvor.is>.



Ósvör við Bolungarvík. Ljós: Sigurjón J. Sigurðsson.

Velkomin í  
Galdraporpið  
Hólmavík



Við lofum  
góðum dögum á Ströndum!



## Ferðapjónusta í Strandabyggð

**GISTING:**  
Snartartunga í Bitrufirði  
Ferðapjónustan Kirkjubóli  
Gistiheimilið Borgarbraut  
Steinhúsið, Hólmavík  
Gistihúsið, Broddanesi

**TJALDSVÆÐI:**  
Tjaldsvæðið á Hólmavík

**SÝNINGAR OG SÖFN:**  
Galdrasafnið á Hólmavík  
Sauðfjársetur á Ströndum

**AFÞREYING:**  
Sundlaugin á Hólmavík  
Golfvöllurinn Skeljavík

**HESTAFERÐIR:**  
Svaðilfari á Laugalandi  
Strandahestar Hólmavík

**VEITINGAR:**  
Sauðfjársetur á Ströndum  
Café Riis á Hólmavík  
Söluskáli KSH

Upplýsingamiðstöð ferðamála á Hólmavík - Sími 451 3111 - [info@holmavik.is](mailto:info@holmavik.is) - [www.holmavik.is/info](http://www.holmavik.is/info)







Flateyri við Önundarfjörð. Solroðna fjallið vinstra megin handan fjarðarins er Þorfinnur.

## Flateyri – sjávarþorp í stórbrotinni náttúru

Undir bröttum fjöllum Önundarfjarðar liggur sjávarþorpið Flateyri. Eyrin myndaðist fyrir þúsundum ára þegar stór hluti úr fjallshlíðinni hrundi til sjávar en við það varð til frábær náttúruleg höfn sem kom að góðum notum þegar Vestfirðingar hófu að sækja sjóinn á þilskipum snemma á nítjándu öld.

Þorpið byggðist upp í kringum útgerð og verslun og enn í dag er sjávarútvegur aðal- atvinnuvegur staðarins. Á undanförunum árum hafa Flateyringar og Önfirðingar einnig lagt í töluverða uppbyggingu á ferðaþjónustu á svæðinu. Í sumar verður því vel tekið á móti ferðalögum sem vilja kynnast dæmigerðu vestfirsku sjávarþorpi í stórbrotinni náttúru Önundarfjarðar.

Stutt viðdöl á Flateyri veitir gestum tækifæri til að kynnast margvíslegum störfum við vinnslu sjávaraflla, allt frá því að aflinn berst að landi þar til hann er tilbúinn til útflutnings. Hægt er að fá leiðsögn um athafnasvæðið við höfnina og heim-sækja bæði frystihúsið og harðfiskverkun. Þá er hægt að fara á sjóstöng og í siglingu á línubátinum Blossa IS 125. Skipstjórinn, aflaklói Birkir Einarsson, er vís til þess að veita gestum sínum góða innsýn inn í heim vestfirskrar smábátaútgerðar.

Heimsókn til Flateyrar hefst þó að öllum líkindum við rætur Eyrarfjalls þar sem

snjóflóðavarnargarðurinn stendur fyrir ofan þorpið. Þar er að finna upplýsingar um snjóflóðið mikla sem féll í október 1995 og frá útsýnisskifu á garðinum er gott útsýni yfir bæði þorpið og fjörðinn.

Þegar gengið er frá varnargarðinum niður Hafnarstræti í átt að höfninni kennir ýmissa grasa. Hið landsfræga öldurhús Vagninn – krá allra landsmanna á Vestfirðum – stendur við Hafnarstæti 17 og er opið alla daga og fram eftir kvöldi. Á Vagninum verður starfræktur veitingastaður í sumar þar sem boðið er upp á morgunmat, hádegis- og kvöldmat og auk þess er ávallt heitt á könnunni. Þeir sem vilja lyfta sér upp í sumar ættu að kíkja á Vagninn um helgar en böllin þar eru óviðjafnanleg enda sveitaballastemmningin í hávegum höfð. Á Vagninum er einnig upplýsingamiðstöð þar sem ferðamenn geta grennslast fyrir um gistingu og aðra þjónustu á svæðinu.

Í gamla Kaupfélagshúsinu við Hafnarstræti 11 er handverksgalleríð Purka þar sem hægt er að kaupa ýmsar vörur sem unnar eru á verkstæðinu og í heimahúsum. Kaffi Kaupfélag er í sama húsi og þar er tilvalið að gæða sér á þjóðlegu íslensku kaffibrauði með sopanum.

Gamla bókabúðin stendur við Hafnarstræti 3 og þar er bæði sölubúð og safn sem hefur að geyma upplýsingar um

verslun og útgerð á Flateyri í gegnum tíðina. Heimili kaupmannshjónanna gömlu, sem hefur staðið lítið breytt frá fyrri hluta 20 aldar, er opið gestum.

Þeir sem vilja halda áfram ferð sinni um þorpið ættu að ganga á milli 16 söguskilta sem félagið Hús og fólk hefur komið fyrir víðs vegar um þorpið. Best er að fá afnot af MP3-spilara í N1-söluskálanum eða á Vagninum og hlýða á efni tengt húsum, fólki og atburðum á Flateyri.

Önundarfjörður er tilvalið svæði fyrir göngufólk enda margar mjög fagrar gönguleiðir í firðinum og útsýni mikillfenglegt. Fyrst er nefna gömlu fjallvegina yfir í næstu firði sem alla jafna eru um fjögurra til sex tíma göngur. Klofningsheiðin, frá Klofningsdal norðanmegin í Önundarfirði niður í Sunddal í Súgandafirði, er sögufrægur staður en þar urðu atburðir sem voru upphaf svokallaðra Skúlamála undir lok 19. aldar.

Leiðin yfir Álftafjarðarheiði (upp Korpudal í botni Önundarfjarðar niður í Seljaland í Álftafirði) er vörðud og liggur í 725 metra hæð. Annar áður fjölfarinn fjallvegur er leiðin frá Valþjófsdal í Önundarfirði upp á Klúku og þaðan niður Sandsheiðina að Ingjaldssandi.

Einnig er hægt að fara margar skemmtilegar styttri gönguleiðir í Önundarfirði.

Sandströndin í Holti er t.d. frábær útivistarstaður, sér í lagi fyrir þá sem stunda sjóhöfð og þora að hoppa af trébryggjunni í svalan sjóinn. Þeir sem ganga út fjörðinn frá Flateyri ættu að koma við á Klofningskletti og skoða tóftir hinnar fornu verstöðvar á Kálfeysi.

Ferðaþjónustan Grænhöfði rekur myndarlega kajakleigu með fjölda báta og er ýmist hægt að fá þá með eða án leiðsagnar. Önundarfjörður er kjörinn til kajakróðra, fuglalíf er afar fjölbreytt og hægt er að njóta kvöldkyrróarinnar á meðan horft er á stórfenglegt sólarlagið. Innar í firðinum er sandfjara þar sem hægt er að gleyma sér daglangt. Á sólríkum dögum má sjá nokkurn fjölda fólks busla þar í sjónum.

Eftir góða gönguferð eða kajakróður er svo tilvalið að baða sig í þrýðisgóðri sundlaug Flateyrar.

Ýmsir gístmöguleikar eru fyrir hendi á Flateyri og í Önundarfirði. Í sveitinni er gistingu að fá á þremur stöðum. Farflugheimili er rekið á Kirkjuból í Korpudal og bændagisting á Kirkjuból í Bjarnardal (alls eru þrjú Kirkjuból í Önundarfirði). Í Holti er svo hægt að fá gistingu fyrir bæði hópa og einstaklinga. Á Flateyri er hægt að leigja bæði íbúðir og hús í lengri og skemmri tíma, tjaldsvæði er við N1-bensínstöðina og svefnpokaláss í verbúð.





**SJÓFERÐIR**  
Hafsteins og  
Kiddýjar

Sími: 456-3879 - 892-1879  
sjoferdir@sjoferdir.is  
www.sjoferdir.is

**Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar  
þjóða ykkur velkomin um borð  
og óska ykkur góðrar ferðar**

Nánari upplýsingar gefa Sjóferðir í síma 456 3879 /  
892 1879 og Vesturferðir í síma 456 5111

# PIZZA

*Heit og ljúffeng!*

**Við opnum snemma og  
lokum seint alla daga  
vikunnar**

**Fjölbreytt úrval af  
matvörum og öðrum  
neysluvörum**



**HAMRABORG EHF.**  
HAFNARSTRÆTI 7 • ÍSAFIRÐI • SÍMI 456 3166



# Ferðapjónustan Hænuvík 10 ára

Ferðapjónustan Hænuvík við utanverðan Patreksfjörð er 10 ára á þessu ári. Smátt og smátt hefur verið aukið við og í dag er hægt að hýsa 28 manns. Á síðasta ári var tekið í notkun nýtt hús sem er byggt eins og gömlu húsin voru, með baðstofu og skúrbyggingu við hliðina. Það hús kallast Krían og tekur 10 manns. Krían hefur rúmgóða baðstofu og niðri er stofa og lítið herbergi. Eldhúsaðstaðan þar er góð.

Næststærsta húsið er Kittabær sem tekur 8 manns. Það er gamalt íbúðarhús sem er byggt í kringum 1914 en lítið breytt frá 1940. Kittabærinn er eina húsið sem er ekki með sturtu. Það hús er á tveimur hæðum, uppi er sofíð undir súð í baðherbergi en niðri eru eldhús og stofa, svipað og gömlu bæirnir voru.

Við hliðina á stærsta húsinu er eitt lítið hús sem er talað um að vera í Skúrnum. Það er eins konar bílskúr sem er innréttaður fyrir fjóra og hentar vel fyrir hjón með tvö börn. Í þriðja húsið komast 6 manns en það er alveg niðri við sjávarkambinn og er kallað Steinhús. Í því húsi er sofíð undir súð á svefnloftinu. Í öllum húsunum er eldunaraðstæða og ísskápur. Einnig er baðherbergi í öllum húsunum. Í boði eru bæði uppábuin rúm og svefnpokapláss en ekki morgunmat.

Í Hænuvík er stór og mikil strönd með hvítum sandi, sem hefur verið gífurlega vinsæl hjá öllum aldursþópum. Á hlaðinu eru hænur á vappi og einnig er hægt að sjá aliendur einhvers staðar á polli.

Á bæjarhlaðinu stendur lítið en krúttlegt handverkshús sem kallast Gullhóll, með handverki sem aðallega er unnið á bænum. Þar er hægt að fá alls konar þrjónles, sokka, vettlinga, húfur og margt fleira. Einnig er þar renndir munir og heimabakað um helgar. Í Gullhólnum er einnig upplýsingastöð sem veitir flestar þær upplýsingar sem fólk þarf af svæðinu.

Það er gaman að fara í leiðsögn í Ólafsvita í fallegu sólarlagi. Sólargangur er nánast allan sólarhringinn nema í ca. klukkutíma þegar sólin er á uppleið. Sólarlag getur verið ægífast við hafsbrún þegar skýjafar er götött. Ganga í Ólafsvita tekur um tvo tíma í heild. Einnig eru margar fallegar gönguleiðir í nágrenninu og er hægt að fá leiðsögn í þeim flestum ef fólk vill.

Í Hænuvík er mjög fjölskrúðugt fuglalíf og fer vaxandi á milli ára. Ber þar hæst mik-



Miðnætursól í Hænuvík.

ið kríuvarp og flestar tegundir mófugla. Einnig eru lómur og álft að nema hér land.

Á þessu ári er verið að koma upp einnar holu golfvelli sem er mögulega upphafið á stærri velli. Sá völlum yrði með holu sem væri vestasta hola í Evrópu. Hér er um að ræða holu sem er þannig staðsett að ekkert áhlaupaverk er að slá holu í höggi.

Í Hænuvík er notalegt að koma með fjölskylduna og slappa af í faðmi náttúrunnar og öllu því sem hún hefur upp á að bjóða. Ekki er komin opinberleg heimasíða enn sem komið er en skoða má myndir á síðunni <http://gudny-gudny.bloggar.is> og einnig er Hænuvík með síðu á Facebook.

Nánari upplýsingar eru veittar í símunum 456 1574 / 698 7810 / 848 8113.



Hænuvík.

# Hótel Djúpavík á Ströndum 25 ára

Eitthvert merkilegasta og jafnframt afskekktasta heilsárshótel á Íslandi og þótt víðar væri leitað er Hótel Djúpavík í Arneshreppi á Ströndum, sem á þessu ári fagnar 25 ára afmælinu. Hjónin Eva Sigurbjörnsdóttir og Ásbjörn Þorgilsson stofnuðu hótelið á sínum tíma og ekki er á þeim neinn bilbugur.

Enn má sjá í Djúpavík minjar þess mikla athafnalífs sem þar var á sínum tíma og ber mest á hinu tröllslega verksmiðjuhúsi síldarbræðslunnar. Söltunarstúlkur sem unnu á síldarplaninu bjuggu í húsi sem nefndist Kvænabragginn, en þar er nú Hótel Djúpavík.

Viðburðir af ýmsu tagi eru á Hótel Djúpavík allt sumarið og má kynna sér þá og allt sem varðar hótelið sjálf og náttúruna á svæðinu á vefnum [www.djupavik.is](http://www.djupavik.is).

Margvísleg afþreying er í boði fyrir gesti á Hótel Djúpavík og má þar nefna sjóstangaveiði, leigu á bátum og kajökum og útsýnis-

ferðir á sjó og landi. Gönguleiðir eru við allra hæfi, berjaland á haustin og rjúpnaveiði þegar hún er leyfileg.

Fyrir nokkrum árum var Sögusýning Djúpavíkur opnuð í verksmiðjuhúsinu gamla og greinir þar í máli og myndum frá síldarævintýrinu fræga. Sýningin er í sérstæðu umhverfi í vélasal verksmiðjunnar og lýsir á skýran hátt uppgangi og hnignun byggðar í Djúpavík.

Árið 1917 var fyrsti íbúinn skráður til heimilis í Djúpavík, þegar ráðinn var umsjónarmaður við síldarsöltunarstöð Elíasar Stefánssonar. Þetta tímabil hefur verið kallað síldarævintýrið hið fyrra. Því lauk haustið 1919 í upphafi kreppunnar miklu með gjaldþroti Elíasar. Árið 1934 hófst síðara síldarævintýrið á Djúpavík. Þar voru á ferðinni stórbrotnir athafnamenn sem stofnuðu hlutafélagið um rekstur síldarverksmiðju. Halldór Kiljan Laxness fjallar í Guðsgjafabúlu á spaugilegan hátt um viðburði þessa tímabils.



Hótel Djúpavík.



# Dásemdardagar á Hornströndum



Marianna Friðjónsdóttir.

Mig hafði alltaf dreymt um að upplifa Hornstrandir. Í huga mínum voru Hornstrandir ævintýrastaður þar sem fjallstindar gnæfðu upp úr mannhæðarhárrí hvönn og blómablóru. Þar sem báran hjalaði við mannláusar strendur. Þar sem Ísland var eins og það gerðist fegurst áður en land byggðist. Ég vissi að þar voru engar kindur og ekkert fólk. En hafði aldrei haft tækifæri til að kanna slóðirnar nánar fyrr en sumarið 2008 þegar mér bauðst að fara með gönguhópi Ólínu Þorvarðardóttur á þessar ævintýrslóðir.

Við vorum þrjár vinkonurnar – ég sem skrifa þennan pistil, Ragnheiður Davídsdóttir og Kolbrún Jarlsdóttir – sem slógust í för með alvönum hópi Ólínu, sem bar nafnið „Höldum hæð“. Ferðin hófst þann 18. júlí, eldsnemma morguns, þegar siglt var með farangur og 20 manna hópinn frá Ísafirði í Veiðileysufjörð. Fyrir fótum voru fjórir göngudagar, þrjár gistinætur í tjöldum og væntanlega upplifun fyrir lífið.

Þegar ferðadagskráin var lesin yfir fannst mér ekkert tiltökumál að ganga þetta 10 til 18 km á dag enda von að labba, allavega á jafnsléttu. Hins vegar hafði mér algerlega láðst að taka með í reikninginn að ganga á Hornströndum er upp og niður skörð og einstigi, þar sem kílómetrin liggur stundum ansi bratt uppá við. En það varð hinsvegar skemmtileg persónuleg þrekraun að glíma við, því ég er afskaplega lofthædd og stíg helst ekki uppá stól heima hjá mér. Þannig að framundan var ekki einungis baráttan við landslagið heldur líka barningur við innri ótta og að sjálfsgöðu gleðin þegar hann varð yfirunninn.

Við lentum við Steinólfsstaði í Veiðileysu-

firði eftir fallega siglingu yfir sólblikandi haf, þar sem sjófuglarnir dunduðu sér við þá iðju, sem þeir kunna best, að fljúga og veiða. Hvort þeir fundu mikið æti í Veiðileysufirði skal ósagt látið, en okkur tókst að komast frá

borði og uppi fjöru með bakpokana okkar og nauðsynlegan búnað til fyrsta dags. Báturinn hélt svo áfram með tjöld og annan farangur yfir í Hlöðuvík, þar sem við áttum náttstað næturnar þrjár á Hornströndum.

Það var vígalegur hópur sem seig á brattann áleiðis upp í Hlöðuvíkurskarð, sem liggur í tæplega 500 m hæð yfir sjávarmáli. En það var hæsti áfangi dagsins. Ilmandi gróðurinn í hlíðum fjarðarins gaf okkur gleði í sál,



Stund milli stríða.



peningagrasíð og blágresíð í fullum blóma. Og við stefndum á hrjóstrugt skarðið af fullum krafti. Íslenska vatnið hoppar niður hliðarnar og finnur sér leið í drykkjarbrúsa göngumanna. Ekkert jafnast á við íslenskt vatn beint frá uppsprettunni. Þegar hærra dró lá snjórin enn í þéttum sköflum þótt sólbláðar gætti. Við stikluðum yfir Vetur konung og náðum áfangastað án skakkafalla eða erfðis.

Frá Hlöðuvíkurskarði var stórfenglegt útsýni niður í Hlöðuvík, en drjúgur spölur að ganga. Ferðin niður kambinn varð að fyrstu baráttunni við lofthæðsluna af mörgum þessa fjóra göngudaga. Skrýtið hvað er erfðara að fara niður en að klifra upp! Veðrið lék við okkur, hvorki of heitt eða kalt, sól skein í heiði og nestistímarnir óspart notaðir til að viðra þreyttar göngutær og draga að sér ilminn úr lynginu.

Við náðum í Hlöðuvík um það bil sem sólin sendi gylltan kvöldbjarma á björgin, sem rísa úr sævi allt um kring. En þar beið okkar smá babb í bátinn eins og sagt er, því farangurinn okkar lá eins og hráviði í fjörinni um það bil kílómetra frá tjaldstæðinu og skálanum í vikinni, þar sem við höfðum ætlað okkur næturstað. Hér voru góð ráð dýr, því enginn hafði orku til að draga tugi kílóa af tjöldum og öðrum farangri yfir mýrar, gil og troðninga. Var því tekið það ráð að koma farangrinum upp snarbrattan sjávarkambinn og tjalda á þurrustu blettunum í mýrinni. Þetta þýddi að klósettferðin var 1,4 km aðra leiðina. Allt annað var með í för og þreyttir ferðalangar hlökkuðu til næsta dags.

Laugardaginn 19. júlí var gengið yfir í Hælavík og á Hælavíkurbjarg og sagði áætlanin að gangan þann daginn væri ca. 15 km. Í ferðalýsingu, sem við vinkonurnar höfðum dottið yfir, segir svo: „Landleiðin frá Hlöðuvík til Hælavíkur liggur um snarbrattan Skálakambinn, sem vel getur verið brattasta alfaraleið sem farin var milli bæja á Íslandi. Greinileg og góð gata liggur upp Skálakamb sem virðist ekki árennilegur úr fjarlægð og í Skálinni er tjörn sem lækur fellur úr niður brekkuna. Þegar komið er að bjargbrúninni þarf að klífa ofurlitla kletta, en það ætti ekki að vera neinum ofraun. Geysilega mikið og



#### Horft niður Skálakambinn - þetta hafðist.

gott útsýni er ofan af brúninni yfir Víkurnar.“

Ég beit á jaxlinn og bölvæði í hljóði, upp og niður skyldi ég komast. Og það varð reyndin, en með góðri hjálpgöngufélaganna, sem pössuðu vel uppá litlu sálina sem í skelfingu sinni klambraðist upp snemma morguns. Leiðin liggur upp snarbrattan kambinn á einstigi og klettarnir litlu, sem talað er um í leiðalýsinguinni, gleypa algerega stíginn, þar eru bara nibbur til að fóta sig á og hengiflugið hinum megin. Útsýnið þegar upp er komið í ríflega 500 metra hæð er stórfenglegt og sést yfir víkurnar til hægri og vinstri. Við áðum í hliðinni áður en lengra

var haldið og horfðum yfir í fjöllin á móti, þar sem við greindum tvo hvíta fleti. Spunnust miklar umræður um það hvað þarna væri á ferð, en ekki meira spáð í þau spil í bili. Hælavíkurbjarg beið okkar og veðrið var eins og best varð á kosið, sól, heiður himinn og hitastigið hækkaði eftir því sem leið á daginn.

Frá Skálakambi og niður í Hælavík liggur leiðin niður snarbrattar en lyngi vaxnar brekkur og fyrir neðan bíða gráhvítar strandir, hvönnin og minjar um búsetu þeirra, sem eitt sinn byggðu útkjálka Íslands. Í hvannastóðinu fundum við eldavel í húsa-

rústum og Blíða, hundurinn hennar Ólínu, skoðaði gripinn í krók og kring með það í huga hvort eitthvað væri í matinn. Lítil álfarungi var á villigötum og var honum í snarhasti bjargað niður í fjöruborð, þaðan sem hann synti alsæll á vit foreldra sinna.

Við stigum Hælavíkurbjarg, þennan hjara veraldar, og þeir huguðu lögðust á magann og horfðu niður snarbratt bjargið sem ris margar Hallgrímskirkjur uppúr sæ. Ég, þessi lofthrædda, lét mér nægja að horfa dolfallin yfir kjálkana í kring og dásama blámann, þar sem haf og himinn dregst saman í eitt. Og upp, upp, uppí mót - urð og grjót lá leiðin á ný.

Efst í Skálakambi gáðum við aftur að hvítu dilunum tveimur sem við höfðum sé fyrir um daginn og sáum ekki betur en þeir hefðu hreyft sig talsvert úr stað. Gott betur en það, þeir voru horfnir. Spunnust um það miklar umræður hvort þarna gætu verið ísbirnir á ferð. En dagana á undan höfðu einmitt ísbirnir gengið á land fyrir norðan. Við vorum ekki sammála um hvers konar fyrirbæri við hefðum barið augum augum, en ákváðum að láta efan ráða og segja frá upplifun okkar þegar niður væri komið. Veðrið hafði breytt um ham og á toppi Skálakamb mætti stífur vindur í fangið. Ég verð að játa að litla hjartað tók marga kippi, munnþurkurinn réð ríkjum á leiðinni niður hamrabeltið. En Skálakambinn skyldi niður fara.

Þegar komið var í tjaldbúðir var gerð út sendinefnd yfir í skálann í Hlöðuvík til að ræða hvítu blettina í Hælavík. Þar urðu menn sammála um að allur væri varinn góður, enda höfðum við mætt göngufólki, sem ætlaði sér stefnu í áttina að dilunum tveimur og í Hlöðuvík var fjöldi fólks í skálanum, bæði börn og fullorðnir. Því var hringt í lögregluna á Ísafirði, sem tók málið upp á sína arma. Það næsta sem við vissum var að skeleggir og íturvaxnir björgunarsveitar- og lögreglumenn mættu í þyrilu og á skipi í vikina og yfirheyruð mannskapinn. Við skipulögðum vakt í tjaldbúðunum, því ef ísbirnir væru á ferð eru þeir hvorki lofthæddir né seinir til gangs og gætu því auðveldlega náð til okkar um nóttina. Við fréttum svo síðar að björgunarsveitarmenn hefðu litið á þetta viðvik



Í fjörinni í Kjaransvík.



sem góða æfingu, en engan ísbjörninn fundu þeir í ferðinni. Við sungum hins vegar ísbjarnarblús og áður en heim var haldið hafði nafni gönguhópsins verið breytt úr Höldum hæð í Skafla-Björn.

Á sunnudeginum skiptist hópurinn í nokkra smærri hópa. Sá hluti hópsins, sem ekki hafði farið upp Skálakamb daginn á undan, dreif sig þar upp og gekk á fjallstindum, en við hin héldum yfir í Kjaransvík, þar sem sandurinn í fjörinni er skjannahvítur. Ekkert þurfti að kljást við lofthræðslu þann daginn, en tekin lítil æfing í að vaða ár, brúka flugnetið og njóta þess sem fyrir augu og eyru ber. Dagurinn var þannig afskaplega ánægjulegur en viðburðaminni en sólarhringarnir tveir á undan. Þegar horft er til baka var það góð ákvörðun að hlaða batteríin fyrir síðasta göngudaginn.

Aðfaranótt mánudags 21. júlí fór hitinn niður undir frostmark, það migrigndi og grámóskan réð ríkjum þegar við skriðum út úr fjöldunum. Þeir sem pakkað hafa blautum tjöldum og farangri vita hversu skemmtilegt það er, en ég jós nokkrum lítrum af vatni út úr litla göngutjaldinu mínu og pakkaði hundrennandi farangrinum, sem svo var borinn niður í fjöru, þar sem báturinn myndi sækja hann að áliðnum degi. Við öxluðum dagsbyrðarnar og héldum af stað. Við áttum stefnumót við bátinn á Hesteyri, 18 kílómetrum og 12 klukkustundum síðar.

Fyrsti áfanginn lá um Kjaransvík, sem við höfðum upplifað daginn áður í mun betra veðri. Leiðin liggur öll á brattann inn dalinn og upp í Kjaransvíkurskarð. Þókan lak niður skarðið og regnúðinn breyttist í gallharða rigningu með jöfnu millibili. Í Kjaransvíkurskarði voru snjóskafar í stórum breiðum og suma tókum við á rassinum við mikinn fögnuð.

Innri-Hesteyrarbrúnir heitir leiðin, sem við fíkrudum okkur áfram þarna á toppi veraldar. Hér eru göngustígar fjarri góðu gamni og leiðin liggur yfir oddhvasst grjótið. Mér datt í hug að Guð hefði verið að leika sér að því að leggja óreglulegar gangstéttir þarna uppi, kastað frekar til þess höndunum, því eggjagrjótið beindi í flestum tilvikum hvössustu brúninni uppá við. Þessu stikluðum við á næstu sjö kílómetrana eða svo og



Yfir vatnsfall í Hælavík.

man ég ekki eftir að hafa orðið sárfættari á ævinni. Það rignði meira og meira en við þrömmuðum óheft áfram, fórum úr skóm og sokkum með jöfnu millibili og nudduðum þreyta þófa á hundi og mannfólki.

Af fjallsbrúninni eru svo ca. 400 metrar niður í dalinn þar sem Hesteyrin bíður. Fyrst niður snarbrattan snjóskafli, svo niður snarbratta brekku og þar á eftir duttum við inn í lygnan Hesteyrarfjörðinn, þar sem hvannastóðið er einmitt mannhæðar hátt. Á Hesteyri var mannmargt, loftslagið allt annað en uppi á brúnum og vespurnar alóðar í logni, sólskini og hita. Rigningin skilin eftir uppi við

himinhvolfið, tærnar baðaðar í bláum sjónum og nuddaðar upp úr hvítum sandinum.

Ramóna kom og náði í okkur og sigldi örþreyttum ferðalöngum heim á Ísafjörð og þar með var lokið ævintýri, sem lifir í minningunni um aldur og ævi.

– Marianna Friðjónsdóttir hefur unnið við fjölmiðlun frá unglingsaldri. Fyrst hjá RUV, síðar sem fyrsti framleiðslustjóri Stöðvar 2. Þá sem framkvæmdastjóri Tv Danmark í Danmörku þar sem hún bjó og starfaði í ríflega 14 ár. Þar datt hún inn í internet og nýmiðlun og hefur stundað þá miðla jafnhliða

sjónvarpsgerð síðan. Við komuna heim til Íslands lá leiðin í gömlu höfuðstöðvar RUV við Laugavegin, þar sem Sagafilm er til húsa. Marianna stýrði framleiðslu innlends sjónvarpsfemis hjá Sagafilm en gerðist sjálfstæð á ný árið 2007. Síðan hefur fjölmiðlunaráráttunni verið beint í að kenna nemendum við Kvíkmyndaskóla Íslands, standa fyrir námskeiðum í samfélagsvefjafræðum hjá Endurmenntun Háskólans, auk þess að vinna ýmis ráðgjafastörf á sviði nýmiðlunar og samfélagsmiðlunar fyrir fjölmörg fyrirtæki. Marianna stundar göngur daglega með samverufélaganum Zorró. Er hamingjusamur meðeigandi gamallar tréskútu í Danmörku og er hugfangin af blómum og garðrækt.



Rekaviður og hvönn.



Búið að vaða ána!



**SYSTRABLOKKIN**

*Velkomin til Bolungarvíkur!*

*Fullbúnar íbúðir á besta stað í bænum*

*Síminn er 893-6860*

*systrablokkjinn@systrablokkjinn.is*



Gamla höfnin í Flatey á Breiðafirði.

**Minjasafn Egils Ólafssonar**

Stórmerkilegt og fallegt safn gamalla muna úr héraðinu.

Þar er meðal annars Þjóðhátíðarskipið frá 1974 og fiskiskipið Mummi sem Bítur Tómasson, fyrsti íslenski skipaverkfræðingurinn, hannaði og smíðaði á Ísafirði 1935.

Björgunarskránni við Látrabjarg eru gerð mjög góð skil og einnig eru til sýnis stórmerkilegir blutir frá Gísla á Uppaölum ásamt fjölmörgum öðrum merkilegum safngripum.

Að Hnjóti er Flugminjasafn og þar hefur verið endurreist Vatnagarðaskýlið sem stóð í Reykjavík.

Á staðnum er kaffítería þar upplagt er að setjast niður og fá sér hressingu.

Opnunartími: 10:00-18:00 alla daga 20. maí - 12. september

Minjasafn Egils Ólafssonar - Hnjóti Orlygshöfn  
sí 456-1511 / 456-1513 www.hnjotur.is - hnjotur@hnojotur.is

**Gamla gistihúsið**

(354) 456 4146  
(354) 897 4146  
(354)456 4446

gistihus@gistihus.is  
www.gistihus.is

Gisting, svefnpokapláss og morgunverður  
Opið allt árið

Mánagata 5, 400 Ísafjörður

## Óli Þ. Guðbjartsson fyrrv. dómismálaráðherra segir frá Ferð í Skáleyjar og Flatey

Ég er einn þeirra Vestfirðinga sem fóru alfarnir suður um tvítugt og er nú kominn nokkuð á áttæðisaldurinn. Lengst af þessum tíma hef ég þó reynt að sækja Vestfirði heim, helst árlega. Það hefur verið mér eins konar endurnæring að líta þannig áthagana við Arnarfjörð augum enda þótt tengsl við nána ættingja á þessum slóðum séu löngu horfin því þeir fluttu nefnilega flestir suður líka.


Móðir mín var hins vegar Breiðfirðingur, fædd í Svefneyjum, en móðir hennar var úr Skáleyjum og raunar forfedur hennar einnig í marga ætliði. Þess vegna hafði það verið ætlun mín um langt skeið að fara út í eyjar og komast þannig aðeins í snertingu við lífs- vettvang löngu genginna forfedra minna. En það var lengi vel ekki auðvelt að fá far um þessar slóðir því búseta var þarna smám saman að leggjast af.

En svo var það sumarið 2008 að ég lét loks drauminn rætast eftir að Björn Samúelsson á Reykhólum hafði byrjað ferðir með farþega út í Skáleyjar og Flatey líka undir heitinu Eyjasigling. Við hjónin tókum því okkur ferð á hendur með honum ásamt tveimur börnum okkar, tengdasyni og tveimur barnabörnum. Þetta var 31. júlí í blíðskaparveðri.

Þegar við komum út að Stað á Reykjanesi, en Björn geymir bátinn við bryggjuna þar út frá þegar hann er í þessum ferðum, þá beið þar önnur fjölskylda, enskumælandi, og að auki frændi minn frá Bíldudal, augljóslega í sömu erindagerðum og ég.

Síðan hófst ferðin út í Skáleyjar undir styrkri stjórn Björns og dóttur hans á mjög hraðskreiðum bátum. Svólitill strekkingur var á móti sem ég taldi eðlilega innlagn að áliðnum degi. Öll aðstaða í bátum var með ágætum og eftir um 20 mínútna keyrslu var lent við bryggjuna í Skáleyjum.

Nokkur spöln er frá bryggjunni í Skáleyj-



Óli Þ. Guðbjartsson.

um heim að íbúðarhúsinu, gönguleið sem trúlega hefur verið lögð og lagfærð í tíð þeirra seinustu Skáleyjabænda, Eysteins og Jóhannesar Gíslasona. Björn sagði mjög skilmerkilega frá kennileitum, sögu og búskaparhátum, hvort sem var á ensku eillegar

íslensku, allt eftir því að hverjum hann beindi máli sínu. Þarna fengum við t.a.m. að sjá eldforna myllusteina sem töluðu til okkar á sínu hljóðlausa máli um harða lífsbaráttu fyrri tíðar, okkar sem sist grunaði að einungis tveir mánuðir væru í næstu kreppu.

Ég fékk að sjá hvar Norðurbærinn hafði staðið. Og þá flaug um hugann að Guðmundur Jóhannesson langafi minn hafði hlaðið þar bæ úr grjóti og torfi ekki löngu eftir að hann hóf þar búskap með langömmu minni, Steinunni Sveinbjarnardóttur. Annars kom Guðmundur í Skáleyjar utan úr Hergilsey af nokkuð sérstöku tilefni. Þannig var að Sveinbjörn Magnússon í Skáleyjum, faðir Steinunnar, varð fyrir því slysi er hann var að beita öxi að höggva sig í hnéd og varð því rúmfastur um nokkurt skeið. Þá fékk hann Guðmund sem ráðsmann í Skáleyjar á meðan hann var að jafna sig eftir slysið. Þetta var upphafið að kynnum þeirra Guðmundar og Steinunnar en þau gengu í hjónaband 2. ágúst 1870 og bjuggu síðan allan sinn búskap



Höfnin í Skáleyjum.





#### Á fullri ferð með strönd Flateyjar.

í Skáleyjum.

Þau eignuðust þrettán börn en einungis sjö þeirra komust upp. Guðmundur lést um aldur fram 11. júlí 1893 en Steinunn hélt búskapnum áfram í Skáleyjum með börnum sínum og sendi eldri soninn, Sveinbjörn P. Guðmundsson, til búnaðarnáms í Ólafsdal í trausti þess að hann gæti síðan tekið við búinu í Skáleyjum að náminu loknu. En þegar hann kom til baka eftir vel heppnað námið hafði Steinunni verið gert ókleift að halda búskapnum áfram 1899 og fjölskyldan tvístráðist. Steinunn átti þó áfram heima í Skáleyjum til dauðadags 18. mars 1935, seinustu árin í skjóli dóttur sinnar, Theódóru.

Bræðurnir tveir úr barnahópi Steinunnar, Sveinbjörn Pétur, sem fyrr er getið, og Einar fluttu austur á Reyðarfjörð til móðurbróður síns sr. Jóhanns Lúthers prests á Hólum. Einar átti ekki afturkvæmt í eyjarnar en hins vegar er af honum stór ættbogi fyrir austan. Sveinbjörn Pétur flutti eftir 35 ára dvöl fyrir austan aftur í eyjarnar og stundaði um skeið barnakennslu í Flatey fram yfir seinni stríðsárin. Þá hóf hann um leið að rita Persónusögu Flateyjarhrepps og safna myndum af íbúunum. Þetta verk hans varð síðar einn aðalheimildastofninn að ritverkinu Eylendu þannig að Sveinbjörn Pétur galt eyjasamfélaginu ríkulega fösturlaunin. Hann lést 2. október 1955.

Á meðan við gengum þarna um heimaeyna í Skáleyjum og nutum leiðsagnar Björns Samúelssonar fannst mér við feta í fótspor þessara löngu liðnu kynslóða.

Því næst var ferðinni fram haldið út í Flatey. Þar nutum við prýðisveitinga á hótelinu. Það var sólskin og hiti og greinilega gestkvæmt í eygni og meira að segja dúkað

borð með kræsingum fyrir utan Ásgarð. Þar heilsuðum við upp á nokkra gestina sem við þekktum.

Ég skaust aðeins í kirkjugarðinn í Flatey, sem stendur fremur hátt á eyinni. Þar kom ég að leiði og bautasteini Steinunnar Sveinbjarnardóttur frá Skáleyjum. Á meðan ég staldraði þarna við varð mér lítið í norðurátt. Við mér blasti Klakkurinn og Ármannsfellið yfir Brjánslæk að sjá, spegilmynd af þeim kennileitum sem ég ólst upp við heima á Bildudal en þá í suðurátt. Þannig er víst flest afstætt í veröldinni.

Á leiðinni niður á bryggju kom ég við hjá

Ólínu Jónsdóttur frænku minni rétt andartak en hún er dóttursonardóttir Steinunnar í Skáleyjum og er nú ein fárra íbúa Flateyjar.

Sjóferðin upp að Stað var ógleymanleg. Nú var lognkyrrð á Breiðafirði og fegurðin þannig að vart verður með orðum lýst.

Góður bátur var ómissandi við eyjabúskapinn. Steinunn í Skáleyjum var sögð vel hagamælt. En eina vísan, sem ég hef heyrt eftir hana var einmitt um bát þeirra hjóna, Draupni:

*Draupnir undir dreglum fínum  
drafnar skundar beð.*

*Ber hann heim að bústað mínum  
börnin, hjú og féð.*

Við vorum orðin frekar sein fyrir er í land kom og máttum þakka fyrir að ná háttum í Bjarkalundi. Ég hafði því ekki tíma til að koma við hjá frænda mínum Hlyni Þór Magnússyni á Reykhólum, sem segist sjálfur vera blekbóndi við Breiðafjörð. Það bíður betri tíma. En Hlynur Þór er líka rétt eins og ég dótturdóttursonur Steinunnar í Skáleyjum og raunar erum við systrasynir.

– Óli Þ. Guðbjartsson.



Gamla þorpið í Flatey er einstakt héraendis.



# Minjasafnið á Hnjóti í Örlygshöfn

Byggðasafn Vestur-Barðastrandarsýslu er á Hnjóti í Örlygshöfn á leiðinni út á Látrabjarg. Það er kennt við stofnanda þess, Egil Ólafsson bónda á Hnjóti, sem af fádæma dugnaði og eljusemi safnaði gömlum munum svo úr varð eitt af merkari byggðasöfnum landsins. Safnið er afar fjölbreytt og þar er mikið af munum tengdum sjósókn og hlunnindantýjum. Á fyrri árum byggðist lífsafkoma fólks ekki síður á því sem sjórinn gaf en því sem fékkst af jarðarnýtum. Þá var eggja- og fuglategja mikilvæg í fæðuöfluninni og eru margir munir tengdir henni í safninu. Myndir af gömlum handbrögðum ásamt skýringarteikningum auka á skilning gesta og gefa safninu sérstæðan blæ gamals tíma og uppsetning sýningar í eldri álmu safnsins er í anda hefðbundinna byggðasafna.

Rauðasandshreppi eru gerð skil með sýningu á munum tengdum björgunarafrækinu við Látrabjarg, og heimildarmynd Óskars Gíslasonar um það er sýnd. Þá má sjá frábærar myndir af bæjum á Rauðasandi, málaðar á steina af Sigríði Guðbjartsdóttur á Láganúpi, dæmi um alþýðulist og merk heimild um hvernig bæirnir litu út um 1940 og fyrr. Hlutir úr eigu Gísla á Uppsölum vekja verðskuldaða athygli, ásamt kirkjumunum og gömlum jólakortum, svo fátt eitt sé nefnt.

Lækningum eru gerð góð skil í safninu og hafa gömul lækningatól vakið athygli lækna- stéttarinnar sem hefur reyndar notað mynd úr safninu á Hnjóti til að kynna sig og sína starfsemi.

Gömul símstöð frá Patreksfirði vekur



Úr Minjasafninu á Hnjóti.

óskipta athygli, sér í lagi yngstu kynslóðar safngesta sem alin er upp við GSM-síma og þekkir ekki skífusíma.

Kaffiterian býður upp á gómsætt meðlæti með kaffinu. Safnið er auk þess þátttakandi

í verkefnum „Veisla að vestan“ og selur fyrir vikið vörur sem eru framleiddar í heima- byggð.

Enginn sem er á ferð um Vestfirði í sumar ætti að láta hjá líða að skoða safnið á Hnjóti.

# Nýtt gistiheimili á Broddanesi

Nýtt gistiheimili hefur verið opnað á Broddanesi við mynna Kollafjarðar á Ströndum og starfar undir merkjum Farfugla á Íslandi. Gistiheimilið er í íbúð á efri hæð fyrrum Broddanesskóla sem hefur nú fengið nýtt hlutverk. Húsið hefur verið lagfært bæði að innan og utan svo hægt sé að taka á móti gestum.

Boðið er upp á gistingu í fimm tveggja manna herbergjum og einu eins manns herbergi. Tvö sameiginleg salerni eru í húsinu ásamt sturtu. Hægt er að fá gistingu í upp- búnu rúmi en einnig geta gestir komið með

eigin sængurfatnað eða gist í svefnpoka- pláss, allt eftir óskum hvers og eins. Gestir hafa aðgang að eldhúsi þar sem er góð aðstaða og öll nauðsynleg áhöld. Sameiginleg borðstofa og setustofa er þar sem hægt er að horfa á sjónvarp, kíkja í blöð og bækur eða bara njóta útsýnisins.

Náttúran á Broddanesi er mjög sérstök. Þar er fjölbreytt strandlengja, nes, vogar, eyjar, hólmar og sker. Dýralíf er að sama skapi einstakt. Við ströndina synda selir og á svæðinu eru miklir möguleikar á sjá hinar ýmsu tegundir fugla. Má þar nefna lunda,



Nýja gistiheimilið á Broddanesi – skólinn kominn með nýtt hlutverk.

æðarfugl, kriu og teistu og svo mætti áfram telja. Einnig er mikið fuglalíf á eyjum og skerjum við Broddanes og má því segja að staðurinn sé paradís fyrir þá sem vilja kynna sér fugla og virða þá fyrir sér.

Gistiheimilið á Broddanesi er opið frá 1.

maí til 15. september. Utan þess tíma er hægt að hafa samband við rekstraraðila. Fyrir nánari upplýsingar eða pantanir er hægt að hafa samband í síma 618 1830 eða á netfangið broddanes@broddanes.is.



## Hótel Bjarkalundur við Berufjarðarvatn í Reykhólasveit

Bjarkalundur er elsta sveitahótel landsins. Það hefur allt verið tekið í gegn á síðustu árum og öll aðstaða jafnt utanhúss sem innan hefur verið stórbætt. Aðeins 215 km frá Reykjavík og alla leið á bundnu slítlagi.

Á hótelinu eru 11 tveggja manna herbergi. Einnig svefnpoka- pláss fyrir þá sem þess óska. Núna er líka í boði gisting í nýjum sumarhúsum fyrir ofan hótelið, hvert um sig með eldhúsi, salerni og sturtu. Tjaldsvæði og vel búin staði fyrir tjaldvagna, hjólhýsi og húsbíla. Nýtt þjónustuhús með salernum og sturtum.

Úrvals kokkar, fjölbreyttur og spennandi matseðill. Vinveitingar.

Sjálfsalar fyrir bensín og diesel. Smávörverslun og sjoppa í anddyri.

Fjölbreyttar gönguleiðir við allra hæfi allt í kring. Hver sem gengið hefur á Vaðalfjöllin, gigtappann sérkennilega sem setur svip á héraðið, gleymir því aldrei.

Silungsveiði í Berufjarðarvatni rétt hjá hótelinu.

Þess má geta að þáttaröðin Dagvaktin, framhald Næturvaktarinnar vinsælu, gerist í Bjarkalundi.

Nánari upplýsingar á vefnum bjarkalundur.is  
Netfang bjarkalundur@bjarkalundur.is - Símar 434 7762 og 434 7863



Fólk og selir á Hvítanesi.

## Selaskoðun á Hvítanesi

Fjölmargir vegfarendur staldra við fyrir neðan túnið á Hvítanesi á leiðinni um Ísa- fjarðardjúpið til að virða fyrir sér selina og fuglana. Þarna heldur sig jafnan mikill fjöldi sela sem eru ótrúlega spakir.

Ábúendur á Hvítanesi settu í fyrra upp

lítið borð þar sem fólk gat borðað nesti sitt, ásamt sjónaukum til að fólk gæti virt selina betur fyrir sér.

Mikil ánægja var með þessa framkvæmd og stefnt er að því að bæta þessa aðstöðu frekar.



## Hótel Bjarkalundur

við Bernjarðarvain  
S 434 7762 • bjarkalundur@bjarkalundur.is  
www.bjarkalundur.com • www.bjarkalundur.is



Veitingar, verslun, bensinstöð, hótelliging, tjaldsvæði, veiði

## Gisting í Flatey

### Ferðapjónusta Flateyjar, Krákuvör

S 438 1451 • sjflatey@simnet.is

Græningarður, 8 manna sérhús.  
Skemman, 4ra manna séríbúð.  
Tjaldstæði með snyrtiaðstöðu.

## Gistihúsið Við Fjörðinn

### F&S hópferðabílar ehf

Aðalstræti 26, Þingeyri

Uppbúin rúm, svefnpokapláss, morgunverður, eldunaraðstaða, aðgengi fyrir fatlaða, séríbúðir



Jeppaferðir, hópferðir.  
Akstur að þínum þörfum!

S. 847 0285, 893 1058  
vidfjordinn@vidfjordinn.is - www.vidfjordinn.is

### Skilti fyrir sumarhús og gömul hús

9	HÖTSÓLEY	Guðmundur Karl - s. 554-2111 / 848-9993 stebekkal@hotmail.com	1788	0
1	ATLATUNGA	Sundstræti		5
2	FLUGUBORG 3	BRÉKKA		6
3	Sælugil 12	HEIÐARSEL		7
4	STÄÐUR	MELGERÐI		8

## Leigubílar Ísafirði

Sími: 456 3518

# TAXI

Sólarhringsvakt!

## Kaupfélag Steingrímsfjarðar

Hólmavík: Matvöruverslun og bensinstöð  
455 3100 - 455 3107  
Drangsnes: Matvörur og bensín  
451 3225  
Norðurfjörður: Matvörur og bensín  
451 4002

- Hagur heimabyggðar -

## Ferðapjónustan Hænuvík

við Patreksfjörð

S: 456-1574 / 698-7810 / 8488113  
haenuvik@mi.is

Gisting í sumarhúsum  
Mikið af fuglum  
sandfjara og sólarlag

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA  
SMURÞJÓNUSTA  
BREMSUÞJÓNUSTA  
PÚSTÞJÓNUSTA

LJÓSAÞILLING  
SMÁVIÐGERÐIR  
VARAHLUTAÞJÓNUSTA

# BÍLAVERIÐ ehf

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR

Sindregata 14, 400 Ísafjörður • Símar: 456 3501 / 894 9499  
Netfang: bilaverid@bilaverid.is / Vefvang: bilaverid.is

## Gistiheimilið Borgabraut 4, Hólmavík

Uppbúin rúm, svefnpokapláss, eldunaraðstaða.  
Opið allt árið.

www.borgabraut4

S. 451 3136 borgabraut@simnet.is

## Golfklúbbur Bolungarvíkur

býður kylfinga velkomna á Syðridalsvöll




S: 456 7072 - GSM: 899 9903 - www.golf.is/gbo

## Hjá okkur færðu meðal annars:

Leikföng, gjafavöru, íslenskt/erlent þrjónagarn, þrjóna, tölur, tvinna og margt fleira

### Við tökum vel á móti þér!



Hafnarstræti 6, Ísafirði, sími 456 3990

## BREIÐAVÍK

Ferðafólk!  
Velkomid vestur!



Breiðavík  
Símar: 4561575 - 8671575 - 865 4695  
Vefvang: breidavik.net  
Netfang: breidavik@patro.is



Umfar ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í leiðsögn og ferðaskipulagi um suðurhluta Vestfjarða.

Umfar býður upp á leiðsögn og ferðaskipulag fyrir hópa er ferðast á eigin vegum. Einnig eru í boði ferðir sem skipulagðar eru af fyrirtækinu og auglýstar sérstaklega. Fyrirtækið hefur á að skipa vönum leiðsögumönnum sem þekja náttúrufer, menningu og sögu héraðsins vel og eru þaukunnugir öllum aðstæðum.

Umfar ehf. - Aðalstræti 85 - 450 Patreksfjörður  
Sími 892 9227 - umfar@umfar.is Umfar.is

## Þverárvirkjun við Hólmavík

Hægt er að fá að skoða virkjunina skv. samkomulagi. Læveðið er í Víðidalssé og silungsveðið í Þjórlíksvallavatni.

Fagurt umhverfi. S. 450 3280 - www.ov.is



Orkubú Vestfjarða ohf.  
s. 450 3280

## Litlibær í Skötufirði

Opið alla daga frá 10:00 til 17:00

Kaffi og heimager meðlæti

Margskonar handverk  
S: 456 4809 / 894 4809



## Veitingastofan Vegamót

Tjarnarbraut 2  
Bíldudal


Grillmat, heimilismat, kaffiveitingar, léttvinsleyfi, Bensín og oliuvörur

S. 456 2232, 868 3915 - vegamot@live.com  
www.vegamot.123.is



## Heydalur

456 48 24 - heydalur@heydalur.is  
www.heydalur.is



## 25 ára Hótel Djúpavík

býður ykkur velkomin.

Gisting, veitingar, gönguleiðir, bátaleiga og kajakleiga. Munið sögusýningu Djúpavíkur

Sími 451 4037 • Fax 451 4035  
Vefsíða: djupavik.is  
netfang: djupavik@snerpa.is



# Galdrasýning á Ströndum

Fróðlegar og skemmtilegar sýningar um galdramál 17. aldar

The Sorcerer's Cottage



Kotbýli kuklarans í Bjarnarfirði

The Museum of Witchcraft



Galdrasafnið á Hólmavík

Kaffi Galdur - Café



Kaffi Galdur - kaffihús á Hólmavík  
[www.galdrasyning.is/kaffigaldur](http://www.galdrasyning.is/kaffigaldur)

Opið alla daga / Open every day

## ICELANDIC Sorcery & Witchcraft

Fascinating and unusual museums  
in Hólmavík and Bjarnarfjörður

Sími 451 3525 - [galdrasyning@holmavik.is](mailto:galdrasyning@holmavik.is) - [www.galdrasyning.is](http://www.galdrasyning.is)